Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótavirðingar

Lýsingabók Nr. 17 Sóleyjargata - Suðurlandsbraut/Selás

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

LÝSINGABÓK NR. 17 SÓLEYJARGATA - SUÐURL:BR:/SELÁS

24292

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4378

Gata og númer: Selás ~~Suðurlandsbraut,~~ Elliðabrekka. (v/Elliðavatn)

Möt framkvæmd: (16/10/1943.) 18/9/1946	Metið kr.
Íbúðarhús, úr timbri, klætt utan borðum og pappa á veggjum og þaki. Steinsteypukjallari er undir húsinu. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, 5 skápar og anddyri. Allt þiljað og málað innan.	
Stærð: L. 5.4 m. br. 4.0 m. h. 2.4 m. skápak.	
Kj.st: L. 6.0 m. br. 4.5 m. h. 1.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	5.400.-
Húsið er í aðalatriðum óbreytt frá síðasta mati 16/10/1943. Þó hefir verið sett asbest á þak þess og kjallarinn skilrúmaður innan og endurbætt hvað viðhald snertir.	
Stærð: L. 5.4 m. br. 4.0 m. h. 2.4 m. skápak.	
Kjst: L. 6.0 m. br. 4.5 m. h. 1.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	18.900.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 5672

Gata og númer: Hjá Elliðavatni Elliðavatnsland.

Mót framkvæmd: 5/7/1951.	Metið kr.
Nýlegt spennistöðvarhús, 1 hæð og ris, byggt úr timbri, klæddu utan á battingsstoðir, fóðrað að hálfu innan með sléttu járni á timburgrind, pappaklætt utan á veggjum og þaki. Ekkert gólf er í risi.	
Stærð hússins: L 4.5 m. br. 3.0 m. h. 2.5 m. ris 0.95 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á	9.200.00

H. 4-8-50-1000

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4392

Gata og númer: Ellidavatnsland ~~Hólmsland~~, Flúðir.

Mót framkvæmd: 16/10/1943.	Metið kr.
Sumarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, vírneti og múrhúð á veggjum og með járnþaki á pappa og borðasúð. Hlaðinn steingrunnur er undir húsinu, holufylltur. Að innan er húsið allt þiljað innan með panel og olíuborið. Í því eru 2 íbúðarherbergi, 2 eldhús og 2 anddyri.	
Inngöngu- og geymsluskúr er við húsið, byggður eins og það. Hann er hólfaður í tvennt.	
Stærð: L. 8.1 m. br. 4.2 m. h. 2.5 m. ris 0.6 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	15.800.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 6190

Gata og númer: ELLIÐAVATNSLAND / HEIÐMÖRK

Möt framkvæmd:(15/3 1954.) 15/12/1957.30/9/1963.	Metið kr.
Nýtt félagsheimili, 1 hæð og ris, byggt úr timbri á steinsteyptan grunn. timburklætt utan og innan og með þaki úr timbri og pappa. Þar eru 2 stofur ómálaðar og tvöföld timburgólf ódúklögð.	
Stærð hússins : L. 9.3 m. Br. 6.3 m. H. 2.8 m. ris 1.5 m. = 210.92 m^3	
Húsið, með tilheyrandi er metið á . . . . . kr.	97.000.oo
Virt 15/12/1957.	
Frá síðasta mati 15/3/1954 eru stærðir hússins óbreyttar, en óskað er eftir endurmati vegna verðhækkunar.	
Stærð hússins: L. 9.3 m., Br. 6.3 m., H. 2.8 m., Ris 1.5 m. = 210.92 m^3.	
Húsið með tilheyrandi er metið á ..... Kr.	168.700.-
Virt 30/9/1963.	
Ýmsar endurbætur hafa verið gerða frá síðasta mati 15/12/1957.	
Innréttað hefur verið í svefnherbergi 4 mojur og 2 skápar. Eldhúsborð með 2 vöskum, og skúffum Einangrun í þaki og með panel klæðningu. Endurbætu í sambandi við kamínu og kynditæki.	
Stærð hússins: L. 9.3., br. 6.3., h. 2.8., ris 1.5. = 210.92 m^3	
Húsið, með tilheyrandi, er metið á ..... kr.	317.000.-

H. 4-'56-600

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4370

Gata og númer: Holmsland ~~Suðurlandsbraut~~ (Jaðar v/Elliðavatn.)

Mót framkvæmd: (16/10/1943.)20/11/1945. 10/8/1948.	Metið kr.
a. Samkomu- og íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan plægðum lágréttum borðum á veggjum og með járnþaki á pappa og borðasúð. Steingrunnur er undir húsinu og allt er það og útskot þess þiljað innan og olíuborið. Gólfborð eru á þakbitalögum. Gólf aðalhæðar er úr timbri. Í húsinu er stór samkomusalur og svefnherbergi m/föstum timburrúmstæðum í rishæð þar yfir. Enn fremur er íbúðarherbergi, stórt eldhús, geymsluherbergi og forstofa í byggingum þessum. Allt með snyrtilegum frágangi.	
Stærð hússins: L. 6.4 m. br. 4.5 m. h. 2.6 m. ris 1.4 m.	
" útskots: L. 6.4 m. br. 2.7 m. h. 2.4 m. skáþak.	
" do: L. 3.2 m. br. 2.6 m. h. 2.3 m. ris 1.0 m.	
Húsið, ásamt 2 útskotum og tilheyrandi, er virt á..... 24.700	24.700.-
b. Geymsluskúr, byggður úr steinsteypu með járnþaki á borðasúð. Þar eru geymslur og salerni.	
Stærð: L. 5.2 m. br. 3.9 m. h. 2.1 m. skáþak.	
Skúrinn er virtur á..... 2.100	2.100.-
26.800 Samtals	26.800.-
a. Eldri húsin eru óbreytt frá síðasta mati 16/10 1943.	
Stærð íbúðarhúss: L. 6.4 m. br. 4.5 m. h. 2.6 m. ris 1.4 m.	
" útskots: L. 6.4 m. br. 2.7 m. h. 2.4 m. skáþak.	
" do: L. 3.2 m. br. 2.6 m. h. 2.3 m. ris 1.0 m.	
Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á..... 31.800	31.800.-
Geymsluhús óbreytt frá síðasta mati: L. 5.2 m. br. 3.9 m. h. 2.1 m. skáþak.	
b. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 3.300.-	3.300.-
c. Stórhýsi, sem er byrjun á væntanlegri stórbyggingu, hefir verið byggt á lóðinni, úr steinsteypu með þaki úr borðum, pappa og asbesti. Stigar og 2 loft eru úr járnbentri steinsteypu, en skilrúm eru úr venjulegri steinsteypu. Öll eru herbergin múrhúðuð og máluð og dúkar á gólfum. Í neðri hæðinni er gangur eftir endilöngu húsinu og 2 stór herbergi, hvort við sinn enda hans, auk þess 10 smærri herbergi til hliða; þar eru og 2 snyrtiherbergi m/4 v.s., skálum og þvottaskálum, anddyri og stigagangur. Uppi er sama herbergjaskipun og frágangur þeirra hinn sami, nema þar eru 3 v.s.-skálar og 3 þvottaskálar. Miðstöðvarhitun er í húsinu. Í risi er geymsla. Húsið er skelhúðað utan.	
Stærð: L. 26.7 m. br. 7.3 m. h. 5.5 m. ris 2.3 m.	
35.100 Flyt	35.100.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4370

Gata og númer: Elliðavatn, Jaðar.

Mót framkvæmd:	Metið kr.
Flutt	35.100.-
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 391.500	391.500.-
d. Á sömu lóð er miðstöðvarkjallari, úr járnbentri steinsteypu, veggir, gólf og þak. Þar er stór miðstöðvarketill og steyptur undirgangur frá honum að aðalhúsinu fyrir leiðslur.	
Stærð: L. 6.0 m. br. 3.2 m. h. 2.4 m.	
Kjallarinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á..... 10.300	10.300.-
e. Brunndæluhús er á sömu lóð að mestu leyti grafið í jörð. Þar er úr steinsteypu, klætt innan með timbri og trétexi, en hlaðið torfi að utan.	
Stærð: L. 2.5 m. br. 2.5 m. h. 2.0 m.	
Dæluhúsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 1.200.-	1.200.-
438.100.- Samtals	438.100.-

f. Virt 10/8/1948.

Viðbygging, 1 hæð og ris, byggð úr steinsteypu á 3 vegu, en úr múrhúðuðu timbri á eina hlið, framhlið, múrhúðað utan, vikurklædd innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni er veitingasalur, anddyri, fatageymsla, snyrtiherbergi m/5 v.s., kalt eldhús, framreiðslusalur og uppþvottaherbergi, útidyr, dyr inn í eldra húsið; eikargólf er yfir steingólfinu, allt strigalagt, veggfóðrað, málað og dúklagt. Þiljað er neðan á bita. Þakhæðin er ó ónothæf. Auk hinnar nýju viðbyggingar hefir verið byggt yfir kjallarann, stafl d, úr steinsteypu og er þar búr, eldhús, þvottahús og gangur með járnþaki yfir.

Stærð hússins: L 12.0 m. br. 18.3 m. h. 3.5 m. ris 2.1 m.

" viðbygg: L 6.0 m. br. 9.0 m. h. 2.8 m. ris 1.2 m.

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á..... Saml. 345000 kr. 345.900.00

H. 4. 6500964

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2873

Gata og númer: Suðurlandsbraut við rafstöðina hjá Elliðaám.

Mót framkvæmd: 28/1/1947.	Metið kr.
Íbúðarhús, 1 hæð og ris, byggt úr timbri á steinsteyptan kjallara með steinsteyptu lofti yfir. Þak úr borðum, pappa og bárujárni. Utan á bindingi er pappi á listum og borðklæðning og bárujárn þar yfir. Innan á útveggi er klætt pappa og trétexi og ýmist veggfóðrað eða málað. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél, búr, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, stigagangur og gangur. Í risi eru 3 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél, v.s. og gangur, allt með sama frágangi og áður getur. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri og gangur, allt múrhúðað og málað. Þar er ennfremur miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi og geymslur. Stærð: L 12.0 m, br. 8.0 m, h. 2.9 m, ris 3.2 m, kj. 2.6 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á.....	183.900.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 6493

Gata og númer: SUÐURLANDSBRAUT hjá Rafstöðinni

Mót framkvæmd: 10/2 1956.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, óhúðað utan, klætt innan korki á hæð, en vikri í kjallara og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. - Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri, v.s. og handlaug, anddyri, innri forstofa, mahognyhurðir, annars allt málað og allt dúklagt. Stigi er úr eldhúsi niður í kjallara. Innb. skápar 4. - Ekkert í risi. - Í kjallara er þvottahús, olíumiðstöðvarklefi og 4 geymslur.	
Stærð hússins : L. 11.4 m. Br. 6.7 m. H. 2.7 m. ris 1.9 m. kj. 2.4 m. =465.91 m^3	
" útskots : L. 3.9 m. Br. 1.8 m. H. 2.7 m. ris 0.8 m. kj. 2.4 m. = 38.61 m^3	
504.52 m^3	
Húsið, með útskoti og tilheyrandi, er metið á . . . . . kr.	327.900.oo

H.4 10-'51-1000

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 3479

Gata og númer: Suðurlandsbraut.

Mót framkvæmd: 21/4/1937 .	Metið kr.
Straumskiptistöð, tvílyft, með risi og kjallara undir nokkrum hluta hússins. Það er byggt úr steinsteypu, bæði út- og innveggir, bak er úr borðasúð á trésperrum og með tveim pappalögum þar yfir. I neðri hæðinni er vinnustofa, varðastofa, 4 herbergi, 5 gangar, stigagangur og anddyri. I efri hæðinni eru 4 herbergi, 2 gangar o.fl. I húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, sem og einnig loft yfir kjallara. Gólf aðalhæðarinnar og kjallarans eru úr venjulegri steinsteypu. Húsið er allt múrhúðað utan og innan. Stigar eru úr steinsteypu og við anddyri eru steinsteyputröppur.	
Stærð aðalhússins: L. 18.3 m. br. 7.3 m. h. 8.8 m. ris 1.0 m.	
" viðbyggingar: L. 11.2 m. br. 6.4 m. h. 8.8 m. ris 1.0 m.	
" do: L. 7.3 m. br. 5.7 m. h. 8.8 m. ris 1.0 m.	
" turnbyggingar: L. 6.3 m. br. 6.4 m. h. 10.3 m. ris 1.0 m.	
" kjallara: L. 12.5 m. br, 4.6 m. h. 2.0 m.	
Húsið, ásamt 2 viðbyggingu, turnbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	73.075.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 5151

Gata og númer: S u ð u r l a n d s b r a u t, Toppstöðin hjá Elliðaám.

Möt framkvæmd: 28/9/1948. 22/4/1967	Metið kr.
Vararafmagnsstöð, 1 - 3 hæðir með flötu þaki. Húsið er stálgrindahús á steyptum undirstöðum. Grindin er fest saman með hnoðnöglum og klædd með 4 cm þykkum plötum úr 3 cm, trétexi með 5 mm asbesthúð hvoru megin. Þær eru festar á járnið með boltum og þéttar á samskeytum með blikkplötum. Þakið er gert úr bárujárnsplötum. Ofan á þær eru lögð 4 lög af centimeters þykkum trétexplötum og eru þær boltaðar niður í járnið. Ofan á plöturnar er síðan límt með tjöru fjórfalt pappalag. Spennistöð er í faginu 6 - 7. Milli spennistöðvar og kolageymslu er steyptur veggur frá gólfi upp á þak. Veggur á línu 6 á neðsta gólfi er hlaðinn úr 8" holsteini og húðaður upp undir gólf í kóta 20. I línunni H I. frá 3 - 6 er hlaðinn veggur upp að gólfi í kóta 20 og er þetta pláss notað fyrir verkstæði. Önnur skilrúm eru ekki á neðstu hæð hússins. Útveggir eru steyptir rúman meter upp fyrir neðsta gólf, nema austurveggur, hann er steyptur 3.0 m. upp fyrir gólf vegna þess hve vegurinn er hærri en gólfið. Fyrir ofan steypuna tekur svo cemestoklæðning við. I kóta 20 er steypt gólf milli járnbitalaga, nema í þeim hluta ketilhússins, sem ætlaður er fyrir nýjan ketil, þar er ekkert gólf í þessari hæð. Á gólfi í kóta 20 eru þiljuð af skrifstofuherbergi, salerni og gangur meðfram austurvegg túrbínuhússins og meðfram suðurvegg er salur fyrir mæliborðin. Við vesturvegg eru þiljaðir 2 steypibaðklefar, salerni og geymsla. Þessi skilrúm eru yfirleitt úr málmi og gleri. Eru járnþiljur frá gólfi og upp í 1.10 m. hæð, en síðan rúðugler upp að lofti. Skilrúm um salerni, hreinlætisklefa og geymslu eru þó hlaðin úr holsteini og múrhúðað. I skrifstofuherbergjum eru línóleum-dúkar á gólfum, en annarsstaðar terrasso. Húsið er hitað upp með hitaveituvatni. Stærð hússins: L 28.7 m. br. 28.1 m. h. 10.5 m. " " L 21.6 m. br. 4.8 m. h. 10.5 m. " " L 21.6 m. br. 11.5 m. h. 15.1 m. " " L 31.4 m. br. 22.2 m. h. 19.3 m. " " L 31.4 m. br. 8.0 m. h. 6.10m. Húsin öll, ásamt tilheyrandi, eru sameiginlega virt á krónur.....	5.000.000.-

Virt: 22/4/1967.

Gufuaflstöð við Elliðaár, stálgrindarhús á steinsteyptum grunni, einangrað með gosull, plasti og ~~XXXXX~~ texi klættutan með asbest þakið bárujárnsklætt. Upphitun er hitaveita og rafmagnshitun. 1. hæð hlaðin úr vikursteini, 2. hæð er aðallega úr járni og gleri eða hlaðin úr vikursteini. Frávik: Vesturveggur, kaffistofa og verkstæði í nýbyggingu og austurveggur ketiltöflusalar eru úr timbri og gleri. 3. hæð er engin innrétting.

frh.

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 5151

Gata og númer: Suðurlandsbraut Toppstöð v/Elliðaár.

Mót framkvæmd: 22/4/1967 (frh.)			Metið kr.
22/4/1967. frh.			
Stærð hússins:			
Kolahús:	L. 27.75 m., br. 24.70 m., h. 10.07 m.,	= 6.900.00 m^3	10.764.000.-
Síuhús	L. 31.10 m., br. 8.23 m., h. 5.79 m.,	= 1.480.00 m^3	2.694.000.-
Ketilhús	L. 31.10 m., br. 21.35 m., h. 19.20 m.,	=12.750.00 m^3	24.034.000.-
Túrbínuhús	L. 43.60 m., br. 11.88 m., h. 14.78 m.,	= 7.650.00 m^3	14.420.000.-
Skrifst.	L. 37.50 m., br. 5.18 m., h. 10.07 m.,	= 1.950.00 m^3	4.690.000.-
Stjórntöflu-hús:	L. 22.55 m., br. 6.70 m., h. 10.07 m.	= 1.520.00 m^3	3.458.000.-
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á		kr.	60.060.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8555

Gata og númer: Suðurlandsbraut, Elliðav.

Möt framkvæmd: 22/9/66	Metið kr.
Nýr sumarbústaður. Byggður úr timbri. Einangraður með plasti. Vatnsklæðning. Þakið er timbur, pappi og bárujárn.	
1. hæð: Þar er 1 anddyri, 2 íbúðarherbergi, 1 eldhús. Veggir málaðir, timburgólf.	
Stærð hússins:	
L 7,8m., Br. 4,8m., H. 2,5m. = 94 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	207.000,oo

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8030.

Gata og númer: Suðurlandsbraut, Elliðavatn, Helluvík, Gunnlaugur Þórðarson.

Möt framkvæmd: 30/12/1961.	Metið kr.
Nýr sumarbústaður, 1 hæð með skáþaki, byggður úr timbri á steinsteyptum sökkli, einangraður með plasti, vatnsklæðning að utan og á þaki er ígopal-pappi. Upphitun er með rafmagni.	
Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, gangur, v. s. og handlaug, steypa. Allt málað, timburgólf lakkað, Tvöfalt gler er í gluggum.	
Stærð:	
L. 6.9o. m., br. 7.52 m., h. 2.8 m., skáþak. = 145.3o m^3.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	160.000.-

Virt 24/11 1980.	
Frá síðasta mati hafa farið fram ýmsar endurbætur á húsinu og óskast matið hækkað til samræmis við það.	
Stærðir eru - 155 m^3.	
Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á..... kr.	10.075.000

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8554

Gata og númer: Sumarbústaður v/ Elliðavatn (Norðlingabraut)

Mót framkvæmd: 22/9/66	Metið kr.
Nýr sumarbústaður. Byggður úr steinsteypu. Einangraður úr plasti. Múrhúðaður utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Kjallari. Olíukynding.	
1. hæð: Þar eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og baðherbergi.	
Kjallari: 2 herbergi, sem eru notuð sem geymslur.	
Stærð hússins:	
L 10,8m., Br. 7,2m., H 3,3m. = 359 m^3	
L 10,8m., Br. 4,3m., Kj. 2,2m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	718.000.oo

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8972

Gata og númer: Elliðaár, Suðurlandsbraut

Möt framkvæmd: 2/12/66	Metið kr.
Ný klak- og eldisstöð. Steinsteyptur grunnur, annars byggt úr timbri. Vatnsklæðning utan. Hitaveita(ekki hitakerfi).	
1. hæð: 9 eldisþrær, 1 klakhús, 1 fóðurgeymsla, 1 V.S. m/handlaug, 1 skrifstofa, gangur. Allt málað. Innréttingar eru úr timbri. Einfalt gler í gluggum.	
Stærð hússins:	
L 22,70m., Br. 10,00m., H. 2,65m., Ris 1,5m = 783 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	1.549.000.oo

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 1994

Gata og númer: Suðurlandsbraut.

Mót framkvæmd: 21/12/1933.	Metið kr.
a. Rafmagnsstöð, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Gólf hússins, loft í austurenda þess og allir skilveggir eru úr steinsteypu, aðeins 2 stuttir skilveggjabútar eru úr bindingi, með tvöföldum biljum og kalksléttaðir á vír beggja megin. Gólf undir húsinu er úr steinsteypu 1 m. á þykkt og stór vatnsþró, rammger, úr sama efni er undir gólfinu. Meira en helmingur aðalhæðar hússins er 1 stór salur frá gólfi til mænis fyrir túrbínur og aðrar rafmagnsvélar. Allir veggir hans eru lagðir postulínsflísum í 1.5 m. h. Að öðru leyti er salurinn múrsléttaður og hvíttaður. Leirtíglaflögur eru á öllu gólfi hússins. Í austurenda hússins á neðri hæð er stórt herbergi með 16 háspennuklefum, vinnuherbergi, 2 fastir skápar og anddyri. Veggir eru þar allir hvítmálaðir, en loft kalksléttuð og hvíttuð. I baklyfti austurendans er varðstofa og háspennuherbergi, með 16 tilheyrandi klefum. Allt múrsléttað og ymist hvítmálað eða kalkdregið. Í efri rishæð er sama tala háspennuklefa og í næstu hæð fyrir neðan. Þaðan liggja aðalleiðslur til bæjarins.	
Stærð: L. 25.8 m. br. 10.8 m. h. 6.0 m. ris 4.0 m.	
Húsið er virt á.....	59.202.-
b. Viðbygging er við vesturgafl litra a, úr járnbentri steinsteypu, með þaki úr tvöfaldri borðasúð á gildum trjá-langböndum og járni þar yfir. Lægri rissperrur eru frá útveggjabrún, sem bornar eru uppi af járni og tréburðarslám, sem að ofan eru boltaðar í gegnum sperrur og langbönd aðalrissins. Þiljað er neðan á þessar lægri sperrur. Veggir viðbyggingarinnar eru flísalagðir í 1.5 m. h. Að öðru leyti er hún múrsléttuð innan og máluð. Gólf undir viðbyggingunni er úr 3 m. þykkri steinsteypu og undir því er rammger vatnsframrás, úr járnbentri steinsteypu. Viðbyggingin er múrsléttuð og hvíttuð utan.	
Stærð: L. 6.9 m. br. 13.5 m. h. 6.0 m. ris 4.0 m.	
Viðbyggingin er virt ásamt tilheyrandi á.....	17.612.-
Samtals	76.814.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2712

Gata og númer: Suðurlandsbraut.

Mót framkvæmd: 21/5/1930.	Metið kr.
Íbúðarhús, einlyft, með porti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með baki úr borðasúð, pappa og eternitplötum þar yfir. Í húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Í aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 v.s., 2 anddyri og 2 gangar. Innan á útveggjum eru heraklithplötur og múrsléttað á þær, allt veggfóðrað eða málað. Í baklyfti eru 6 íbúðarherbergi, 2 baðherbergi og 2 gangar, allt með sama frágangi eins og er í aðalhæðinni, að öðru leyti en því, að biljað er innan á baksperrur og neðan á skammbita og það allt strigalagt, veggfóðrað og málað. Í kjallaranum eru 2 þvottahús, 2 geymsluherbergi, 2 miðstöðvarherbergi, 2 vinnustofur, 2 kolaklefar og 2 gangar. Allt sementsstrokið. Tvennar steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim 2 inngangar í kjallarann . Stigar eru sumur úr timbri, aðrir úr steinsteypu. Húsið er allt sementssléttað utan.	
Stærð: L. 11.3 m. br. 9.2 m. h. 3.7 m. ris 5.6 m. kjh. 2.2 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	47.430'

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 1995

Gata og númer: Suðurlandsbraut.

Mót framkvæmd: 21/12/1933.	Metið kr.
Íbúðarhús, úr steinsteypu, með tvöföldum útveggjum og er bilið milli beirra fyllt og fast stoppað með burri mómylsnu, Allt kalksléttað utan og innan. Þak er úr borðasúð, pappa og bárujárni þar yfir. I aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr, fastur skápur, v.s. og gangur. Þiljað er neðan á loftbita og kalksléttað í vírnet. Allir skilveggir eru úr steinsteypu, kalksléttað. Veggir eru fóðraðir með rósapappír, en loft, dyra- og glugga-umbúningur málað. Steinsteypugólf er í þessari hæð hússins, með timburgólfi þar yfir. I baklyfti eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr, fastur fataskápur, v.s. og gangur. Þar er frágangur eins og í aðalhæð hússins, nema að hér er timburgólf og milligólf í bitalögum með pappa og sagspónastoppi á milli gólf-anna. Á skammbitum eru gólfborð. Þar uppi er geymsla og burrkloft. Kjallari er undir öllu húsinu, með gólfi og skilveggjum úr steinsteypu. Þar eru 5 geymsluherbergib þvottaherbergi, baðherbergi og gangur. Allt kalksléttað og hvíttað.	
Stærð: L. 13.5 m. br. 9.5 m. h. 3.3 m. ris 4.8 m. kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	34.635.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 7887.

Gata og númer: SUÐURLANDSBRAUT, Elliðaár, veiðimannahús.

Möt framkvæmd: 10/8/1961.	Metið kr.
Nýtt varðmanns- og veiðimannahús, 1 hæð, byggt úr timbri á steinsteyptum grunni, einangrað með wellit, furuklæðning að utan og með þaki úr timbri, pappa og eir. Rafmagnsupphitun.	
Á hæðinni er anddyri, forstofa, 1 stoa, eldhús, 1 varðmannsherbergi, 2 v.s. m/handlaugum, 1 geymsla með kæliklefa. Allir gluggar eru úr harðviði með einföldu gleri í. Allir útveggir eru klæddir furu, nema í eldhúsi og snyrtiherbergi þar eru veggir klæddir með mósaik. Öll loft eru klædd furu, nema í snyrtiherbergi þar er mósaik. Gólf í stofu og varðmannsherbergi eru með furu, annarsstaðar eru steintausflísar, nema mósaik er í baði. Í stofu er opið eldstæði með hellulögn í kring.	
Stærð hússins:	
L. 10.3 m., br. 5.75 m., h. 2.9 m., ris 1.o m.	
" 5.1 " " 1.5o " " 2.8 " skáþak. = 222.8 m^3.	
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr.	289.600.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 5343

Gata og númer: Suðurlandsbraut

Möt framkvæmd: 20/8/1949	Metið kr.
Íbúðarhús og jarðhús öll ný.	
A. Íbúðarhúsið er 2 hæðir og ris, byggt úr steinsteypu, húðað utan, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og járni. Á neðri hæð er vélasalur, afgreiðsluherbergi, olíumiðstöð o. fl. Á efri hæð eru 5 íbúðarherbergi eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., forstofa, skápur í svefnherbergi, allt málað og dúklagt. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla.	
Stærð hússins: L 11.5 m. br. 9.0 m. h. 5.6 m. ris 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	225.400.-
B. Jarðhús 7 að tölu öll jafnstór, byggð úr stálbindingi á steinsteyptan grunn og steypt í binding, húðuð utan, fóðruð innan með glerull og með stálbentu bogaþaki með 1.5 m. torflagi yfir. Undir bogaþakinu er einfalt timburloft, sem situr á járnbogum. Garðávextageymsla er bæði uppi og niðri. Þar eru 3 kerfi frystivéla og loftræstikerfi með c. 1 km. löngum leiðslum, virt af Hæstarétti á krónur 410.000.- , auk þess sjálfvirkur útbúnaður við kæli- og loftræstikerfið, virt á Kr. 25.000.-.	
Stærð hversjarðhúss: L 6.4 m. br. 31.3 m. mh. 4.0 m.	
Jarðhúsin 7, ásamt öllum vélum og útbúnaði, eru sameiginlega virt á.....	1.850.900.-
Samtals krónur	2.076.300.- v

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 3247

Gata og númer: Suðurlandsbraut, Ártúnsbrekka.

Mót framkvæmd 1/7/1941 20/1/1948	Metið kr.
Íbúðarhús, einlyft, með lágu risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Kjallari er undir öllu húsinu, úr steinsteypu , bæði útveggir, skilveggir, loft og gólf. Hann er múrsléttaður utan og innan. Í útveggjabinding er pappalag, listar og þiljur þar innan á. Skilveggir eru úr binding, með tvöföldum þiljum. Allar þiljur eru lagðar vírneti, múrsléttað og ýmist veggfóðrað eða málað. Í aðalhæðinni eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi, v.s., anddyri og 3 gangar.	
Í kjallaranum er þvottahús, miðstöðvarherbergi, kolaklefi, þurrkstofa, 3 geymsluherbergi og gangur.	
Stærð: L. 14.0 m. br. 8.4 m. h. 2.7 m. ris 1.2 m.	
Kj.st: L. 14.0 m. br. 5.2 m. h. 2.1 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	34.390.-
20/1/1948.	
Húsið er breytt frá síðasta mati 1 júlí 1941. Ris hússins hefir verið hækkað úr sama efni og gerðir 4 bogakvistir á það, allt húsið járnklætt og múrhúðað innan, gert 1 stórt herbergi úr 2 litlum á hæðinni og stúlkuherbergi breytt í stigagang upp á loftið. Á þakhæðinni innréttuð 3 herbergi, snyrtiherbergi m/v.s. og handlaug, gangur og 8 fastir skápar.	
Íbúðarhús : L 14.0 m., br. 8.0 m., h. 2.7 m., ris 3.3 m.	
Útskot : L 4.0 m., br. 1.5 m., h. 2.7 m., ris 1.0 m.	
Kjallari : L 14.0 m., br. 5.2 m., h. 2.1 m.	
Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....	219.200.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 1352

Gata og númer: Suðurlandsbraut, Ártúnsbrekka 2

Möt framkvæmd: 1.nóv. 1972	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 1 hæð, er byggt úr timbri, einangrað með glerull. Þakið er bárujárn. Hitaveita.	
1.hæð: Þar er anddyri, forstofa, 3 íbúðarherbergi, eldhús. 1 baðherbergi með kerlaug, V.S., handlaug. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir og viðarklæddir. Gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Kork á gólfum. Auk þess er 1 geymsla og þvottahús.	
Stærð hússins:	
L 13,25 m., Br. 7,70 m., H. 2,70 m., Ris 1,30 m. = 3.370 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	1.685.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 1450

Gata og númer: Suðurlandsbraut, Sólvangur.

Möt framkvæmd: 2. nóv. 1972	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 1 hæð og kjallari, er byggt úr steinsteypu, einangrað með kork og plasti. Slétthúðað og málað utan. Steypt plata og bárujárnsþak. Hitaveita.	
Aths.: Bílskúr og kynding ekki samþykkt, því ekki í tryggingu.	
1.hæð: Þar er 1 anddyri, 2 forstofur, skáli, 3 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók. 1 baðherbergi með kerlaug, 2 V.S., 2 handlaugar. Svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld. Harðviðar hurðir. Gólf dúklögð.	
Kjallari: Þar er forstofa, 4 íbúðarherbergi, eldhús, 1 baðherbergi steypa, 2 V.S., 2 handlaugar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð. 1 þvottahús og 2 geymslur.	
Stærð hússins:	
L 18,10 m., Br. 7,42 m., H. 2,7 m., Ris 1,60 m. Kj. 2,6 m.=820m^3	
Húsið, ásam t tilheyrandi, er virt á .....kr.	4.018.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2656

Gata og númer: Suðurlandsbraut, ~~Hvammur~~. Ártúnsmúli

Mót framkvæmd(21/6/1936.) (28/12/1948) 6/2/1952.	Metið kr.
a. Íbúðarskúr, úr binding, klæddur utan borðum á veggjum og með þaki úr borðasúð, pappa og járni. I honum eru 2 íbúðarherbergi, biljuð innan með panel, strigalögð, veggfóðruð eða máluð.	
Stærð: L. 8.4 m. br. 2.8 m. h. 2.3 m. skáþak.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	2.800.-
b. Íbúðarskúr hefur verið byggður við aðalskúrinn að efni og frágangi eins og hann.	
Stærð: L. 3.2 m. br. 2.4 m. h. 2.3 m. skáþak.	
Skúrinn er virtur á.....	450.-
c. Inngönguskúr er byggður eins og aðalskúrinn, bæði að efni til og frágangi ytri, sem innri. Þar er anddyri og eldhús.	
Stærð: L. 4.1 m. br. 1.4 m. h. 2.1 m. skáþak.	
Skúrinn er virtur á.....	300.-
Samtals	3.550.-

Virt 28/12/1948.

Húsið hefir frá síðasta mati 21. júní 1936 verið hækkað og stækkað úr sama efni, timbri, á stólpagrunni, járnklætt utan og fóðrað innan, allt húsið með panel, masonit og krossviði og með þaki úr timbri og pappa og á að verða með járni. Á aðalhæð eru nú 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri, innri forstofa og 3 fastir skápar, allt málað og dúklagt. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla. Kjallarahola er fyrir kolamiðstöð.

Íbúðarhús: L 8.4 m. br. 2.8 m. h. 2.3 m. ris 1.8 m.

Viðbygging: L 3.2 m. br. 2.4 m. h. 2.3 m. skáþak.

Inngöngu- og eldhússskúr: L 4.1 m. br. 1.4 m. h. 2.1 m. skáþak.

Húsið, ásamt viðbyggingu , inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....krónur 27.300.-

Virt 6/2/1952.

Húsið er óbreytt frá síðasta mati 28. desember 1948 að öðru leyti en því, að baðkeri hefir verið komið fyrir á hæðinni m/v.s. og húsið var ekki rétt mælt þá.

Íbúðarhús:	L 8.4	br. 5.2	h. 2.6	ris 1.3	=	144.14 m^3
Vb. :	L 5.7	br. 2.0	h. 2.6	ris 1.3	=	37.62 m^3
Inng.skúr:	L 2.5	br. 1.7	h. 2.6	ris 1.3	=	14.03 m^3
						195.79 m^3

Húsið, ásamt viðbyggingu, inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á..... 68.500.00

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. .....

Gata og númer: .....

Mót framkvæmd:	Metið kr.
Virt: 15/11 1979.	
Frá síðasta mati hefur verið byggt við húsið.	
Eldri hluti hússins er óbreyttur. Ný stofa hefur verið byggð við	
húsið og einnig stækkun á eldhúsi. Þak hefur verið endurnýjað	
og timburklæðning að utan. Timbur gólf.	
Stærð hússins:	
L. 13.68 m., Br. 7.22 m., H. 2.80 m., Ris. 4.00 m. = 474 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrnadi, er virt á.....kr.	23.700.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2659

Gata og númer: Suðurlandsbraut, Ártún.

Mót framkvæmd: (1/10/1941.) 18/3/1947.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með pappa, borðum og listum á veggjum og þaki. I aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi og gangur. I útveggjabinding er pappi og sagspónastopp á milli biljanna. Öll er hæðin biljuð innan og neðan á loftbita með panelborðum og 1 herbergið er strigalagt og veggfóðrað, en öll hæðin er máluð innan. Á bakbitum eru gólfborðu. Þar uppi er burrkloft og geymsla. Milligólf er í báðum bitalögum og pappi og sagspónastoð á milli gólfanna. Í kjallaranum er eldhús, búr, herbergi og geymsla. Alltmúrsléttað og hvíttað. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er inngangur í kjallarann og geymsluskápur. Kjallarinn er allur sementssléttaður utan og skilveggir hans og gólf eru úr steinsteypu. Húsið er allt málað utan.	
Stærð: L. 7.0 m. br. 5.4 m. h. 3.2 m. ris 2.8 m. kjh. 2.4 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	16.840.-
b. Heyhlaða og gripahús, úr bindingi, klætt utan járni á langböndum, bæði veggir og þak. Byggingu þessari er skipt í þrennt eftir endilöngu. Næst kjallara íbúðarhússins, sem skúr þessi er byggður upp við er fjós með 8 básum úr timbri. Allt biljað innan og neðan á loftbita og stoppað milli bilja. Gólf og flór er úr steinsteypu. Heyhlaða er í miðri byggingunni. Hún er niðurgrafin ca. 1.9 m. niður fyrir gólfflöt fjóssins. Þar er steinsteypugólf og veggir upp úr jarðvegi úr steinsteypu. Þá er kindahús biljað innan og með steinsteypugólfi. Skilveggir á milli fjóss og hlöðu og kindahúss er úr timbri.	
Stærð: L. 12.0 m. br. 9.7 m. meðalh. 3.6 m. skáþak.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	17.410.-
c. Geymsluskúr er einnig byggður úr binding og með járnþaki á langböndum þar er geymsla og kindaklefi, en rúmur helmingur hússins er haughús með steinsteypugólfi og veggjum upp úr jörð.	
Stærð: L. 7.0 m. br. 5.8 m. h. 2.0 m. skáþak.	
Skúrinn er virtur á.....	2.430.-
d. Þvagbró er byggð úr steinsteypu með timburþaki.	
Stærð: L. 4.5 m. br. 2.5 m. h. 2.6 m. skáþak.	
Þróin er virt á.....	1.218.-
Samtals	37.898.-

Húsið er óbreytt í aðalatriðum frá síðasta mati 1. okt. 1941. Miðstöð hefir verið sett í húsið og rafeldavél.

snú

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. .....

Gata og númer: .....

Möt framkvæmd:	Metið kr.
A. Íbúðarhús: L 7.0 m., br. 5.4 m., h. 3.2 m., ris 2.8 m., kj. 2.4 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	60.700.-
B. Hlaða m/m: L 12.0 m., br. 9.7 m., meðalh,3.6 m., skáþak.	
Hlaðan er virt á.....	41.900.-
C. Geymsluskúr: L 2.7 m., br. 5.8 m., h. 2.0m., skáþak.	
Geymsluskúrinn er virtur á.....	3.100.-
D. Þvagþró : L 4.5 m., br. 2.5 m., h. 2.6 m., skáþak.	
Þvagþróin er virt á.....	3.700.-
Samtals.....	109.400.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2876

Gata og númer: Suðurlandsbraut. (í Ártúnslandi). Segulhaðir)

Mót framkvæmd: 21/10/1932.	Metið kr.
Ibúðarhús, einlyft, með gluggakvisti, risi og kjallara, úr binding, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. I útveggjabinding er pappalag og milligólf er í báðum bitalögum, með pappa og sagspónastoppi á milli gólfanna. Húsið er allt þiljað innan og neðan á loftbita með panelgólfum, lögðum striga og vélapappír, veggfóðrað og málað. I aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og bakgangur. I rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi og framloft. Kjallari er undir öllu húsinu úr steinsteypu, bæði útveggir, skilveggir og gólf. Hann er múrsléttaður utan. I kjallaranum eru 3 geymsluherbergi, miðstöðvar- og þvottaherbergi, baðherbergi og gangur. Tvennar trétröppur eru við húsið, með steinsteypupöllum.	
Stærð: L. 8.8 m. br. 8.0 m. h. 3.0 m. ris 4.4 m. kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	18.693.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8295.

Gata og númer: SUÐURLANDSBRAUT, hús við Árbæ.

Mót framkvæmd: 30/9/1962.	Metið kr.
Nýtt hús, íbúð, viðg. verkst., og safngeymsla, byggt úr timbri, ein hæð, ris með 2 kvistum og kjallari, einangrað með timbri, múrhúðað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Upphitun er með olíu.	
Á 1. hæð eru 3 íbúðarherbergi, 1 eldhús, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og hurðir eru málaðar.	
Í rishæð eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, stigahús og skáli. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og hurðir eru málaðar.	
Í kjallara er anddyri og skáli, baðherbergi m/steypu, v. s. og handlaug. Málað. Tvöfalt gler er í gluggum og hurðir eru málaðar. Auk þess er í kjallara þvottahús + kyndiklefi , 2 geymslur og verkstæði.	
Stærð hússins:	
L. 7.5 m., br. 7.o m., h. 2.7 m., ris 3.3 m., kjh. 2.6 m. = 367.5 m^3.	
Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr.	460.000.-

H 7 – 62 – 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vatnsveituvegur / Elliðaár

Brunabóta nr. 3746

Gata og númer: ~~Breiðholtsvegur.~~ (v/Elliðaár) Birkilundur

Möt framkvæmd: 1/6/1942.	Metið kr.
Íbúðarhús, einlyft, með risi, úr bindingi, klætt utan liggjandi borðaklæðningu, plægðri. Pappalag er í bindingnum og allir veggir innanhúss eru þiljaðir með panelborðum og krossviðarþiljur eru neðan á lofbitum. Húsið er allt olíuborið utan og innan. Þak er úr borðasúð, með þykkum pappa þar yfir. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi með 2 fastarúmum hvort, eldhús, 8 fastir skápar og anddyri. Steinsteypugrunnur er undir öllu húsinu.	
Stærð: L. 11.4 m. br. 4.8 m. h. 2.6 m. ris 0.7 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	12.800.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótamat nr. 11312

Gata og númer: 1.gata 37 v/Rauðavatn, Suðurlandsbraut.

Möt framkvæmd: 18/3. 1978.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús. Húsið sem er 1.hæð og kjallari er byggt úr timbri, einangrað með plasti og er þak og veggir klæddir með bárujárni. Olíuhitun.	
Á hæðinni er anddyri, forstofa, 3.íbúðarherbergi og eldhús.	
Á baði er, kerlaug, v.s. og handlaug. Tvöfalt gler er í gluggum, harðviðarhurðir og innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir og er dúkur á gólfum.	
Í kjallara er anddyri, 2.íbúðarherbergi og eldhús. Salerni með v.s. og handlaug. Geymsla og kyndiklefi. Veggir eru málaðir.	
Bílskúr er úr timbri.	
Stærð hússins:	
A. L. 9.80 m., Br. 6.50 m., H. 5.4 m., Ris. 1.0 m.) = 407 m^3	10.989.000.-
L. 3.50 m., Br. 1.80 m., H. 4.4 m., Ris. 1.0 m.)	
B. L. 7.50 m., Br. 5.50 m., H. 2.50 m.) = 103 m^3	412.000.-
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr	11.401.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótamat nr. 11394

Gata og númer: Súluhólar 2

Möt framkvæmd: 27/6. 1978.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús. Húsið sem er steinsteypt og einangrað með plasti er 3.hæðir og kjallari. Húsið er múrað og málað að utan og er bárujárn á þaki. Hitaveita. 1.hæð: Þar er anddyri, 3.forstofur, 3.skálar, 9.íbúðarherbergi, 3.eldhús og 3.borðkrókar. Baðherbergi eru 3. með kerlaug, steypu, v.s. og handlaug. Svalir eru tvær. Tvöfalt gler er í gluggum, harðviðar hurðir og innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir og gólf eru máluð og dúklögð. 2.hæð: Þar er stigi, 3.forstofur, 10.íbúðarherbergi, 3.eldhús og 3.borðkrókar. Á baðherbergi,,sem eru 3. eru kerlaugar, steypur, v.s. og hanslaugar. Tvöfalt gler er í gluggum, harðviðar hurðir og innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir og gólf eru máluð og dúklögð. 3.hæð: Hún er eins og 2.hæð. Kjallari: Þar er anddyri, þvottahús, 9.geymslur og 1.sameiginleg. Þar er einnig sorpherbergi og 4.bílgeymslur. Tvöfalt gler er í gluggum. Stærð hússins: L. 20.30 m., Br. 12.00 m., H. 8.10 m., Ris. 1.65 m., Kj. 2.80 m. = 2.856 m^3. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr. 89.162.000.-	

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótamat nr. 11410

Gata og númer: Súluhólar 4.

Mót framkvæmd: 11/7. 1978.	Metið kr.
Nýtt blokkarhúsnæði. Húsið sem er 4.hæðir, er steinsteypt, einangrað með plasti, múrað og málað að utan og er bárujárn á þaki. Hítaveita.	
1.hæð: Þar er anddyri og er það málað í hólf og gólf.	
2.hæð: Þar er íbúðarherbergi, eldhús og baðherbergi með tilheyrandi. Þar eru einnig svalir. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviðarhurðir. Veggir og gólf eru máluð.	
3.hæð: Eins og 2.hæð.	
Kjallari: Þar er steypa, þvottahús og geymsla. Veggir og gólf eru má máluð.	
Bílskúrar eru 4.	
Stærð hússins:	
L.20.30 m., Br. 12.00 m., H. 8.10 m., Ris. 1.65 m., Kj.2.80 m. = 2.856 m^3.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr.89.162.000.-	

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótamat nr. 11425

Gata og númer: Súluhólar 6.

Mót framkvæmd: 28/8. 1978.	Metið kr.
Nýtt blokkarhúsnæði. Húsið sem er steinsteypt og einangrað með plasti er 3.hæðir og kjallari. Húsið er múrað og málað að utan og er bárujárn á þaki. Hitaveita.	
1.hæð: Þar er anddyri, 2.forstofur, 6.íbúðarherbergi. 2.eldhús, og 2.borðkrókar. Baðherbergi eru 2. með kerlaug, steypu, v.s. og handlaug. Tvöfalt gler er í gluggum, harðviðarhurðir og innbyggðir skápar.	
2.hæð: Eins og 1.hæð.	
3.hæð: Eins og 1.hæð.	
Kjallari: Þar er anddyri, 1.íbúðarherbergi. Á baðherbergi er steypa, v.s. og handlaug. Þar er einnig þvottahús og 6.geymslur og 1. sameiginleg geymsla og vagngeymsla.	
Tvöfalt gler er í gluggum og eru veggir málaðir.	
Stærð hússins:	
L. 13.36 m., Br. 12.00 m., H. 8.10 m., Ris. 1.65 m., Kj. 2.80m. = 1.880 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á	kr. 58.692.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8526

Gata og númer: Suðurlandsbraut, Baldurshagabl. 1

Möt framkvæmd: 29/2/1964.	Metið kr.
Nýr sumarbústaður, 1 hæð með skáþaki, byggður úr timbri, einangrun er pappi og vatnsklæðning að utan. þakið er timbur pappi og bárujárn. Upphitun er kamína.	
1. hæð: Þar er 1 anddyri, 1 íbúðarherbergi, 1 eldhús, veggir eru viðarklæddir, gólf eru úr timbri, málað og í gluggum er einfalt gler.	
Stærð hússins:	
L. 5.5 m., br. 3.75 m., h. 3.0 m. = 62.00 m^3.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	78.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 5921

Gata og númer: B a l d u r s h a g a l a n d Baldurshagablettur 2

Mót framkvæmd: 13/6/1952.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, 1 hæð og ris, byggt úr timbri, múrhúðað utan, tex- og timburþiljað innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 1 íbúðarherbergi, eldhús og forstofa, herbergið veggfóðrað, allt málað.	
Stærð hússins: L 4.4 br. 3.6 h. 2.5 ris 0.6 = 44.35 m^3	
A. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	17.700.00
Bifreiðaskúr er á lóðinni úr timbri, múrhúðaður utan, ósundurhólfaður.	
St. bifr.sk. : L 3.7 br. 2.5 h. 2.5 skáþak = 23.13 m^3	
B. Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	3.500.00
Samtals krónur	21.200.00

H.4 10-'51-1000

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8607

Gata og númer: Suðurlandsbraut Baldurshagabl. 3

Möt framkvæmd: 25/6/1964.	Metið kr.
Nýr sumarbústaður, 1 hæð og ris. byggður úr timbri á steinsteyptum grunni, einangraður með plasti, klæddur utan með bárujárni, þakið er timbur, pappi og bárujárnsklætt. Upphitun er kolamiðstöð.	
1. hæð: Þar er 1 anddyri, 3 íbúðarherbergi, 1 eldhús, allt málað í hólf og gólf.	
Stærð hússins:	
L. 3.4 m., br. 3.2 m., h. 3.0 m.	
L. 5.6 " " 3.3 " " 3.0 " = 88.00 m^3.	
Sumarbústaðurinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á ..... kr.	90.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8701

Gata og númer: Suðurlandsbraut, Baldurshagablettur 11

Möt framkvæmd: 23/11/1964.	Metið kr.
Nýr sumarbústaður, ein hæð og ris, byggður úr timbri, einangraður með timbri og pappa, vatnsklæddur að utan og þakið er timbur, pappi og bárujárn. Oupphitaður.	
1. hæð: Þar er 1 anddyri, 1 íbúðarherbergi, allt málað gólfin eru timbur og máluð. 1 geymsla.	
Stærð bústaðarins:	
L. 3.5 m., br. 4.0 m., h. 3.2 m., ris 1.5 m., = 56. 00 m^3.	
Bústaðurinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á ..... kr.	44.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4410

Gata og númer: Baldurshagi ~~11~~/2

Mót framkvæmd: 16/10/1943.	Metið kr.
Sumarbústaður úr timbri, múrhúðaður veggir og járnþak á borðasúð. Þiljaður er sumarbústaðurinn innan og málaður. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur.	
Stærð aðalhússins: L. 4.3 m. br. 5.3 m. h. 2.2 m. ris 0.9 m.	
" útskots: L. 4.0 m. br. 4.0 m. h. 2.2 m. ris 0.9 m.	
Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....	13.400.-
00	
Virt 20.2.1960.	
Frá síðasta mati, 16.10.1943, hefur húsið verið stækkað og er nú á 1. hæð 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, m /kerlaug, v.s. og handlaug, anddyri og gangur. Allt málað og dúklagt.	
Í þakhæð er geymsla.	
Stærð hússins:	
L. 9.8 m., br. 5.5 m., mh. 3.3 m.,	
" 6.9 " " 1.9 " " 3.3 " = 221.13 m³.	
Húsið með tilheyrandi er metið á.....kr.	176.900.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 5893

Gata og númer: B a l d u r s h a g a l a n d, Baldurshagabl. 13

Mót framkvæmd: 20/3/1952.	Metið kr.
Nýr sumarbústaður, 1 hæð og ris, byggður úr timbri, múrhúðaður utan timbur- og pappaklæddur innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, smáherbergi, forstofa, allt málað og dúklagt, ennfremur ófullgerð smákompa og niðurgrafin kartöflugeymsla. Á þakhæð er smágeymsla.	
Stærð hússins: L 5.1 br. 4.9 h. 2.3 ris 1.5 = 80.56 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	32.200.00

H-4 10-'51-1000

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 5922

Gata og númer: Baldurshagaland Induhagi. Baldurshagabl. H

Mót framkvæmd: 13/6/1952.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, 1 hæð m/valmaþaki, byggt úr timbri, múrhúðað utan, timburþiljað og múrhúðað innan og með þaki úr timbri, pappa og múrhúð. Á hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og forstofa, veggfóðrað og málað, gólf öll úr timbri og múrhúðað í íbúðarherbergjum; ennfremur geymsla.	
Stærð hússins: L 6.7 br. 5.7 h. 2.6 ris 1.0 = 118.39 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	47.400.00 ✓

H.4 10-'51-1000

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 5610

Gata og númer: Baldurshagaland 22

Möt framkvæmd: 9/3/1951.	Metið kr.
Sumarbústaður, 1 hæð með valmarisi, byggt úr timbri á steinsteyptan grunn, klætt innan panel, pappa og trétexi, múrhúðað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og inngangur asbestklæddur innan; 1 herbergið og gangurinn málað ásamt eldhúsi, en 2 herbergin veggfóðruð, allt dúklagt. Á þakhæðinni er smágeymsla.	
Stærð hússins: L 5.5 m. br. 5.0 m. h. 2.2 m. ris 1.0 m.	
A. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	26.000.00
B. Skúr er byggður við húsið úr timbri, allur járnvarinn, óeinangraður. Þar er salerni og geymsla.	
Stærð skúrsins: L 3.0 m. br. 3.0 m. h. 2.0 m. skáþak.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	2.500.00
Samtals krónur	28.500.00

H. 4-8-50-1000

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4350

Gata og númer: Baldurshagi, Dísadalur.

Mót framkvæmd: 10/5/1945.	Metið kr.
Sumarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og geymsluherbergi, allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og olíumálað, nema geymsluherbergið, sem er þiljað, en ómálað. Kjallari úr steinsteypu er undir nokkrum hluta hússins. Þar eru geymsluklefar og miðstöðvarherbergi.	
Stærð aðalhússins: L. 8.6 m. br. 5.2 m. h. 2.4 m. ris 0.6 m.	
" viðbyggingar: L. 8.6 m. br. 2.2 m. h. 2.3 m. skáþak.	
" útskots: L. 4.5 m. br. 5.1 m. h. 2.6 m. skáþak.	
" kjallara: L. 5.8 m. br. 5.0 m. h. 2.2 m.	
Húsið allt, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	45.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 7350.

Gata og númer: Suðurlandsbraut, Klapparholt í Baldurshagalandi.

Möt framkvæmd: 10/11/1959. 2/12/1966	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, ein hæð og ris, byggt úr timbri, klætt bárujárni og múrhúðað utan og innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.	
Á 1. hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og handlaug, anddyri og forstofa. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr furu og einfalt gler er í gluggum. - Kyndihús er viðbyggt við húsið, með olíukyndingarkatli í.	
Í þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, 1 geymsla og stigahús. Innbyggðir skápar. Allt málað. Hurðir eru úr harðviði og einfalt gler er í gluggum.	
Stærð hússins:	
L. 5.85 m., br. 3.60 m., h. 2.5 m., kj. 2.2 m.	
" 8.85 " " 3.60 " " 2.5 " " 2.2 "	
" 2.40 " " 2.40 " " 2.5 " " 1.2 " = 208.36 m^3.	
Húsið með tilheyrandi er metið á ..... kr.	187.500.-
Virt: 2/12/1966	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati, 10/11/1959 en óskast endurmetið til samræmis við hækkandi verðlag.	
Stærð hússins:	
L. 5.85 m., br. 3.6 m., h. 2.5 m., kj. 2.2 m.	
L. 8.85 m., br. 3.6 m., h. 2.5 m., kj. 2.2 m.	
L. 2.40 m., br. 2.4 m., h. 2.5 m., kj. 1.2 m. = 208.00 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	478.000.-

H 5 - 58 - 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4408

Gata og númer: Baldurshagi, Klapparholt 1.

Möt framkvæmd: (16/10/1943.) 10/8/1946.	Metið kr.
Sumarbústaður, úr timbri, allur pappalagður utan. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt þiljað innan með masoniteplötum og málað.	
Stærð: L. 5.8 m. br. 3.4 m. h. 2.3 m. ris 0.8 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	7.820.-
Húsið er óbreytt frá síðasta mati að öðru leyti en því að það hefir verið múrhúðað utan með skeljasandi. Húsið var síðasta meið 16/10/1943.	
Stærð: L. 5.8 m. br. 3.4 m. h. 2.3 m. ris 0.8 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	12.700.-
Virt: 20.3. 1973.	
Húsið er óbreytt frá seinasta mati, en óskað er eftir athugun á stærðum.	
Stærð hússins:	
L. 4.0 m., Br. 7.0 m., H. 2.6 m., Ris. 1.0 m.	
L. 3.2 m., Br. 7.6 m., H. 2.5 m., skáþak. = 148 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	500 000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4398

Gata og númer: Baldurshagi, Klapparholt 2.

Mót framkvæmd: (16/10/1943.) 10/8/1946.	Metið kr.
Sumarbústaður úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa og listum á veggjum og þaki. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og anddyri. Allt þiljað innan með sellotexplötum og veggfóðrað.	
Stærð: L. 6.0 m. br. 3.7 m. h. 2.4 m. ris 1.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	9.020.-
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 16/10/1943 að öðru leyti en því að það hefir verið múrhúðað utan með skeljasandi.	
Stærð: L. 6.0 m. br. 3.7 m. h. 2.4 m. ris 1.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	15.300.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4354

Gata og númer: Baldurshagaland, Nesjar

~~Vetrarbraut, Efri-Á (hjá Baldurshaga)~~

Mót framkvæmd: (16/10/1943) 20/4/1959.	Metið kr.
Ibúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, bæði út- og innveggir, loft og gólf. Í aðalhæðinni eru 2 herbergi, eldhús, anddyri og gangur. Þessi hæð er algjörlega ófullgerð. I kjallaranum eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, forstofa og anddyri. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og vírlögðum þiljum þar innan á og öll er íbúð kjallarans múrsléttuð innan og olíumáluð. Steinsteyputröppur eru við húsið og það er múrhúðað utan. Auk þess sem áður er talið er í kjallaranum baðherbergi m/v.s., miðstöðvarherbergi og geymsluherbergi.	
Stærð: L. 10.0 m. br. 6.9 m. h. 2.5 m. ris 1.4 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	47.630.-

Virt 20/4. 1959.

Þegar síðasta mat fór fram, 16/10. 1943, var 1. hæð hússins ófullgerð. Nú hefur verið innrettað eldhús, baðherbergi m/kerlaug v.s. og handlaug, og skápar settir í herbergi. Allt málað og dúklagt. Hurðir og karmar eru úr harðviði.

Þakhæð og kjallari er óbreytt frá síðasta mati. Ný olíukynding.

Stærð hússins:

L. 10.0 m., br. 6.9 m., h. 2.5 m., ris 1.4 m., kj. 2.5 m. = 393.30 m^3.

Húsið með tilheyrandi er metið á ..... Kr. 354.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4355

Gata og númer: Baldurshagi, Sólnes.

Mót framkvæmd: 16/10/1943.	Metið kr.
Sumarhús, úr steinsteypu með þaki úr borðasúð og pappa þar yfir. Húsið er allt þiljað innan, ýmist með timbri eða gipsplötum og allt málað. Húsið er múrhúðað utan. Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og anddyri. Húsið er enn ekki fullgert.	
Stærð hússins: L. 6.1 m. br. 6.5 m. h. 2.6 m. ris 1.7 m.	
" útskots: L. 28 m. br. 5.0 m. h. 2.6 m. skáþak.	
Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....	16.800.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 5473

Gata og númer: Baldurshagaland Steinsstaðir.

Mót framkvæmd: 20/7/1950. 19/7/1971	Metið kr.
Sumarbústaðir, 1 hæð og ris, byggður úr timbri á steinsteyptan sökkul, klæddur utan bárujárni, en innan pappa og timbri og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 v.s., 2 gangar, allt málað og dúklagt að nokkru; kolamiðstöð. Þakhæð ónothæf.	
Stærð hússins: L 7.0 m. br. 4.0 m. h. 2.6 m. ris 1.3 m.	
" útskots: L 6.5 m. br. 5.0 m. h. 2.6 m. ris 1.3 m.	
" útskots: L. 1.8 m. br. 4.6 m. h. 2.5 m. skáþak.	
" do: L. 2.6 m. br. 2.8 m. h. 2.3 m. skáþak, kjh. 1.9 m.	
Húsið, ásamt 2 útskotum og tilheyrandi, er virt á.....	27.400.-

Virt 6/3/1951.

Húsið hefir tekið þeirri breytingu frá síðasta mati 16. október 1943, að ný forstofa hefir verið byggð við húsið úr sama efni og húsið, klædd utan bárujárni, en timburklædd innan og með þaki úr timbri, pappa og steinskífu. Þar er nýr arinn. Kjallarinn hefir verið stækkaður og er þar 1 herbergi og v.s., málað og dúklagt, stór geymsla m/innbyggðum skápum og þvottavél og kolamiðstöðvarklefi. Kojur eru í svefnherbergi. Vatni er dælt í húsið og metast vatnsdælur með því. Girðing er í kringum lóðina úr asbesti og timbri.

A.	Íbúðarhús: L 9.0 m. br. 4.8 m. h. 2.6 m. ris 1.0 m. kj. 2.3 m.	
	Útskot : L 1.7 m. br. 1.5 m. mh. 2.7 m. skáþak.	
	do : L 3.0 m. br. 2.7 m " 2.5 m. skáþak. 2.3 "	
	Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á	108.300.00
B.	Girðing : L 15.0 m. hæð 3.0 m.	
	Girðingin er virt á	3.000.00
	Samtals krónur	111.300.00

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4363

Gata og númer: Elliðavatn, Lækjamót.

Mót framkvæmd: 16/10/1943.	Metið kr.
Ibúðarhús, úr timbri, á steinsteypukjallara, allt járnvarið utan.	
Að innan er húsið þiljað innan með panel og ýmist málað eða olíuborið innan.	
Í húsinu er baðstofa og eldhús. I rishæð er 1 herbergi og geymsla og í	
kjallara er geymsla. Inngönguskúr er við húsið, byggður eins og það.	
Stærð íbúðarhússins: L. 5.9 m. br. 3.9 m. h. 2.3 m. ris 1.0 m. kjh. 2.0 m.	
" inngönguskúrs: L. 3.2 m. br. 2.5 m. h. 2.1 m. skáþak.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	15.590.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4395

Gata og númer: Elliðavatn, Runnur.

Mót framkvæmd: 16/10/1943.	Metið kr.
Íbúðarhús, einlyft, með risi, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og veggir múrhúðaðir á vírnet, en þak er lagt með bárujárni á pappa og borðasúð. Steinsteypugrunnur er undir húsinu og lítil kjallarahola fyrir kol. Í neðri hæð hússins eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og forstofa. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, nokkrir fastir skápar, geymslurklefi og gangur. Húsið er allt þiljað innan, strigalagt og ýmist veggfóðrað eða málað innan.	
Stærð íbúðarhússins: L. 9.2 m. br. 4.6 m. h. 2.8 m. ris 2.8 m.	
" útskots: L. 1.9 m. br. 2.9 m. h. 2.8 m. ris 2.0 m.	
" do: L. 1,9 m. br. 2.9 m. h. 2.8 m. ris 2.0 m.	
Stærð geymsluskúrs: L. 3.9 m. br. 1.9 m. h. 2.4 m. skáþak.	
Húsið, ásamt 2 útskotum, geymsluskúr og tilheyrandi, er virt á.....	35.920.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4361

Gata og númer: Elliðavatn. Grænahlíð

Mót framkvæmd: (16/10/1943.) 6/2/1952.	Metið kr.
Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa og járni á veggjum og þaki. Hlaðinn steingrunnur er undir húsinu og viðbyggingunni, sem er að öllu leyti eins og húsið. I húsinu eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og geymsluherbergi, allt þiljað innan og stofurnar lagðar striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað.	
Stærð aðalhússins: L. 6.0 m. br. 5.4 m. h. 2.7 m. ris 1.0 m.	
" viðbyggingar: L. 6.3 m. br. 2.3 m. h. 2.6 m. skáþak.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	22.700.-

Virt 6/2/1952.

Húsið er óbreytt frá síðasta mati 16, október 1943 að öðru leyti en því, að rafmagnslögn hefir verið sett í húsið.

Íbúðarhús:	L 6.0	br. 5.4	h. 2.7	ris 1.0	=	103.68 m^3
Vb.	: L 6.3	br. 2.3	h. 2.6	skáþak	=	37.67 m^3
						141.35 m^3

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á..... 60.800.-

Virt 28/11 1974.

A. I sumarbústaðnum eru 4 herbergi , gangur ,V.C. , eldhús og geymsla.
Eldhús viðarklætt, tvöfalt gler.

B. útsýnisskúr.

C. Geymsluskúr úr timbri vatnskl.

Stærðir :

A L. 5,25 m., br. 14,4., h. 3.00 m., kj. 1.0)		2.429.000
L. 5,30 m., br. 6,50.,h. 3,60 m)	347 m^3	30.000
B. L 2,0 m., br. 2,0., h. 3,0 m	12 m^3	60.000
C. L 3.00 m br. 10.10 h. 2,6 m	79 m^3	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á .....kr		2.519.000

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4411

Gata og númer: Elliðavatn. Litli-Hvammur

Mót framkvæmd: (16/10/1943.) 15/5/1946.	Metið kr.
Sumarbústaður úr timbri, múrhúðaðir útveggir og með járnþaki á borðasúð. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og anddyri. Allt þiljað innan með panel og málað.	
Stærð hússins: L. 5.1 m. br. 2.3 m. h. 2.2 m. ris 0.3 m.	
" útskots: L. 2.6 m. br. 2.1 m. h. 2.2 m. skáþak	
" do: L. 2.7 m. br. 1.4 m. h. 2.2 m. skáþak.	
Húsið, ásamt 2 útskotum og tilheyrandi, er virt á.....	7.450.-
Aðalhúsið er óbreytt frá síðasta mati 16/10/1943. Geymsluskúr hefir verið byggður á lóðinni, byggður úr steinsteypu með þaki úr borðum, pappa og járni.	
A. Íbúðarhús: L. 5.1 m. br. 2.3 m. h. 2.2 m. ris 0.3 m.	
" Útskot: L. 2.6 m. br. 2.1 m. h. 2.2 m. skáþak.	
" Do: L. 2.7 m. br. 1.4 m. h. 2.2 m. skáþak.	
Húsið, ásamt 2 útskotum og tilheyrandi, er virt á.....	11.300.-
B. Geymsluskúr: L. 3.0 m. br. 2.8 m. h. 1.8 m.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	1.500.-
Samtals	12.800.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4373

Gata og númer: Elliðavatn, Melar.

Mót framkvæmd: (16/10/1943.) 18/9/1946.	Metið kr.
Sumarbústaður, úr bindingi, með láréttri, plægðri borðaklæðningu utan á útveggjagrind og með þaki úr borðasúð, pappa og eternitplötum. Húsið er allt þiljað innan með panelborðum, olíubornum. Í húsinu eru íbúðarherbergi, eldhús og anddyri.	
Stærð hússins: L. 5.1 m. br. 4.6 m. h. 2.4 m. ris 1.5 m.	
" útskots: L. 2.5 m. br. 1.6 m. h. 2.4 m. skáþak.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	11.000.-
Hús þetta hefir verið stækkað og endurbætt mikið. Stækkunin er gerð á sama hátt og eldra húsið. Í risi er klætt innan með trétexi. Olíudúkar eru á gólfum, en olíubornir veggir og loft niðri. Þar eru nú 4 íbúðarherbergi, eitt þeirra er ekki fullgert, eldhús m/kolaeldavél og inngangur. Stór trépallur er við húsið. Húsið var síðast metið 16/10 1943.	
Stærð: L. 8.3 m. br. 5.2 m. h. 2.4 m. ris 1.5 m.	
Útskot: L. 2.5 m. br. 1.6 m. h. 2.4 m. skáþak.	
Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....	29.600.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4364

Gata og númer: Elliðavatn.

Möt framkvæmd: 16/10/1943.	Metið kr.
Ibúðarhús, úr bindingi, klætt utan með plægðri liggjandi borðaklæðningu á veggjum og með járnþaki á pappa á borðasúð. Steinsteypugrunnur er undir húsinu. Að innan er húsið þiljað og ýmist veggfóðrað eða málað. Krossviður er á sumum veggjanna. Í húsinu er 1 stór stofa og eldhús. Inngönguskúr er við húsið, byggður eins og það. Þar er geymsla og gangur.	
Stærð íbúðarhússins: L. 8.7 m. br. 3.6 m. h. 2.5 m. ris 0.8 m.	
" inngönguskúrs: L. 4.8 m. br. 1.5 m. h. 2.5 m. ris 0.8 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	15.800.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4366

Gata og númer: Elliðavatn.

Möt framkvæmd: 16/10/1943.	Metið kr.
Sumarbústaður, úr bindingi, klæddur utan með borðum og pappa á veggjum, en á þaki er bárujárn yfir pappanum. Í húsinu eru 2 herbergi og eldhús, allt þiljað innan og málað. Haldinn grjótgrunnur er undir húsinu.	
Stærð: L. 6.3 m. br. 3.9 m. h. 2.2 m. ris 0.6 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	8.720.00

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4367

Gata og númer: E l l i ð a v a t n.

Mót framkvæmd: 16/10/1943.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og bárujárni á veggjum og þaki. Steinsteypugrunnur er undir húsinu. Í því eru 5 íbúðarherbergi, eldhús og anddyri. Húsið er allt þiljað innan, strigalagt og ýmist veggfóðrað eða málað innan.	
Stærð: L. 8.2 m. br. 5.4 m. h. 2.5 m. ris 1.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	18.660.-
b. Geymsluskúr er áfastur við húsið, byggður eins og það, að ytra frágangi. Þar er geymsla, vanhús o.fl.	
Stærð: L. 5.1 m. br. 2.1 m. h. 2.5 m. skáþak.	
Húsið er virt á.....	1.560.-
Samtals	20.220.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4368

Gata og númer: Elliðavatn. Hvammur

Mót framkvæmd: (16/10/1943.) 10/12 1956.	Metið kr
Sumarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, listum, vírneti og múrað á veggjum og með steinskífuþaki á pappa og borðasúð. Steinsteypugrunnur er undir húsinu og gólf í útskoti þess. Einnig er steinsteypustétt við húsið. Að innan er það allt þiljað með trétex og masoniteplötum og ýmist olíuborið eða málað innan. Í húsinu er stór stofa, eldhús, búr o.fl.	
Stærð aðalhússins: L. 4.0 m. br. 5.2 m. h. 2.3 m. ris 0.8 m.	
" útskots: L. 3.0 m. br. 3.3 m. h. 2.4 m. skáþak.	
" do: L. 1.6 m. br. 1.2 m. h. 2.3 m. skáþak.	
Húsið, ásamt 2 útskotum og tilheyrandi, er virt á.....	13.320.-

Virt 10/12 1956.

Húsið hefur verið stækkað og endurbyggt frá síðasta mati 16/10 1943. Húsið var áður byggt úr timbri og forskallað, en er nú allt hlaðið úr vikurholsteini, korkklætt að innan, slétthúðað að utan og málað, með þaki úr timbri, klæddu með aluminium og fjórum gluggakvistum. Húsið er ein hæð, ris og smákjallari.

Á hæðinni er stórt herbergi, eldhús, baðherbergi m/setbaði, v.s. og handlaug. Terrass. Parkett er á stofugólfinu, hitt er dúklagt. Hluti af stofunni er klæddur furuklæðningu á veggi og súð. Hinn hluti hæðarinnar er málaður. Úr stofunni liggur mjög vandaður stigi úr eik upp á efri hæð hússins.

Í þakhæð eru 2 herbergi, gangur. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt.

Í kjallara er hola fyrir olíukyndingartæki.

Stærð hússins: L. 11.9 m. Br. 7.0 m. H. 3.0 m. Ris 4.0 m. = 416.5 m3

Húsið, með tilheyrandi, er metið á . . . . . kr. 270.700.oo

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4371

Gata og númer: Elliðavatn.

Mót framkvæmd: 16/10/1943.	Metið kr.
Ibúðarhús, úr timbri, allt járnvarið. I húsinu og viðbyggingum þess eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, forstofa, geymslur og fl. Allt þiljað innan, veggfóðrað og málað. Steingrunnur er undir byggingunni.	
Stærð aðalhússins: L. 9.3 m. br. 3.6 m. h. 2.9 m. skáþak.	
" útskots: L. 4.1 m. br. 2.6 m. h. 2.5 m. skáþak.	
" inngönguskúrs: L. 1.8 m. br. 2.6 m. h. 2.5 m. ris 0.4 m.	
Húsið, ásamt útskoti, inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	18.880.-

Virt: 21/6 1978.

Frá síðasta mati hefur verið byggt nýtt hús og það gamla rifið.

Húsið er á 1.hæð. Þar er stofa, svefnherbergi, eldhúskrókur, geymsla v.s. og anddyri.

Stærð hússins:

L. 6.90 m., Br. 9.00 m., H. 3.00 m. = 186 m^3

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr. 6.510.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4396

Gata og númer: E l l i ð a v a t n.

Möt framkvæmd: 16/10/1943.	Metið kr.
Sumarbústaður, úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa og bárujárni	
á veggjum og þaki. Steinsteypugrunnur er undir húsinu. Veggsvalir úr	
timbri 2 m. breiðar eru á báðum hliðum hússins. Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi	
eldhús og forstofa. Allt þiljað innan og málað.	
Stærð hússins: L. 6.6 m. br. 5.6 m. h. 3.0 m.(h. 3.0 m.)skáþak.	
" útskots: L. 3.4 m. br. 3.7 m. h. 2.7 m. skáþak.	
Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....	20.220.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 6579

Gata og númer: ELLIÐAVATNSLAND (Haukur Herbertsson)

Möt framkvæmd: 30/10 1956. 10/3/1962.	Metið kr.
Nýtt hús byggt úr timbri, vatnsklætt utan með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Húsið er 1 hæð og ris. Á hæðinni eru anddyri 3 íbúðarherbergi, eldhús og v.s. m/handlaug. Veggir eru allir þiljaðir með þilplötum. Ris er óinnréttað geymsluloft. Undir hluta hússins er niðurgrafin kartöflugeymsla.	
Stærðir hússins eru, sem hér segir:	
L. 6.- m. Br. 8.0 m. H(ca.) 2.5 m. Ris ca. 1.5 m. Kj. 2.0 m. = 254.40 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er metið á . . . . . kr.	127.200.oo
Virt 10/3 1962.	
Stækkun á sumarbústað, ein hæð, úr timbri, með þaki úr timbri, pappa og bárujárni, kjallari er undir byggingunni, vatnsklæðning að utan.	
Stærð hússins:	
B: L. 4.0 m., br. 4.5 m., h. 2.0 m. = 36.oo m^3.	
Stækkunin ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr.	39.000.-

H. 4-'56-600

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2660

Gata og númer: Suðurlandsbraut, Árbær.

Mót framkvæmd: 1/10/1942.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, úr binding, stafn og þak er klætt utan borðum, pappa og járni og aðrar byggingar eru áfastar við það til beggja hliða. Húsið er byggt í bæjarstíl. Í aðalhæðinni eru stofa, eldhús, búr og gangur. Allt þiljað innan með panel, stofan veggfóðruð og allt málað. I baklyfti eru 2 íbúðarherbergi og gangur, einnig allt þiljað og málað.	
Stærð: L. 7.8 m. br. 4.0 m. h. 2.6 m. ris 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	6.060.-
b. Íbúðarhús er byggt áfast við suðurhlið áðurnefnds húss og er eins og það að öllum ytri frágangi. Niðri í þessu húsi eru 2 íbúðarherbergi, 2 fastir skápar og gangur. I baklyfti er 1 íbúðarherbergi. Húsið er allt þiljað innan og mestur hluti þess er málað innan.	
Stærð: L. 7.8 m. br. 4.6 m. h. 2.6 m. ris 2.5 m.	
Húsið er virt á.....	5.440.-
c. Eldhús er byggt við suðurhlið litra b og eru hliðveggir þess úr hlöðnum steini, höggnum, en stafnar og þak er úr timburbindingi, klæddum utan borðum, pappa og járni. Þar er eldhús, geymsluklefi og 2 gangar, þeir eru þiljaðir innan.	
Stærð: L. 8.7 m. br. 4.0 m. h. 1.9 m. ris 2.0 m.	
Húsið er virt á.....	1.218.-
d. Skemma er áföst við litra a, að norðanverðu. Annar hliðveggur hennar er úr steini, en að öðru leyti er sami ytri frágangur. Loft er í skemmunni og geymsla uppi og niðri.	
Stærð: L. 7.8 m. br. 4.3 m. h. 2.2 m. ris 2.0 m.	
Skemman er virt á.....	1.498.-
e. Fjós er byggt úr torfi og grjóti, veggirnir, en þak er úr torfi á timburupprefti.	
Stærð: L. 6.7 m. br. 4.6 m. h. 1.8 m. ris 1.8 m.	
Fjósið er virt á.....	664.-
f. Hlaða er byggð úr torfi, með járnbaki á langböndum.	
Stærð: L. 9.7 m. br. 5.6 m. h. 2.4 m. ris 2.0 m.	
Hlaðan er virt á.....	2.590.-
Samtals	17.470.-

SNÚ

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2660.

Gata og númer: Suðurlandsbraut, Árbær.

Mót framkvæmd: 10/8/1961.	Metið kr.
Virt 10/8. 1961.	
A: Óbreytt frá síðasta mati, 1/10 1942, nema bæjarþil byggð upp að nýju, klædd timbri, tjargað, gluggar nýir á austurhlið.	
B: Framhús (stofa) viðað að nýju.	
C: Eldhús, er óbreytt frá síðasta mati.	
D: Skemma er óbreytt frá síðasta mati.	
E: Fjós reft að nýju.	
F: Hesthús (áður hlaða) viðað innan, klætt með timburklæðningu og notað til sýninga.	
Stærð húsanna:	
A: íbúð: L. 7.8 m., br. 4.o m., h. 2.6 m., ris 2.5 m. = 118.56 m³ ..... kr.	106.700.-
B: " " 7.8 " " 4.6 " " 2.6 " " 2.5 " = 136.34 " ..... "	122.700.-
C: eldhús: " 8.7 " " 4.o " " 1.9 " " 2.o " = 100.92 " ..... "	30.300.-
D: skemma: " 7.8 " " 4.3 " " 2.2 " " 2.o " = 107.33 " ..... "	32.200.-
E: fjós: " 6.7 " " 4.6 " " 1.8 " " 1.8 " = 83.21 " ..... "	16.600.-
F: hesthús: " 9.7 " " 5.6 " " 2.4 " " 2.o " = 184.69 " ..... "	36.900.-
Húsin, ásamt tilheyrandi eru virt á samtals ..... kr.	345.400.-
Þessi hús, sem nú eru talin stafl. G, H og I, eru ný að Árbæ.	
G: Torfkirkja aðflutt frá Silfrastöðum í Skagafirði. Alviðuð í 7 stafgólfum, rennisúð á langböndum, járnklædd undir þreföldu torfi, tekur 80 manns í sæti. Naglfastir 6 bekkir hvoru megin í framkirkju og hliðarbekkir á alla vegu í kór, skorin milligerð milli kórs og framkirkju, prédikunarstóll og altari. Gólf á bitum. Skornar vindskeiðar og hurð á járnum, með læsingu.	
Sáluhlið með grind. Klukknahús með 3 eirklukkum.	
H: Timburhús, flutt frá Pósthússtræti 13 (bakhús), kallað Smiðshús. Inngönguskúr var við húsið og var hann rifinn. Húsinu breytt þannig að það var fært til upphaflegri myndar. Grunnur þess er hlaðinn.	
I: Geymsluhús flutt frá Austurnesi í Skerjafirði, byggt úr timbri og bárujárni, (var áður hænsnahús), sett á hlaðinn grunn.	
Stærðir húsanna:	
G: kirkja: L. 12.oo m., br. 8.oo m., h. 2.5 m., ris 2.o m. = 336.oo m³ ..... kr.	336.000.-
H: Smiðshús: " 8.2o " " 6.1o " " 2.2 " " 3.8 " = 205.1o " ..... "	164.000.-
I: geymsla: " 15.oo " " 6.oo " " 2.7 " " = 243.oo " ..... "	72.900.-
Húsin, stafl. G, H og I, eru virt á samtals ..... kr.	572.900.-
Samtals eru húsin, stafl. A, B, C, D, E, F, G, H og I, virt á ..... kr.	918.300.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótamat nr. 12177

Gata og númer: VATNSVEITUVEGUR - SELÁS HÚS NR. 2.

Mót framkvæmd: 25.03.81.	Metið kr.
Nýtt hesthús, byggt úr steinsteypu og timbri, einangrað með plasti, og með bárujárnsþaki. Húsið er 1 hæð.	
Á hæðinni er hesthús, geymsla, hnakkageymsla og hlaða.	
Stærð hússins:	
L. 7,80 m., br. 16,70 m., h. 2,20 m., ris 1,60 m. Samtals 391 m^3	
" 5,80 " " 15,06 " " 4,00 " " 1,50 " " 415 m^3 806 m^3	
Húsið með tilheyrandi er metið á	558.558,00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótamat nr. 12178

Gata og númer: VATNSVEITUVEGUR - SELÁS HÚS NR. 3

Mót framkvæmd: 25.03.81.	Metið kr.
Nýtt hesthús, byggt úr steinsteypu og timbri, einangrað með plasti og með bárujárnsþaki. Húsið er 1 hæð.	
Á hæðinni er hesthús, geymsla, hnakkageymsla, hlaða. 8 hurðir eru.	
Stærð hússins:	
L. 7,80 m., br. 16,70 m., h. 2,20 m., ris 1,60 m. ..... 391 m^3	
" 5,80 " " 15,06 " " 4,00 " " 1,50 " ..... 415 m^3 806 m^3	
Húsið með tilheyrandi er metið á	558.558,00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótamat nr. 12047

Gata og númer: VÍÐIDALUR - FAXABÓL C

Mót framkvæmd: 29.09.80.	Metið kr.
Nýtt hesthús.	
Steinsteyptur grunnur og veggir milli hlöðu og hesthúss. Bárujárn að utan. Á hæðinni eru 6 hlöður, 6 hesthús og 2 taðþrær.	
Þau eru einangruð og klædd að innan með eldþolnu efni.	
Stærð hússins:	
L. 24,66 m., br. 9,50 m., h. 2,50 m., ris 2,10 m. Samtals 832 m^3	
Húsið með tilheyrandi er metið á	39.939.000,-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótamat nr. 12046

Gata og númer: SELÁS

Mót framkvæmd: 29.09.80.	Metið kr.
Nýtt hesthús, byggt úr steinsteypu og timbri, einangrað með plasti og með bárujárnsþaki. Húsið er 1 hæð.	
Á hæðinni eru 3 hesthús.	
Vísað er að öðru leyti til lýsingar á hesthúsi í brunabótanr. 11734.	
Stærð hússins:	
L. 7,80 m., br. 16,70 m., h. 2,20 m., ris 1,60 m.	
" 5,80 " " 15.06 " " 4,00 " " 1,50 " Samtals 806 m^3	
Húsið með tilheyrandi er metið á	36.754.000,00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4353

Gata og númer: Selás ~~Hólmsland~~, Lyngholtsnes.

Mót framkvæmd: (16/10/1943) 25/9 1955	Metið kr.
Sumarbústaður, úr bindingi, klæddur utan með plægðum borðum á veggjum og m með járnþaki á pappa og borðasúð. I útveggjabindingi eru 2 pappalög, allt er húsið þiljað innan, strigalagt og ýmist veggfóðrað eða málað. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og forstofa. Stærð: L. 5.5 m. br. 4.5 m. h. 2.5 m. ris 1.2 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	11.180.-
Virt 25/9 1955. Húsið hefir verið stækkað frá síðasta mati 16. okt. 1943, með skúrbygg- ingu úr timbri, múrhúðað, bárujárn á þaki. Þar er 1 herbergi, ytri og innri gangur, stoppað með steinull, timburklæðning með asbesti, málað og dúklagt. - Eldra húsið er þannig breytt, að stoppað hefir verið með steinull, timburklætt og texklætt þar yfir. Allt málað og dúklagt. Rafmagn, skólp og vatn leitt í húsið. Stærð hússins: L. 5.5 m. Br. 4.5 m. H. 2.5 m. Ris 1.2 m. = 76.73 m^3 " viðbygg.: L. 4.8 m. Br. 2.5 m. H. 2.5 m. skáþak. = 30.00 m^3 Alls 106.73 m^3 Húsið, með viðbyggingu og tilheyrandi, er metið á . . . . . .Kr.	74.700.oo
Virt 28/9 1977. Frá síðasta mati hafa verið gerðar ýmsar endurbætur á húsinu og óskast matið hækkað til samræmis við það. Stærðir: L. 8.00 m., br. 11.00 m., h. 2,9 m., 255 m^3 Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á .....kr.	5.100.000

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótafélag Íslands nr. 4397

Gata og númer: Hólmsland, Rauðhólaskáli.

Mót framkvæmd: (16/10/1943.) (29/9/1947.) (10/8/1948.) 10/10/1953.	Metið kr.
Sumarbústaður, úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa og járni á veggjum og þaki. Steinsteypugrunnur er undir húsinu. I sðalhúsinu er fundar- eða veitingasalur, en í viðbyggingunni eru 2 herbergi og eldhús, allt þiljað innan og ferneserað.	
Stærð íbúðarhússins: L. 20.0 m. br. 7.0 m. h. 3.3 m. ris 1.0 m.	
" viðbyggingar: L. 6.5 m. br. 5.9 m. h. 3.3 m. ris 1.0 m.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	63.430.-
29/9/1947.	
Húsið er að ytra frágangi óbreytt frá síðasta mati 16. okt. 1943. Inna hefir því verið nokkuð breytt. Af samkomusal, er áður var, hefir verið þiljað tvö herbergi, klædd trétexi á binding með álímdum pappír á veggjum. Einnig hefir verið alþiljað hreinlætisherbergi. Ennfremur hafa raflagnir verið auknar og endurbættar, rafmagnsþilofnar settir í húsið og hitaleiðslur.	
Sumarbústaður : L 20.0 m., br. 7.0 m., h. 3.3 m., ris 1.0 m.	
Viðbygging : L 6.5 m., br. 5.9 m., h. 3.3 m., ris 1.0 m.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	149.200.-
10/8/1948.	
Húsið er óbreytt það sem virt var síðast 29. september , en síðan hefir verið byggt við húsið, 1 hæð og ris úr timbri, járnklætt utan, þiljað innan með panel í hólf og gólf og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Þar eru 3 herbergi, gangur, steypibaðherbergi og 4 v.s. með steingólfi, allt málað eða fermíserað. Rafmagnsupphitun er í viðbyggingunni. Þakhæðin er óinnréttuð. Tekið skal fram, að ekki var búið að járnklæða viðbygginguna né mála, þegar virt var, en tekið sem fullgert í matið.	
Stærð hússins: L 20.0 m. br. 7.0 m. h. 3.3 m. ris 1.0 m.	
" nýrrar do: L 8.4 m. br. 7.5 m. h. 3.3 m. ris 1.0 m.	
" elri viðb: L 6.5 m. br. 5.9 m. h. 3.3 m. ris 1.0 m.	
" do do : L 7.0 m. br. 5.2 m. h. 3.3 m. ris 0.8 m.	
" do do : L 7.0 m. br. 5.2 m. h. 3.3 m. ris 0.8 m.	
Húsið, ásamt öllum viðbyggingum og tilheyrandi, er virt á.....kr.	284.600.00
Virt 10/10/1953.	
Húsin eru óbreytt frá síðasta mati 10. ágúst 1948, en við þau hefir verið reist ný viðbygging, 1 hæð og lágt ris, byggð úr timbri, klædd utan bárujárni, þiljuð innan með timbri o. fl. og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Þar eru 3 íbúðarherbergi og gangur, lakkað innan í hólf og gólf.	

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. .....

Gata og númer: .....

Mót framkvæmd:	Metið kr.
Frh.	
Dvalarheimili: L 20.0 br. 7.0 h. 3.3 ris 1.0 = 532.00 m^3	
Viðbygg. : L 8.4 br. 7.5 h. 3.3 ris 1.0 = 239.40 m^3	
do. : L 6.5 br. 5.9 h. 3.3 ris 1.0 = 145.73 m^3	
do. : L 7.0 br. 5.2 h. 3.3 ris 0.8 = 134.68 m^3	
do. : L 7.0 br. 5.2 h. 3.3 ris 0.8 = 134.68 m^3	
Ný do. : L 7.1 br. 7.0 h. 3.0 ris 1.0 = 173.95 m^3	
1360.44 m^3	
Húsið, ásamt öllum 5 viðbyggingum og tilheyrandi, er virt á.....	598.600.00
Virt: 21/6 1976.	
Húsið er nú endurmetið til lækkunar.	
Stærðir hússins eru óbreyttar = 1.360 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.	12.000.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótamat nr. 10975

Gata og númer: Suðurlandsbraut. Víðivellir v/Norðlingabraut.

Möt framkvæmd: 3.ágúst 1976	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 1 hæð, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Múrhúðað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Olíukynding.	
1.hæð: Þar er anddyri, skáli, 6 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók. 1 baðherbergi með kerlaug, 2 vs., 2 handlaugar. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir og viðarklæddir. Gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Dúkur á gólfum og parket.	
Einnig er þvottahús, kyndiklefi og geymsla.	
Stærð hússins: L 17,0 m., Br. 12,65 m., H. 2,8 m., Ris 1,2 m. = 731,0 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	16.000.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 9809

Gata og númer: Suðurlandsbraut Selás/Baldurshagi

Möt framkvæmd: 18.jan. 1972	Metið kr.
Nýtt hesthús fyrir 14 hesta, hlaða og hnakkageymsla. Byggt úr timbri á steinsteyptum grunni. Einangrað með plasti. Klætt utan með bárujárni. Bárujárnsþak.	
Stærð: L 16,00 m., Br. 7,00 m., H. 2,50 m., Ris 1,7 m. = 375 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	490.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8863

Gata og númer: Suðurlandsbraut, Selás.

Möt framkvæmd: 22/1/66 24/1/1967	Metið kr.
Nýtt hesthús og hlaða. Byggt úr steinsteypu og timbri. Einangrað með plasti. Slétthúðað og bárujárn. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Engin upphitun.	
1. hæð: Básar fyrir 56 hesta, heyhlaða, hnakkageymsla.	
Stærð hússins:	
A Hlaða L 25,6m., Br. 6,5m., H. 4,6m.; Ris 1,9m. = 924 m^3	626.000.oo
B Hesthús L 18,00 m., Br. 7,8m., H. 2,6m., Ris 1,6m.) " L 18,00m., Br. 7,8m., H. 2,6m., Ris 1,6m) = 955 m^3	971.000.oo
C Hnakkag. L 7,8m., Br. 2,5m., H 2,6m.,) " L 7,8m., Br. 2,5m., H. 2,6m.) = 101 m^3	103.000.oo
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	1.700.000.oo
Virt:24/1/1967	
D: Nýjar tvær hesthúsálmur, ein hlaða og 2 hnakkageymslur. 28 básar.	
Stærð hússins:	
D. hlaða L. 25.6 m. br. 6.5 m., h. 4.6 m., ris 1.9 m. = 924 m^3	721.000.oo
E. hesth. L. 18.0 m. br. 7.8 m., h. 2.6 m., ris 1.6 m.	
" " L. 18.0 m.,br. 7.8 m., h. 2.6 m., ris 1.6 m. = 955 m^3	1.117.000.oo
F. hnakkag. L. 2.5 m, br. 7.8 m., h. 2.6 m.,	
" " L. 2.5 m.,br. 7.8 m., h. 2.6 m., = 101 m^3	118,000.oo
Húsið ásamt tilheyrandi, er virt á..... kr.	1.956.000.oo

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 6047

Gata og númer: S e l á s 2

Mót framkvæmd: 28/2/1953.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, 1 hæð og ris, byggt úr hlöðnum holsteini á steinsteyptan grunn, slétthúðað utan, klætt innan timbri, pappa og múrhúð og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, allt ýmist veggfóðrað eða málað, gólf öll úr timbri ferníseruð. Niðurgrafin steinsteypt kolamiðstöð. Þakhæð er smágeymsla.	
Stærð hússins: L 10.4 br. 7.0 h. 2.8 ris 1.5	
" útskots: L 3.4 br. 1.0 h. 2.8 ris 0.8	
" kjallara: L 3.4 br. 8.0 h. 2.2	
Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....	153.000.00

H. 4-8-50-1000

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 6183

Gata og númer: S e l á s 2

Mót framkvæmd: 5/3/1954.

Metið kr.

Nýtt geymsluhús, 1 hæð með bogaþaki, byggt úr timbri (trégrind) og bárujárni á steinsteyptan grunn, engin einangrun. Þar er vörugeymsla ósundurhólfuð. Við geymsluna er yfirbyggt port úr timbri og bárujárni. Inni í portinu er bílskúr úr bárujárni og timbri, klæddur innan timbri og gosull. ósundurhólfaður.

Stærð hússins	:	L 14.0	br. 8.5	h. 2.7	=	321.30 m^3
" ports	:	L 10.0	br. 8.5	h. 2.3	=	195.50 m^3
" bílsk.	:	L 7.5	br. 3.5	h. 2.3	=	60.37 m^3
						577.17 m^3

Húsin, ásamt tilheyrandi, eru virt sameiginlega á..... 69.300.00

H. 4-8-50-1000

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 10264

Gata og númer: Selásblettur 4 B

Möt framkvæmd: 19.jan. 1974	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 1 hæð og ris, er byggt úr timbri, einangrað með steinull. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Olíukynding.	
1.hæð.: Þar er anddyri, skáli, 3 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók, 1 baðherbergi með kerlaug, steypa, 1 vs., 1 handlaug. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler er tvöfalt í gluggum. Hurðir málaðar. Gólf dúklögð. Þvottahús.	
Ris: Þar er skáli og 4 íbúðarherbergi.	
Stærð hússins: L 9,00 m., Br. 7,2 m., H. 2,80 m., Ris 2,6 m. = 350 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	1.400.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 7068.

Gata og númer: Suðurlandsbraut, Rauðavatn I. gata nr. 35.

Möt framkvæmd: 10/8/1958.	Metið kr.
Nýr sumarbústaður, byggður úr steinsteypu og timbri, einangraður með pappa og múrhúð, múrhúðaður utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Sumarbústaðurinn er ein hæð og ris.	
Á 1. hæð eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og anddyri. Allt málað og dúklagt.	
Þakhæð er ónothæf.	
Stærð hússins:	
L. 10.00 m., br. 3.00 m., h. 2.60 m., ris 0.8 m., = 90.00 m^3.	
Sumarbústaðurinn með tilheyrandi er metinn á ..... kr.	65.800.-

H 5 - 58 - 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 10048

Gata og númer: Suðurlandsbraut, Rauðavatn 2-gata 35

Möt framkvæmd: 21.marz 1973	Metið kr.
Nýr sumarbústaður, byggður úr timbri, einangraður með plasti. Óhúðaður utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Olíukynding.	
1.hæð: Þar er anddyri, 3 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók, vs., handlaug. Veggir eru málaðir, gler eru tvöföld í gluggum. Parket á gólfum.	
Stærð hússins:	
L 8,00 m., Br. 5,45 m., H. 3,00 m. = 131 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	498.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótafélag Íslands

Brunabóta nr. 4259

Gata og númer: Selás 3.

Möt framkvæmd: a 15/10/1943. b. 29/6/1946.	Metið kr.
Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Steinsteypugrunnur er undir húsinu og þiljað innan, lagt striga og pappa, bæði veggir og loft og allt málað. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og anddyri. Áfastur við húsið er geymsluskúr, byggður úr samskonar efni og með sama frágangi eins og það.	
Stærð íbúðarhússins: L. 5.5 m. br. 5.1 m. h. 2.7 m. ris 0.8 m.	
" geymsluskúrs: L. 1.9 m. br. 1.8 m. h. 2.0 m. skáþak.	
Húsið, ásamt geymsluskúr og tilheyrandi, er virt á.....	16.960.-
b. Íbúðarhús, 1 hæð, port, ris og kjallari, hlaðið úr holsteini m/þaki úr borðum, pappa og bárujárni. Loft eru úr járnbentri steinsteypu og hvíla á járnbentum súlum, en skilrúm að öðru leyti úr venjulegri steinsteypu. I aðalhæðinni eru 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús, baðherbergi m/v.s. og gangur, allt múrhúðað og málað. Í risi er klætt innan með trétexi og múrhúðað yfir og málað. Þar eru 6 íbúðarherbergi, 1 eldhús m/rafeldavél, baðherbergi m /keri og v.s. og gangur. Í kjallara er miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi m/þvottavél og potti, auk þess geymslur og gangur. Húsið er slétthúðað utan og hvíttað.	
Stærð hússins: L. 17.0 m. br. 9.0 m. h. 8.2 m. með kjallara meðalh.	
" aukakj: L. 9.0 m. br. 1.5 m. h. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	268.800.-
Samtals	285.760.-
Stafliður A. er fluttur á A-götu nr. 6 í Blesugróf..... bsnr. 4332	16.960.00
	268.800.00

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4262

Gata og númer: S e l á s (4.) 3.

Mót framkvæmd: (15/10/1943.) 27/12/1950.	Metið kr.
Ibúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Steinsteypugrunnur er undir húsinu. Allt er það þiljað innan, strigalagt, pappaklætt og málað. I húsinu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Geymsluskúr er byggður upp við húsið, að öllu leyti eins og það.	
Stærð íbúðarhússins: L. 5.5 m. br. 5.1 m. h. 2.7 m. ris 0.8 m.	
" geymsluskúrs: L. 1.9 m. br. 1.8 m. h. 2.0 m. skáþak.	
Húsið, ásamt geymsluskúr og tilheyrandi, er virt á.....	15.460.-
Virt 27/12/1950.	
Húsið hefir frá síðasta mati 15. október 1943 verið stækkað úr sama efni og er nú allt múrhúðað utan á járn. Þar eru nú 4 íbúðarherbergi, eldhús v.s., forstofa, veggfóðruð herbergin, gangur og eldhús málað, allt dúklagt. Skúrinn hefir verið rifinn, byggður upp norðan við húsið úr sama efni og múrhúðaður utan. Þar er kolamiðstöð.	
Stærð hússins: A L 10.0 m. br. 5.0 m. h. 2.6 m. ris 1.0 m.	
" útskots: " L 3.6 m. br. 2.0 m. h. 2.6 m. ris 1.0 m.	
" do : " L 3.6 m. br. 2.0 m. h. 2.6 m. ris 1.0 m.	
Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á.....	79.900.00
B. Geymsluskúr hefir verið byggður skammt frá húsinu úr timbri, óvarinn á veggjum, en með járnþaki, ósundurhólfaður, steypt gólf.	
Stærð skúrsins: L 4.0 m. br. 5.0 m. h. 2.0 m. ris 1.0 m.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	5.100.00
Samtals krónur	85.000.00

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4248

Gata og númer: Selás 3

Möt framkvæmd: 3.okt. 1975	Metið kr.
Nýtt verkstæði og vörugeymsla. Húsið, sem er byggt úr steinsteypu og timbri, er 1 hæð og ris. Einangrað með plasti. Slétthúðað og utan vatnsklætt. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.	
1.hæð: Þar er vélasalur, trésmíði, dekksalur, geymslur, sprautuklefi, spónaskurður. Bílskúr, skrifstofa.	
Stærð hússins:	
L 40,o m., Br. 5,88m., H. 2,3 m., Ris 1,0o)	
L 23,9 m., Br. 5,10 m., H. 2,3 m. Ris 1,20 } = 1.519 m^3	
L 16,0 m., Br. 8,70 m., H. 3,0 m. Ris 1,30)	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	10.633.000.-
$	
Virt:21/6.1978.	
Frá síðasta mati hefur húsið verið endurbyggt,bæð að utan og innan.það er á stein - vr. steyptum grunni,hlaðið úr holsteini,klætt með timbri,mlað að utan,með bárujárn á þaki. Húsið er málað og klætt að innan,tvöfalt gler í gluggum.Stærðir eru þær sömu.	
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....kr	30.380.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4656

Gata og númer: Selás blettur. Suðurlandsbraut.

Möt framkvæmd: 20/11/1945.	Metið kr.
Sumarbústaður, hlaðinn úr vikursteini á steyptum grunni, með þaki úr borðum, pappa og asbesti. Innan á útveggjum er trétex. Skilrúm eru hlaðin úr vikri og íbúðarherbergi ýmist veggfóðruð eða máluð. Timburloft er í húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi smámompa og eldhús með tvíhólfa eldavél, sem hitar húsið jafnframt . Húsið er slétthúðað utan.	
Stærð: 8.0 x 3.0 m. Úskot: 2.0 x 5.8 m. } h. 2.3 m. meðalris 1.0 m. Do: 3.0 x 1.1 m.	
Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á.....	21.600.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4416

Gata og númer: Selásblettur 3A, ~~Laugarnesbr.~~ ~~S e l á s 3 A,~~ (Minstibær.) Minnstiher

Möt framkvæmd: 22/5/1947.	Metið kr.
Sumarbústaður úr timbri á steyptum grunni, járnklæddur á veggjum og þaki.	
Þar er eitt íbúðarherbergi, veggfóðrað og eldhús m/kolaeldavél.	
Stærð : L 4.6 m., br. 2.9 m., h. 2.4 m., ris 1.0 m.	
Sumarbústaðurinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	9.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótamat nr. 10764

Gata og númer: Selásblettur 6 A, Suðurlandsbraut.

Mót framkvæmd: 23.sept. 1976	*Metið kr.*
Nýr sumarbústaður og hænsnahús. Húsið, sem er 1 hæð, byggt úr timbri á steinsteyptum grunni, er óeinangrað. Klætt utan timbri og pappa. Þakið er timbur, pappi og bárujárn.	
Húsið: þar eru 2 íbúðarherbergi, veggfóðruð, einföld gler, málaðar hurðir. Gólf eru dúklögð.	
Hænsnahús: byggt úr timbri, einföld gler.	
Stærðir: Íbúðarhús: L 6,5 m., Br. 7,00 m., H. 2,7 m. Ris 1,2m. = 150m^3	800.000.-
Hænsnahús: L 13,00 m., Br. 11,50 m., H. 2,5 m., Ris 0,80.=434m^3	700.000.-
Húsin, ásamt tilheyrandi, eru virt á .....kr.	1.500.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 7067.

Gata og númer: Selásblettur 6, v/Suðurlandsbraut.

Möt framkvæmd: (10/8/1958.) 17/11/1962.		Metið kr.
Nýtt íbuðarhús, ein hæð og ris, byggt ur timbri, einangrað með wellit, klætt barujarni utan og með þaki ur timbri pappa og barujarni.		
Á 1. hæð eru 3 íbuðarherbergi, eldhus m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug, anddyri og forstofa. Allt málað og duklagt. Einfalt gler er í gluggum. - Auk þess er á hæðinni þvottahus og kyndiklefi m/oliukyndingarkatli. Þakhæð er onothæf.		
Stærð hussins:		
L. 7.oo m., br. 9.25 m., h. 2.80 m., ris 1.50 m. = 229.86 m^3.		
Husið með tilheyrandi er metið a	kr.	165.500.-
Virt 17/11. 1962.		
Frá síðasta mati, 10/8 1958, hefur húsið verið fullgert bæði úti og inni. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum.		
Nýr bílskúr, byggður úr timbri, klæddur bárujárni utan.		
Stærð hússins:		
A: L. 7.o m., br. 9.25 m., h. 2.8 m., ris 1.5 m. = 229.86 m^3.....	kr.	276.000.-
B: " 7.3 " " 5.2o " " 2.5 " = 95.oo m^3.....	"	24.000.-

H 5 - 58 - 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 185

Gata og númer: Suðurlandsbraut. Selásblettur 6

Möt framkvæmd: 27/6/67	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 1 hæð, ris, 2 kvistir, er byggt úr steinsteypu. Einangrað með plasti. Klætt utan með bárujárni. Þakið er timburþak, bárujárnsklætt. Olíukynding.	
1. hæð: Þar er 1 anddyri, 1 forstofa, 2 íbúðarherbergi, 1 eldhús. Baðherbergi með kerlaug, 1 V.S., 1 handlaugar. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler í gluggum er tvöfalt. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð. Þvottahús er á hæðinni. Kynding úr holsteini.	
Þakhæð: Þar er stigahús, 2íbúðarherbergi, 1 eldhús, V.S., 1 handlaug. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Hurðir eru málaðar. Gólf eru dúklögð.	
Stærð hússins:	
L 8,4m., Br. 7,2m., H. 2,7m., Ris 3,25m.) = 276 m^3	
L 2,5m., Br. 1,8m., H. 2,9m.)	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.	628.000.oo

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4777

Gata og númer: Selásblettur 8. ~~Selás 8.~~

Möt framkvæmd: 10/8/1946.	Metið kr.
Sumarbústaður úr timbri á steinsteyptum grunni. Þak er úr borðum, pappa eternitplötum, en múrhúðaður á veggjum. Innan á binding er klætt borðum, pappa og álímdur veggjapappír. I húsinu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, eldfæralaust og inngangur.	
Stærð: L. 5.0 m. br. 5.5 m. h. 2.7 m. ris 0.8 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	20.400.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 7012

Gata og númer: SELÁSBLETTUR 9 v/SUÐURLANDSBRAUT

Möt framkvæmd: 25/3/1958	Metið kr.
Er nýr geymsluskúr, 1.hæð, byggður úr timbri, óeinangraður og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.	
Skúrinn er ósundurhólfaður, með löngum glugga í þaki. Hurð er úr timbri, járnklædd. Skúrinn er fernisborinn utan.	
Stærð skúrsins.	
L. 12.0m., h. 7.0m., br. 4.1m., Alls 344.40m^3	
Geymsluskúrinn með tilheyrandi er metið á..... Alls kr.	103.300

H S - 58 - 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 7789.

Gata og númer: SUÐURLANDSBRAUT, Selásbl. 11 A.

Möt framkvæmd: 30/3/1961.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, ein hæð og ris, byggt úr timbri, einangrað með texi og múrhúðað, vatnsklæðning að utan og bárujárn á þaki. Olíukynding.	
Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug, anddyri og forstofa. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum og hurðir eru málaðar. Ennfremur er á hæðinni þvottahús, kyndiklefi og geymsla.	
Ris er ónothæft.	
Stærð hússins:	
L. 12.5 m., br. 6.4 m., h. 2.5 m., ris 1.o m. = 240.oo m^3.	
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr.	204.000.-
Virt 28/10 1972.	
Húsið er byggt úr timbri steyptur grunnur, klætt með bárujárni 1 hæð, engin upphitun.	
C. L. 2,5 m., br. 7,50 m h. 2,3 431 m^3	486.000
D. L. 9,0 m., br. 4,7 m h. 3,55	
" L. 7,60 m, br. 5.0 m h. 2,50 = 245 m^3	245.000
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á .....kr.	731.000

H 7 – 62 – 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 9974

Gata og númer: Suðurlandsbraut Selásblettur 12 A I 7160-7012-00

Möt framkvæmd: 24.okt. 1972	Metið kr.
Gripahús. lhæð, stíað sundur í fuglastíur. Steyptur grunnur, byggt úr timbri, klætt utan bárujárni. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Engin upphitun.	
Stærð hússins: L 10,50 m., Br. 9,80 m., H. 2,20 m., Ris 1,90 m.=324m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	389.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2987.

Gata og númer: ~~S e l á s 12 A.~~ Suðurlandsbraut, Selásblettur 12A.

Mót framkvæmd: 25/2/1947.	Metið kr.
Íbúðarhús á steinsteyptum grunni, byggt úr timbri , klætt utan á veggjum og þaki með borðum pappa og járni. Að innan er það klætt með panel, olíuborið og málað. Þar eru tvö íbúðarherbergi, eldhús og inngangur.	
Stærð : L 5.0 m., br. 7.0 m., h. 2.3 m., ris 0.8 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	18.800.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 9973

Gata og númer: Suðurlandsbraut, Selás 12 B 7160-4053-00

Möt framkvæmd: 24.okt. 1972	Metið kr.
Nýtt hænsnahús og gripahús. 1 hæð, byggt úr timbri, einangrað með plasti. Bárujárnsklætt. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Upphitun er engin. Fóðurgeymsla og stíur.	
Stærð hússins: L 18,00 m., Br. 8,00 m., H. 2,5 m., Ris 1,25 m.=454 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	363.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4403

Gata og númer: ~~Selás.~~ SELÁS Suðurlandsbraut, Þvottajaðblettur

Mót framkvæmd: 16/10/1943.	Metið kr.
Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Í útveggjabindingi er pappalag og allt er húsið þiljað innan. Neðan á loftbita er þiljað með masonitplötum og allar íbúðir hússins eru ýmist málaðar eða veggfóðraðar innan. Geymslukjallari úr steinsteypu er undir húsinu. Í honum er moldargólf. Í aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og anddyri. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Í kjallara eru geymslur.	
Stærð aðalhússins: L. 11.7 m. br. 6.6 m. h. 2.9 m. ris 3.5 m. kjh. 2.1 m.	
" útskots: L. 3.7 m. br. 1.0 m. h. 2.9 m. ris 3.5 m. kjh. 2.1 m.	
" do: L. 4.0 m. br. 0.5 m. h. 2.9 m. ris 3.5 m. kjh. 2.1 m.	
Húsið, ásamt 2 útskotum og tilheyrandi, er virt á.....	68.720.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 6132

Gata og númer: S e l á s 2A

Mót framkvæmd: 10/10/1953.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, 1 hæð og ris, byggt úr timbri á steinsteyptan grunn, klætt utan bárujárni, en innan tex i og pappa og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. Á hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. m/handlaug og forstofa, allt veggfóðrað og málað og dúkar á gólfum. Þakhæð óinnréttuð.	
Stærð hússins : L 7.2 br. 7.8 h. 2.8 ris 1.20 = 190.94 m^3	
" inngskúrs: L 1.8 br. 2.8 mh 2.1 skáþak = 10.58 m^3	
201.52 m^3	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á	96.700.00

H. 4-8-50-1000

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 6820

Gata og númer: SELÁSBLETTUR 4A v/RAUÐAVATN

Möt framkvæmd: 30/7/1957.	Metið kr.
Nýr sumarbústaður, ein hæð, geymsluris og kjallari undir hluta hússins, byggður úr timbri á steinsteyptum sökkli, einangraður að innan með timbri og trétexi, klæddur að utan með bárujárni og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.	
Á hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og forstofa. Allt málað. Timburgólf. - Upphitun: kolakynding frá miðstöðvareldavél í eldhúsinu.	
Kjallarinn, sem er aðeins undir litlum hluta af húsinu, er notaður sem eldiviðargeymsla.	
Stærð hússins:	
L. 4.9 m. Br. 3.6 m. H. 2.3 m. Ris 0.7 m.	
Viðb. L. 5.4 m. Br. 2.6 m. H. 2.6 m. Ris 0.8 m. Alls 89.74 m^3	
Húsið, með tilheyrandi, er metið á . . . . . Kr.	55.600.00

H. 10-57-300

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4258

Gata og númer: Selás (2.) 5

Mót framkvæmd: (15/10/1943.) 6/2/	Metið kr.
Ibúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum og pappa á veggjum og þaki. Húsið er allt þiljað innan og veggir lagðir striga og veggfóðraðir, en þiljað er neðan á þakbita með panel og loftin máluð.	
2 viðbyggingar eru áfastar við húsið, báðar byggðar eins og það, að öllum frágangi. Í húsinu og viðbyggingunum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og anddyri.	
Stærð aðalhússins: L. 3.3 m. br. 2.5 m. h. 2.2 m. ris 0.6 m.	
" viðbyggingar: L. 1.8 m. br. 3.3 m. h. 2.1 m. skáþak.	
" do: L. 4.1 m. br. 1.5 m. h. 2.0 m. skáþak.	
Húsið, ásamt 2 viðbyggingum og tilheyrandi, er virt á.....	7.600.-

Virt 6/2/1943.

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4265

Gata og númer: Selás 6, Hulduhamar.

Mót framkvæmd: (15/10/1943.) 20/6/1960.	Metið kr.
Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, vírneti og múrhúð á veggjum og með þaki úr borðasúð, pappa og báruasbesti. Húsið er allt þiljað innan, ýmist með sléttum asbestplötum, eða panelþiljum, allt olíumálað innan. Trégólf er í húsinu.	
Viðbygging er við húsið, byggð eins og það að efni til og öllum frágangi. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, salerni og gangur. Húsið er sæmilega vandað.	
Stærð aðalhússins: L. 5.1 m. br. 3.2 m. h. 2.6 m. ris 0.5 m.	
" viðbyggingar: L. 5.1 m. br. 2.0 m. h. 2.4 m. skáþak.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	12.450.-

Virt 20/6. 1960.

Frá síðasta mati, 15/10 1943, hefur verið byggð viðbygging við húsið, úr timbri, klætt utan bárujárni og múrhúðað, klætt innan með gibsonit og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Steinsteypt plata er undir húsinu.

Í viðbyggingunni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v. s. og forstofa. Allt málað og dúklagt.

Eldra húsið er óbreytt, nema að viðhaldi.

Stærð hússins:

L. 4.o m., br. 8.o m., h. 2.65 m., ris 0.8 m.
" 4.8 " " 5.1 " " 2.65 " " 0.6 "
" 1.4 " " 1.8 " " 2.65 " " skáþak = 176.48 m³.

Húsið með tilheyrandi er metið á ..... kr. 140.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4271

Gata og númer: Selás, 7, Sólhóll.

Mót framkvæmd: 15/10/1943. 25/6/1964. 30/8/1971	Metið kr.
Íbúðarhús, úr steinsteypu, múrhúðað utan, þak er úr járni á pappa og borðasúð. Trégólf er í húsinu og skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum og þiljað er innan á útveggi og neðan á loftbita. Allar þiljur eru vírlagðar og múrsléttaðar og allt er húsið málað innan. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi og eldhús. Húsið er skeljað utan.	
Stærð: L. 6.2 m. br. 5.2 m. h. 2.6 m. ris 0.9 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	18.320.-
Virt 25/6/1964.	
Frá síðasta mati 15/10/1943, hefur 1. hæð verið stækkuð. Þar eru nú 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug, anddyri, og forstofa. Allt málað og gólf ýmist málað eða dúklagð. Hluti er með tvöföldu gleri í gluggum, en einfalt annarsstaðar. Hurðir eru úr harðviði.	
Kjallari er undir eldri hluta hússins og eru þar 2 geymslur og kyndiklefi.	
Stærð hússins:	
L. 10.7 m., br. 5.8 m., h. 2.9 m., ris 1.0 m.	
L. 3.15 " br. 2.0 m., h. 2.5 m.,	
L. 6.25 " br. 5.35 " h. kj. 2.2 m. = 300.00 m^3.	
~~Stærð hússins~~ Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	450.000.-
Virt: 30/8/1971.	
Stærði óbreyttar frá síðasta mati, en allar innréttingar nýjar, veggir klæddir harðviði, nýir sólbekkir og tvöfalt gler í gluggum, eldhúsið lagað sett nýtt masaik og nýr vaskur ofl. Öll íbúðin máluð og endurbætt.	1.140.000.-
Stærð hússins:	
L. 10.70 m., br. 5.80 m., h. 2.9 m., ris 1.0 m.	
L. 3.15 m., br. 2.00 m., h. 2.5 m.	
L. 6.25 m., br. 5.35 kj. 2.2 m. = 300.00 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	1.140.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 5782

Gata og númer: Selás 8

Mót framkvæmd: 6/2/1952.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, 1 hæð og ris, hlaðið úr steyptum steini á steinsteyptan grunn, slétthúðað utan, klætt innan pappa, masonit og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 v.s., anddyri m/stigagangi, 2 innri forstofur og 2 fastir skápar, eldhúsin, 1 herbergi og önnur innri forstofa eru máluð, hitt veggfóðrað og málað, allt dúklagt. Á þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, stigahús og 2 geymslur undir súð, allt ófrágengið.	
Stærð hússins: L 12.0 br. 8.0 h. 2.7 ris 3.1 = 412.80 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	173.400.00

H.4 10-'51-1000

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 5783

Gata og númer: S e l á s 8A

Mót framkvæmd: 6/2/1952.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, 1 hæð með valmarisi, byggt úr timbri á steinsteyptan grunn, klætt utan bárujárni og múrhúð, en innan spónasteypu og múrhúð og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni er 1 íbúðarherbergi, eldhús og forstofa, allt málað, gólf texklædd og dúklögð; ennfremur smágeymsla. Á þakhæð er smágeymsla.	
Stærð hússins: L 6.0 br. 3.6 h. 2.7 ris 1.5 = 75.60 m^3	
A. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	37.800.00
Nýr bifreiðaskúr er á lóðinni, hlaðinn úr steini, múrhúðaður utan óhúðaður innan, ósundurhólfaður, notaður til geymslu.	
Stærð hússins: L 6.5 br. 4.5 h. 2.3 skáþak = 67.27 m^3	
B. Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	8.700.00
Samtals krónur	46.500.00 ✓

Virt 15/3 1977.
Frá síðasta mati hafa farið fram ýmsar endurbætur á húsinu og óskast matið hækkað til samræmis við það.
Bílskúr byggður úr timbri, járnvarinn á steypptum sökkli.
Stærðir:

A) L. 6,12 m.,br. 3,60 m., h. 2,7 m., ris 1,50 m) 192 m^3
L. 9,20 m., br.3,65 m., h. 2,7 m., " 1.50 m)
Bílsk. L. 4,30 m., br. 9,16 m., h. 2,5 m., 99 m^3
C) L. 13.40 m., br. 4,7 m., h. 2,20 m., ris 2.00) 202 m^3

Húsið, bílskúrinn, ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr. 6.996.000

H.4 10-'51-1000

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4261

Gata og númer: S e l á s 10.

Mót framkvæmd: 15/10/1943.	Metið kr.
Íbúðarhús, byggt úr timburgrind, klætt utan með borðum, pappa og járni á veggjum og þaki. Húsið er allt þiljað innan og neðan á loftbita og ýmist veggfóðrað eða olíumálað. I húsinu eru 2 íbúðarherbergi, 2 eldhús og 2 anddyri. Dúklagt timburgólf er í húsinu. Viðbygging er eins og húsið að efni og frágangi.	
Stærð íbúðarhússins: L. 5.1 m. br. 4.6 m. h. 2.3 m. skáþak.	
" viðbyggingar: L. 4.3 m. br. 3.9 m. h. 2.3 m. skáþak.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	14.760.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4267

Gata og númer: S e l á s 12.

Mót framkvæmd:(15/10/1943.) 17/7/1947.	Metið kr.
Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum og pappa á veggjum og með asbestþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi og eldhús. Viðbygging er við húsið, byggð að öllu leyti eins og það, bæði að ytri og innri frágangi. Í viðbyggingunni er forstofa og geymsluklefi. Öll er byggingin þiljuð innan með masonite-plötum og olíumálað. Húsið er enn ekki fullgert.	
Stærð: L. 9.1 m. br. 3.1 m. h. 2.4 m. ris 0.6 m.	
" viðbyggingu: L. 3.8 m. br. 1.6 m. h. 2.4 m. ris 0.6 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	13.880.-
þakh. L. 9.5 m., br. 11.11 m., h. 2.7 m., = 1.523.56 m³.	
Húsið með tilheyrandi er metið á.....	kr. 1.600.000.-

Virt 18/8/1970.	
Nýr bílskúr, byggður úr steinsteipu.	
Stærð húsins er:	
B: L. 8.50 m., br. 7.14 m., h. 2.50 m., = 152 m³.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi er virt á	Kr. 198.000,-

H 11 - 60 - 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 7540.

Gata og númer: SÓLHEIMAR 39.

Möt framkvæmd: 20/5/1960.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, tvær hæðir og kjallari , byggt úr steinsteypu, einangrað með wellit, slétthúðað utan, og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.	
Á 1. hæð er 1 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, stigahús og forstofa. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði og tvöfalt gler er í gluggum. Svalir.	
Á 2. hæð eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, stigahús og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði og tvöfalt gler er í gluggum. Svalir.	
Í kjallara er 1 íbúðarherbergi, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði og tvöfalt gler er í gluggum. - Auk þess er í kjallara þvottahús, geymsla og bílgeymsla. Upphitun er frá sameiginlegri kyndistöð.	
Stærð hússins:	
L. 7.90 m., br. 7.83 m., h. 5.o m., ris 1.8 m.	
" 7.96 " " 9.05 " kjh. 2.4 m. Alls 537.87 m^3.	
Húsið með tilheyrandi er metið á ..... kr.	532.000.-

H 11 - 60 - 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8062.

Gata og númer: SÓLHEIMAR 40.

Mót framkvæmd: 31/1/1962.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, tvær hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, slétthúðað og málað utan, og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Upphitun er með olíukyndingu.	
Á I. hæð eru 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús m/borðkrókum, 2 baðherbergi m/kerlaugum, 2 v. s. og 2 handlaugar, anddyri , 1 forstofa og 1 skáli. 2 svalir. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt, tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum.	
2. hæð er eins og 1. hæð, nema þar er 1 íbúð.	
Á þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, stigahús og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og hurðir eru úr harðviði. 1 svalir.	
Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. Ennfremur er í kjallara þvottahús, kyndiklefi og 4 geymslur.	
Stærð hússins:	
L. 14.33 m., br. 11.00 m., h. 5.5 m., kjh. 2.7 m.	
þakh. " 10.00 " " 11.00 " " 2.7 " = 1589.60 m^3.	
Húsið með tilheyrandi er virt á ..... kr.	2.067.000.-

H 11 - 60 - 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 7619.

Gata og númer: SÓLHEIMAR 41.

Möt framkvæmd: 31/10/1960.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, tvær hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, óhúðað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.	
Á 1. hæð er 1 íbúðarherbergi, eldhús, stigahús og forstofa. Allt málað og dúk- eða teppalagt. Hurðir eru úr harðviði og tvöfalt gler er í gluggum. Svalir.	
Á 2. hæð eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug, stigahús og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði og tvöfalt gler er í gluggum. Svalir.	
Í kjallara er anddyri, stigahús, forstofa, v.s. og handlaug. Stigahús er teppalagt og terrassó á anddyri. Auk þess er í kjallara þvottahús, geymsla og bílageymsla.	
Stærð hússins:	
L. 7.9 m., br. 7.83 m., h. 5.o m., ris 1.8 m.	
" 7.96" " 9.o5 " kjh. 2.4 m. 537.87 m^3.	
Húsið með tilheyrandi er metið á ..... kr.	532.000.-

H 7 – 62 – 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 7985.

Gata og númer: SÓLHEIMAR 42.

Möt framkvæmd: 15/11/1961. 18/8/1970.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, 2 hæðir með skáþaki og kjallara, byggt úr steinsteypu, einangrað með vikri, slétthúðað og málað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni og hluta af þaki steyptu.	
Á 1. hæð eru 6 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug,2 v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og hurðir og gerekti úr harðviði. 1 svalir. Þvottahús er á hæðinni.	
2. hæð er eins og 1. hæð.	
Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/steypu, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. Ennfremur er í kjallara kyndiklefi og 2 geymslur. Hluti af kjallara er ætlaður fyrir tannlækningastofur.	
Stærð hússins:	
L. 6.88 m., br. 3.74 m., h. 6.00 m., ris fl. kjh. 2.70 m.	
" 8.65 " " 13.84 " " 6.00 " " " " 2.70 "	
" 2.80 " " 5.10 " " 6.00 " " " " 2.70 " = 1.389.56 m^3.	
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr.	1.667.600.-
Virt: 18/8/ 1970.	
Nýr bílskúr, byggður úr steinsteipu.	
Stærð skúrsins er:	
B: L. 7.20 m., br. 7.92 m., h. 2.5 m., = 143 m^3.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi er virt á .....Kr.	186.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8331

Gata og númer: SÓLHEIMAR 43.

Mót framkvæmd: 17/11/1962.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, 2 hæðir og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með vikri og plasti, slétthúðað og málað utan, og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Upphitun er með olíu.	
Á 1. hæð eru 2 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, v.s. og handlaug, anddyri, forstofa, og skáli. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. 1 svalir.	
Á 2. hæð eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug, stigi og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. 1 svalir.	
Í kjallara er anddyri, þvottahús og 2 geymslur, og bílgeymsla. Tvöfalt gler er í gluggum.	
Stærð hússins:	
L. 7.90 m., br. 7.83 m., h. 5.00 m. ris. 1.8 m.	
Kj. " 7.96 " " 9.05 " kjh. 2.4 m. = 537.87 m^3.	
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr.	673.000.-

H 7 – 62 – 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8293.

Gata og númer: SÓLHEIMAR 44.

Möt framkvæmd: 30/9/1962. 3/11/1964	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, tvær hæðir og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki og plasti, múrhúðað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Upphitun er með olíu.	
Á 1. hæð eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, 2 v. s. og 2 handlaugar, anddyri forstofa og skáli. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Mixað tvöfalt gler og harðviður í hurðum 2 svalir.	
2. hæð er að öllu leyti eins og 1. hæð.	
Ris er ónothæft.	
Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 baðherbergi m/steypu, 2 v. s. og 2 handlaugar, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Mixað tvöfalt gler og harðviður er í hurðum. Ennfremur er í kjallara þvottahús, kyndiklefi, 2 geymslur og 1 undir stiga.	
Stærð hússins:	
L. 12.5 m., br. 6.6 m., h. 5.4 m., ris 1.o m., kjh. 2.7 m.	
" 10.7 " " 5.o " " 5.4 " " 1.o " " 2.7 " = 1.170.oo m^3.	
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr.	1.264.000.-
Virt 3/11/1964	
Nýr bílskúr, byggður úr steinsteypu, með ~~dx~~ steyptu þaki, einangr. m/plasti, hólfaður í tvennt m/steyptum vegg.	
Stærð skúrsins:	
L. 7.2 m., br. 6.95.m., h. 2.5 m. = 125.00 m^3	
Skúrinn ásamt tilheyrandi, er virtur á ..... kr.	64.000.-

H 7 – 62 – 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 7541.

Gata og númer: SÓLHEIMAR 45.

Möt framkvæmd: 20/5/1960.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, tvær hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, slétthúðað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.	
Á 1. hæð er 1 íbúðarherbergi, eldhús, stigahús, og skáli. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði og einfalt gler er í gluggum. Svalir.	
Á 2. hæð eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug, stigahús og gangur. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði og einfalt gler er í gluggum. Svalir.	
Þakhæð er ónothæf.	
Í kjallara er anddyri, forstofa, v.s. og handlaug. Allt málað og dúklagt, hurðir eru úr harðviði og einfalt gler er í gluggum. - Auk þess er í kjallara þvottahús, geymsla og bílgeymsla. Upphitun er frá sameiginlegri kyndistöð.	
Stærð hússins:	
L. 7.90 m., br. 7.83 m., h. 5.00 m. ris 1.8 m.	
kj. " 7.96 " " 9.05 " kjh. 2.4 m., = 537.87 m^3.	
Húsið með tilheyrandi er metið á ..... kr.	532.000.-

H 11 - 60 - 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8265.

Gata og númer: SÓLHEIMAR 46.

Möt framkvæmd: 25/8/1962.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, tvær hæðir með skáþaki, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, slétthúðað og málað utan, og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Upphitun er með olíu.	
Á 1. hæð er 1 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, v.s. og handlaug, anddyri, forstofa og skáli. Allt málað og ýmist dúklögð eða máluð gólf. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. Útgangur úr stofu niður í garð. Ennfremur er á hæðinni þvottahús og kyndiklefi.	
Á 2. hæð eru 5 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug, stigi og forstofa. Allt málað og gólf eru ýmist dúklögð eða máluð. Innbyggðir skápar. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. Ennfremur er 1 geymsla á hæðinni. / 1 svalir.	
Stærð hússins:	
L. 7.2 m., br. 13.00 m., h. 3.9 m.	
e.h. " 7.2 " " 11.80 " " 3.1 " = 628.4 m^3.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	795.000.-

H 7 – 62 – 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 7207.

Gata og númer: SÖLHEIMAR 47.

Möt framkvæmd: 28/2/1959.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, tvær hæðir og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, múrhúðað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.	
Á 1. hæð er 1 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og forstofa. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði. Tvöfalt gler er í gluggum. - Svalir.	
Á 2. hæð eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug og stigahús. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði. Tvöfalt gler er í gluggum. - Svalir.	
Í kjallara er anddyri , v.s. og handlaug. - Auk þess er í kjallara þvottahús, geymsla og bílgeymsla. - Upphitun er frá sameiginlegri kyndistöð.	
Stærð hússins:	
L. 7.96 m., br. 9.05 m., h. 2.40 m.	
" 7.90 " " 7.83 " " 5.00 " ris 1.8 m. Alls 537.87 m^3.	
Húsið með tilheyrandi er metið á ..... Kr.	532.000.-

H 5 - 58 - 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 7448.

Gata og númer: SÓLHEIMAR 49.

Möt framkvæmd: 20/1/1960.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, tvær hæðir og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, múrhúðað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.	
Á 1. hæð er eitt íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og forstofa. Allt málað og dúk- eða teppalggt. Hurðir eru úr harðviði og tvöfalt gler er í gluggum. Svalir.	
Á 2. hæð eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/ke laug, v. s. og handlaug, stigahús og forstofa. Innbyggðir skápar. Veggir og loft eru máluð, nema baðherbergi, þar eru veggir og gólf mósaiklagt. Á gólfum er dúkur eða teppi. Hurðir eru úr harðviði og tvöfalt gler er í gluggum. Svalir.	
Í kjallara er v. s. og handlaug, þvottahús, geymsla og bílageymsla. -Upphitun er frá sameiginlegri kyndistöð.	
Stærð hússins:	
L. 7.96 m., br. 9.05 m., h. 2.40 m.,	
L. 7.96 m., br. 7.83 m., h. 5.0 m., kj. 1.8 m. = 537.87 m³.	
Húsið með tilheyrandi er metið á.....	kr. 532.000.-

H 11 - 60 - 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8294.

Gata og númer: SÓLHEIMAR 52.

Möt framkvæmd: 30/9/1962.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, tvær hæðir, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, slétthúðað og málað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Upphitun er með olíu.	
Á 1. hæð er 1 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, v.s. og handlaug, anddyri og skáli. Allt málað, gólf ýmist dúklögð eða máluð. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. Ennfremur er á hæðinni þvottahús og kynding.	
Á 2. hæð eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug, stigi og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. 1 svalir. Ennfremur er 1 geymsla á hæðinni .	
Stærð hússins:	
L. 7.2 m., br. 13.oo m., h. 3.9 m.	
" 7.2 " " 11.8o " " 3.1 " = 628.4o m^3.	
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr.	795.000.-

H 7 – 62 – 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 7916.

Gata og númer: SÓLHEIMAR 54.

Möt framkvæmd: 25/9/1961.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, 2 hæðir, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, slétthúðað og málað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Olíukynding.	
Á 1. hæð er 1 íbúðarherbergi, eldhús, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. Ennfremur er þvottahús á hæðinni.	
Á 2. hæð eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, stigi og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. 1 svalir. Einnig er 1 geymsla á hæðinni.	
Stærð hússins:	
L. 7.2 m., br. 13.o m., h. 3.9 m.	
e.h. " 7.2 " " 11.8 " " 3.1 " = 628.4 m^3.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	722.700.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8186.

Gata og númer: SÓLHEIMAR 56.

Mót framkvæmd: 10/5/1962.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, tvær hæðir með flötu þaki, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, Með þaki úr timbri , pappa og bárujárni, forskallað innanhúss. Slétthúðað utan. Upphitun er með olíu.	
Á 1. hæð er 1 íbúðarherbergi, eldhús, v. s. m/handlaug, anddyri og forstofa. Allt málað og gólf ýmist dúklögð eða máluð. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. Auk þess er á hæðinni 1 þvottahús og 1 kyndiklefi.	
Á 2. hæð eru 5 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, stigahús og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og hurðir eru úr harðviði. 1 svalir. 1 geymsla er á hæðinni.	
Stærð hússins:	
L. 7.2 m., br. 13.o m., h. 3.9 m.	
e.h. " 7.2 " " 11.8 " " 3.1 " = 628.4 m^3.	
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr.	795.000.-

H 11 - 60 - 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2111

Gata og númer: Sólvallagata 1.

Mót framkvæmd: 1/6/1941.	Metið kr.
Íbúðarhús, einlyft, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í aðalhæð hússins eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og 2 gangar. Loft, gólf og skilveggir eru úr steinsteypu, allt kalksléttað. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum þar innan á. Þiljurnar eru lagðar striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi, baðherbergi, 2 fastir skápar. Skilveggur eru hér úr bindingi, að öðru leyti er samskonar frágangur eins og í aðalhæðinni. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi. Þar eru 2 geymsluherbergi, þvottaherbergi og miðstöðvarherbergi. Veggir og loft eru sementssléttaðir í kjallaranum.	
Stærð: L. 8.9 m. br. 7.7 m. h. 2.8 m. ris 5.0 m. kjh. 2.3 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	38.480.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2359

Gata og númer: Sólvallagata 2.

Mót framkvæmd: 1/5/1942.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, einlyft, með 2 kvistum og masnarþaki, úr steinsteypu, með járnþaki, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og listum og borðasúð. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og 3 gangar. Skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, en loft og gólf úr járnbentri steinsteypu. Innan á útveggjum eru korkplötur, með ástrengdu vírneti, allt vandlega sementssléttað og ýmist veggfóðrað eða málað. Í þaklyfti eru 5 íbúðarherbergi, baðherbergi m/ v.s., 3 skápar og gangur. Skilveggir eru hér ýmist úr sementssléttaðri steinsteypu eða úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Innan á útveggi og þaksperrur er borðaklæðning og þiljað er neðan á loftbita. Allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Veggir baðherbergisins eru lagðir postulínsflísum í venjulegri hæð og leirflísar eru á gólfi þess. Slípað gler er í öllum gluggum íbúðarherbergjanna. Á skammbitum er gólf. Þar uppi er 1 íbúðarherbergi og þurrkloft, allt þiljað innan með panel. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi og skilveggjum. Þar eru geymsluherbergi, straustofa, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, v.s. og 2 gangar. Allt þetta er sementsstrokið og hvíttað innan. Báðar útidyrahurðir eru úr teckvið.	
Stærð: L. 10.6 m. br. 9.0 m. h. 2.9 m. ris 5.2 m. kjh. 2.2 m.	
Inngönguskúr er við vesturgafl hússins, byggður eins og það, að ytra og innra frágangi. Leirflísar eru á anddyrisgólfinu og steinsteypuþak skúrsins myndar þaksvalir með steinsteypuhandrið umhverfis. Kjallari er undir skúrnum og er þar búr, með borðum, skúffum og hillum. Steinsteyputröppur eru við skúrinn og undir þeim geymsluherbergi. Bæði skúrinn og húsið er sementssléttað utan.	
Stærð: L. 2.4 m. br. 4.0 m. h. 3.1 m. skáþak, kjh. 2.2 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	95.830.-
b. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, bæði þak, veggir og gólf, múrsléttaður utan. Innan á útveggjum öllum er borðagrind með pappa í, listum og plægðum panelborðum þar innan á. Innan á þakinu eru korkplötur múrsléttaðar á vír.	
Stærð: L. 7.5 m. br. 3.5 m. h. 2.7 m.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	6.670.-
Samtals	102.500.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2386

Gata og númer: Sólvallagata 3.

Mót framkvæmd: (21/5/1928.) 21/4/1947.	Metið kr.
Íbúðarhús, tvílyft, með 2 gluggakvistum og risi, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og járni. Í því hús i eru 3 gólf úr járnbentri steinsteypu, en skilveggir allir og kjallaragólf er úr venjulegri steinsteypu. Í neðri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi, v.s., 2 fastir skápar, anddyri og gangur. Innan á útveggjum er timburgrind, með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og öll er hæðin ýmist veggfóðrað eða máluð innan, veggir eldhússins, umhverfis eldavél, vatnsskál og eldhúsborð, eru lagðir postulínsflísum. Leirflísar eru ágólfum baðherbergja og anddyra. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og er í neðri hæðinni. Í þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi, v.s., klefi fyrir vatnsskál og gangur. Skilveggir hér uppi eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum, einnig er þiljað neðan á skammbita og innan á þaksperrur. Öll þessi herbergi eru strigalögð og ýmist veggfóðruð eða máluð. Auk þessa er þar geymsluherbergi og þurrkloft á þaklyftinu. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., búr, anddyri og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhæðum hússins. Í kjallaranum eru ennfremur 3 geymsluherbergi, þvotta- og miðstöðvarherbergi og gangur. Stigar eru allir úr timbri og allt er húsið sementssléttað utan.	
Stærð: L. 13.7 m. br. 9.2 m. h. 5.9 m. ris 2.4 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	57.410.-
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 21/5. 1928 .	
Íbúðarhús : L 13.7 m., br. 9.2 m., h. 5.9 m., ris 2.4 m., kj. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi , er virt á.....	**338.800.-**

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2560

Gata og númer: Sólvallagata 4.

Mót framkvæmd: 1/5/1942.

Metið kr.

Íbúðarhús, tvílyft, á báðum stöfnum, sínum kvisti á hvorri hlið, en að öðru leyti með mansarþaki og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir allir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað innan. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, framreiðsluherbergi, v.s., anddyri, fataklefi og 2 gangar. Innan á útveggjum öllum er borðagrind með pappa í, listum og panelþiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað innan. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi, 3 fastir skápar, geymsluherbergi, anddyri og gangur. Hér uppi eru flest allir skilveggir úr bindingi, með tvöföldum þiljum, aðeins 2 veggir beggja megin stigagangs úr steinsteypu, þiljað er einnig neðan á skammbita og innan á útveggi. Þiljur eru allar strigalagðar og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Á skammbitum eru gólfborð og þar uppi er þurrkloft. Í kjallaranum er vinnustofa fyrir netagerð, geymsluherbergi, þvottaherbergi, v.s., miðstöðvarherbergi, kolaklefi og gangur. Tvennar steinsteyputröppur eru við húsið og sinn geymsluklefinn er undir. Stigar eru úr timbri og allt er húsið sementssléttað utan.

Stærð: L. 10.5 m. br. 9.2 m. h. 3.5 m. ris 4.5 m. kjh. 1.9 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 89.970.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótafélag Íslands nr. 2179

Gata og númer: Sólvallagata 5.

Mót framkvæmd: 1/4/1942,

Metið kr.

Íbúðarhús, einlyft með 2 kvistum, sinn á hvorri hlið þess, porti og risi, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í aðalhæð hússins eru 4 íbúðarherbergi og gangur. Gólf, loft og skilveggir eru úr sementssléttaðri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með tveimur pappalögum í, með rimlagrind á milli og þar innan á eru biljur, lagðar striga og vélapappír. Allt er húsið ýmist veggfóðrað eða málað innan. Í þaklyfti eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi og stór gangur. Skilveggir eru hér úr bindingi, með tvöföldum biljum, einnig er þiljað neðan á loftbita, innan á skásperrur og portveggi, allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað og málað. Á skammbitum er gólf og þar uppi eru 2 íbúðarherbergi, þiljuð með panelborðum og máluð. Einnig er geymslu- og þurrkloft þar uppi. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi, lofti og skilveggjum, sementssléttuðum. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhæðinni. Einnig er í kjallaranum þvottaherbergi, v.s. og geymsluherbergi. Við norðurhlið hússins eru steinsteyputröppur og undir þeim læstur geymsluklefi. Veggsvalir eru á suðurhlið hússins með gangi frá kvistherberginu.

Stærð: L, 9.1 m. br. 8.5 m. h. 4.1 m. ris 4.0 m. kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 73.195.-

Hnigildaverð innat 352.600

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2197

Gata og númer: Sólvallagata 5a.

Möt framkvæmd: 26/4/1945.	Metið kr.
Íbúðarhús, með porti, 2 kvistum gegnum þvert húsið, og risi, byggt úr steinsteypu, með járnbaki á borðasúð með pappa á milli. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Þar eru gólf, loft og skilveggir úr steinsteypu. Allt fínsléttað með sementsblöndu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og biljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í baklyfti eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Hér eru skilveggir og loft úr timbri. Að öðru leyti er sami frágangur á bakhæðinni eins og er í aðalhæðinni. Á skammbitum er gólf og þar uppi er 1 íbúðarherbergi, baðherbergi og v.s., allt biljað með panel og málað. Framloft er þar einnig alltstórt, notað til geymslu o.fl. Kjallari er undir öllu húsinu, með gólfi, lofti og skilveggjum úr sementssléttaðri steinsteypu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhæðinni. Ennfremur er í kjallaranum þvottaherbergi, geymsluherbergi og v.s. Steinsteyputröppur eru við norðurhlið hússins og undir þeim er geymsluklefi. Veggsvalir eru á suðurhliðinni og er gengið út á þær af kvistunum þeim megin.	
Stærð: L. 9.1 m. br. 8.5 m. h. 4.2 m. ris 4.0 m, kjh. 2.5 m.	
Húsið ásamt tilheyrandi, er virt á.....	157.800.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2260

Gata og númer: Sólvallagata 6.

Mót framkvæmd: 1/4/1942.	Metið kr.
Ibúðarhús, tvílyft, með valmabaki, 3 kvistum og 8 gluggakvistum og risi, úr steinsteypu. Þak er úr 1" borðasúð, pappa og bárujárni. I neðri hæðinni eru 6 íbúðarherbergi, baðherbergi, eldhús, v.s., anddyri og 2 gangar. Loft og gólf eru úr járnbentri steinsteypu og allir skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, sementsléttaðir beggja megin og það eru einnig öll loftin að neðan. Innan á útveggjum er 2" plankagrind, með tvöföldum pappa, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír. I eldhúsi anddyra og göngum er strengd vírnet á þiljur útveggjanna og sementssléttað þar yfir. Á gólfi anddyris og undir eldavél eru lagðar leirflísar. Öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð. I efri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, v.s., baðherbergi, eldhús, anddyri og 2 gangar. Hér er samskonar frágangur eins og er í neðri hæðinni að öðru leyti en því, að útveggir eru allir lagðir korkplötum, að innan og sementsstroknir. I baklyfti og kvistum eru 7 íbúðarherbergi, 2 eldhús, v.s., anddyri og gangur. Allir skilveggir eru hér úr steinsteypu, en þiljað er innan á útveggi, eins og í neðri hæðinni. Þiljað er einnig neðan á loftbita og súðarbita á hornherbergjum. Þiljur eru lagðar striga og vélapappír og allt veggfóðrað og málað. Á skammbitum eru plægð gólfborð og þar uppi er þurrkloft. Timburstigar eru í húsinu. Kjallari er undir öllu húsinu með steinsteypugólfi. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í neðri hæðinni. Ennfremur er í kjallaranum þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi og 3 geymsluherbergi. Allt sementssléttað og hvíttað. Steinsteyputröppur eru við vesturgafl hússins og undir þeim geymsluklefi. Húsið er allt sementssléttað utan. Stærð: L. 13.5 m. br. 10.0 m. h. 6.4 m. ris 4.5 m. kjh. 2.5 m. Inngönguskúr er við norðurhlið hússins, byggður eins og það, sementssléttaður utan og að innan einnig málaður. Steinsteyputröppur eru við skúrinn og undir þeim geymsluklefi og gangur inn í aðalkjallara hússins. Stærð: L. 1.8 m. br. 1.5 m. h. 3.2 m. skábak, kjh. 2.5 m. Húsið, ásamt tilheyrandi og inngönguskúr, er virt á.....	164.350.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2729

Gata og númer: Sólvallagata 7.

Möt framkvæmd: 1/8/1941.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, einlyft, með 2 kvistum, 2 gluggakvistum, porti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð og pappa. Í húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og allir skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað innan. Innan á öllum útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír, nema í eldhúsum, baðherbergjum og anddyrum. Á útveggjum þessara herbergja er strengdur vír innan á þiljurnar og múrsléttað á hann. Allar íbúðirnar, bæði í aðalhæðinni, rishæðinni og í kjallaranum eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan, allar með sama frágangi. I aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s., anddyri og gangur. I þaklyfti er sama herbergjaskipun eins og er í aðalhæðinni , en þo er þar uppi 1 geymsluherbergi umfram. I kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., fastur skápur, 2 anddyri og gangur. Auk þessa er í kjallaranum 2 geymsluherbergi og miðstöðvar- og þvottaherbergi. Kolageymsluþró er utan við kjallaravegginn, götumegin, öll úr steinsteypu. Stigar eru úr timbri og húsið er allt sementssléttað utan.	
Stærð: L. 9.4 m. br. 8.8 m. h. 3.2 m. ris 4.6 m. kjh. 2.7 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	55.330.-
b. Geymsluskúr, úr steinsteypu, með steinsteypuþaki. Þar eru 3 geymsluklefar, Skilveggir eru úr tré. Steinsteypugólf er í skúrnum.	
Stærð: L.5.4 m. br. 3.2 m, h. 2.0 m. skábak.	
Skúrinn er virtur á.....	1.400.-
Samtals	56.730.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2300

Gata og númer: Sólvallagata 7a.

Möt framkvæmd: 1/5/1943.	Metið kr.
Íbúðarhús, einlyft, með porti, 2 kvistum og risi, úr steinsteypu, með járnbaki á borðasúð, með pappa á milli. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og gangur. Loft og gólf er úr járnbentri steinsteypu. Skilveggir eru úr steinsteypu. Öll innanhússsteinsteypua er sléttuð. Innan á útveggjum er 2" grind, með pappa í, listum og biljum, striga og vélapappír þar innan á. Húsið er allt ýmist veggfóðrað eða málað innan. Stigatröppur eru allar úr timbri. Í baklyfti eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Frágangur útveggja er hér hinn sami eins og er í aðalhæðinni, en skilveggir eru úr bindingi, klæddir utan tvöföldum biljum og biljað er neðan á loftbita. Þetta er allt lagt striga og vélapappír og öll er þessi hæð ýmist veggfóðruð eða máluð. Á skammbitum er gólf og þar uppi er þurrkloft. Stigar eru allir úr timbri. Kjallari er undir öllu húsinu með gólfi og skilveggjum úr steinsteypu, allt sementsstrokið. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur, allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhæðinni. Ennfremur eru í kjallaranum þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, 1 geymsluherbergi, fastur skápur og gangur. Við vesturgafl hússins eru steinsteyputröppur og undir þeim geymsluklefi og gangur inn í kjallarann. Húsið er allt sementssléttað utan.	
Stærð: L. 7.7 m. br. 8.9 m. h. 4.0 m. ris 4.3 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	94.670.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 3243

Gata og númer: Sólvallagata 9.

Mót framkvæmd: 21/2/1942. 12/5/1966	Metið kr.
a. Ibúðar- og verzlunarhús, úr steinsteypu með manzardhæð ofan á, úr bindingi, klædd utan með borðum, pappa og eternitskífu á veggjum og þaki. Innan á útveggjum neðri hæðarinnar er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum vírneti. Allt múrsléttað og ýmist veggfóðrað eða málað. I neðri hæðinni eru 3 sölubúðir, skrifstofa, 1 íbúðarherbergi, v.s. og 2 gangar. I efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, v.s., baðherbergi, fastur skápur, anddyri og 2 gangar. 2 stórir veggpallar eru á þessari hæð. Skilveggir manzardhæðarinnar eru hlaðnir úr steinlímdum vikursteini. Innan á útveggi hennar er klætt með heraklithplötum, vírlögðum. Þiljað er hér neðan á þakbita og eru þiljurnar virlagðar. Öll er hæðin múrsléttuð og oliumáluð innan. Stigar eru úr tré. I þessari hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s., fataskápur, anddyri og gangur. Veggpallur er hér á framhlið hússins. I kjallaranum eru 2 konfektgerðarherbergi, þvottahús, 2 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi, kolaklefi og 2 gangar. Stigar eru úr tré. Húsið er múrhúðað utan.	
Stærð: L. 12.0 m. br. 11.0 m. h. 9.7 m. ris 1.0 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	174.150.-
b. Viðbygging úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. Þar er loft úr járnbentri steinsteypu, en gólf úr venjulegri steinsteypu. Skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Vikurplötur eru innan á útveggjum. Þiljur eru vírlagðar og allt múrsléttað og málað. I viðbyggingunni er mjólkurbúð, fiskverzlun, 2 geymsluklefar og v.s.	
Stærð: L. 5.8 m. br. 7.1 m. h. 3.8 m. skáþak.	
Viðbyggingin ásamt tilheyrandi, er virt á.....	16.630.-
Samtals	190.780.-<

Virt 12/5/1966

Frá síðasta mati, 21/2/1942, hefur verið breytt verzlun á 1. hæð. Þar er nú nýtýzku kjörbúð. Kæli og frystiklefar. óbreytt að stærðu,m.

Stærð hússins:

A:	L. 12.0 m., br. 11.0 m., h. 9.7 m., ris 1.0 m., kj. 2.5 m.	= 1.676.00 m^3	3.977.000.-
B:	L. 5.8 m., br. 7.1 m., h. 3.8 m.,	= 156.00 m^3	361.000.-
Húsið, ásamt tilheryandi, er virt á		kr.	4.338.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2872

Gata og númer: Sólvallagat 10.

Mót framkvæmd: 1/2/1942.	Metið kr.
a. Ibúðarhús, með manzarþaki, 2 kvistum, risi og kjallara, úr steinsteypu, með hellubaki á listum, pappa og borðasúð. Í húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir allir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Innan á útveggjum er 2" grind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Þiljað er einnig neðan á skammbita og innan á baksperrur, þaklyftis. Allar þiljur eru vírlagðar og múrsléttaðar og öll íbúð hússins er ýmist veggfóðruð eða máluð. I aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, skúr og gangur. I rishæðinni eru 5 íbuðarherbergi, baðherbergi, v.s., 3 fastir skápar og gangur. Á skammbitum er gólf, þar uppi er þurrkloft, þiljað innan með plægðum panel og olíuborið. I kjallaranum eru 2 íbuðarherbergi með sama frágangi eins og er í íbúðarhæðunum, straustofa, fastur skápur og gangur. Ennfremur er þar þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi og v.s. Stigar eru úr steinsteypu og allt er húsið sementssléttað utan. Gúmmí er á stigum ganga og baðherbergisgólfum.	
Stærð: L. 11.1 m. br. 10.3 m. h. 3.7 m. ris 4.8 m. kjh. 2.5 m.	
Við vesturgafl hússins er inngönguskúr, byggður eins og það að ytri sem innri frágangi, bak hans er úr steinsteypu og myndar þaksvalir með steinsteypuhandriði umhverfis. I aðalhæðinni er anddyri, en í kjallara hans er eldhús. Steinsteyputröppur eru við skurinn, en undir þeim er geymsluklefi.	
Stærð: L. 1.9 m. br. 4.0 m. h. 3.4 m. skáþak, kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	104.220.-
b. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, bæði veggir, gólf og þak. Hann er þiljaður og múrsléttaður innan.	
Stærð: L. 8.0 m. br. 3.5 m. h. 2.7 m.	
Skúrinn er virtur á.....	3.040.-
c. Geymsluskúr er byggður á sömu lóð, á milli bifreiðaskúrsins og hússins, allur úr steinsteypu, múrsléttaður. Þar er geymsluklefi og sorpklefi.	
Stærð: L. 5.0 m. br. 3.0 m. h. 2.2 m. sl þak.	
Skúrinn er virtur á.....	1.320.-
Samtals	108.580.- ~~165.960.-~~

nýgildandi mat 3.509.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 3747

Gata og númer: Sólvallagata 11.

Mót framkvæmd: 1/4/1942.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, tvílyft með risi og kjallara, úr steinsteypu, með eternitþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Vikurplötur eru innan á útveggjum og allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar innan og olíumálaðar. I hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi m/v.s., 2 fastir skápar, 2 anddyri og 2 gangar. Í kjallaranum eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s., þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, 5 geymsluklefar, 2 skápar og 4 gangar. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim eru 2 geymsluklefar. Veggpallur er á húsinu. Stigar eru úr steinsteypu með gúmmídúk. Húsið er múrhúðað utan með skeljasandi.	
Stærð: L. 13.0 m. br. 10.3 m. h. 5.7 m. ris 2.0 m. kjh. 2.5 m.	
" útskots: L. 4.8 m. br. 3.7 m. h. 5.7 m. ris 1.1 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....	162.900.-
b. Bifreiðaskúr er byggður allur úr steinsteypu, lagður vikurplötum að innan og múrhúðaður utan, og innan. Hann er hólfaður í tvennt.	
Stærð: L. 6.2 m. br. 3.4 m. h. 2.4 m. sl. þak.	
Skúrinn er virtur á.....	3.060.-
Samtals	165.960.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 1606

Gata og númer: Sólvallagata 12.

Mót framkvæmd: 21/3/1936 og s. 1/11/1942. 16/5/1951. | Metið kr.

a. Íbúðarhús, úr steinsteypu, bæði út- og innveggir, loft og gólf, undir timburgólfum. Innan á útveggjum er plankabindingur með pappa í og á henni innanverðri er stálvírnet með rabits-steypu, allt kalksléttað, málað og veggfóðrað. Samskonar frágangur er neðan á öllum loftum hússins. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og járni. Í rishæðinni eru 9 kvistir með gluggum. Á framhlið hússins er útskot, bogamyndað, úr samskonar efni og með sama frágangi eins og húsið sjálft. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 9 herbergi, v.s. og 2 gangar. Allt kalksléttað innan og málað. Í neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, 2 búr, v.s., 3 gangar og útskot. 1 herbergið, borðstofan er þiljuð með 2.5 m. háum brjóstpanel úr eik. Þar eru gólf og loftlistar úr sama efni, annars eru öll herbergin kalksléttuð og skrautmáluð. I efri hæðinni eru 6 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s. og 3 gangar. Allt með sama frágangi eins og er í neðri hæðinni. I þaklyfti eru 8 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og 2 gangar. Þar eru allir skilveggir og loft úr tré, strigalagt og ýmist veggfóðrað eða málað. Útidyratröppur allir stigar, gangar og anddyri hússins er lagt marmaraplötum. Sömuleiðis eldhúsgólf og veggir upp til miðs.

Anddyri er byggt við austurgafl hússins, úr samskonar efni og með sama frágangi eins og það, geymslukjallari er undir því.

Húsinu hefur, frá virðingu 21/3/1936, verið breytt nokkuð innanhúss og mjög mikið endurbætt:

Húsið er nú skóla- og íbúðarhús. Kjallarinn hefur verið dýpkaður um 50 cm. og steypt í hann nýtt gólf. I framhlið hans eru 3 herbergi með eikarparketgólfum. Öll þessi herbergi eru múrsléttuð á vírnet og olíumáluð. I þeim eru margir innbyggðir skápar og ljósalagnir allar nýjar. Snyrtiherbergi hefur verið komið fyrir í bakhlið kjallarans. Þar eru 2 handlaugar og 2 v.s. Þar er einnig straugtofa m/2 skápum. Auk þessa er þar miðstöðvarherbergi, þvottahús og geymslur. I neðri hæðinni er sama herbergjaskipun og áður var. 2 herbergi hafa þar verið útbúin sem eldhús með tilheyrandi, skápum, 4 vöskum og borðum. Eikarparket er á öllum gólfum hæðarinnar nema anddyris og eldhúsgólfum, sem eru marmaralögð. Efri hæðin er óbreytt að öðru en því að þar hafa verið útbúin 2 eldhús með 3 vöskum, vinnuborðum og skápum. Þar er nú snyrtiherbergi m/baðker ~~klefa~~, 4 þvottaskálum og 2 v.s. Eikarparket er hér á öllum gólfum. I rishæðinni er aðallega sú breyting að þar eru nú öll herbergin og gangurinn múrhúðaðir á vírnet og olíumálað. Þar eru baðherbergi m/v.s.

H. 4. 6500944

Snú

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 1606

Gata og númer:

Möt framkvæmd:	Metið kr.
Raflagnir hússins eru að mestu leyti nýjar. Nýir linoleumdúkar eru á gólfum.	
Stærð aðalhússins: L. 15.7 m. br. 11.0 m. h. 7.4 m. ris 4.7 m. kjh. 3.0 m.	
" inngönguskúrs: L. 2.5 m. br. 2.8 m. h. 3.2 m. þaksvalir, kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	345.200.-
b. Geymsluskúr, úr steinsteypu, allur þiljaður innan og múrsléttað á vír.	
Þar eru nokkrar geymslur og stórt eldhús, allt málað, ennfremur bifreiðageymsla.	
Stærð: L. 15.2 m. br. 3.5 m. h. 3.3 m. skáþak.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	22.410.-
Samtals	367.610.-
A. Stafliður a. er óbreyttur frá síðasta mati 1/11/1942.	
Stærð aðalhússins : L 15.7 m. br. 11.0 m. h. 7.4 m. ris 4.7 m. kjh. 3.0 m.	
" inngönguskúrs: L 2.5 m. br. 2.8 m. h. 3.2 m. þaksvalir kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	345.200.00
B. Skólaviðbygging virt 16/5/1951, 2 hæðir, ris m/5 gluggakvistum og kjallari, byggð úr steinsteypu, skilrúm ýmist steypt, vikurhlaðin eða úr múrhúðuðu timbri, slétthúðað utan, klædd innan vikur- eða korkplötum og timbri í risi og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á neðri hæð eru matreiðslukennslustofa, búr, kennaraherbergi, stigaanddyri, vaska- og matreiðsluborð meðfram veggjum, allt málað og dúklagt. Á efri hæð er saumastofa máluð og dúklögð 2 einfaldir fastir skápar og vinkilveggsvalir. Á þakhæð er heimavistarherbergi málað og dúklagt. Þiljað er neðan á skammbita, en ónothæft uppi. Í kjallara eru straustofa, eldhús, 2 búr m/hillum, snyrtiherbergi m/2 v.s., forstofa m/stigauppgangi á I. hæð, 6faldur og 4faldur fastir skápar, allt málað, flísalagt gólf í snyrtiherbergi og forstofa, hitt dúklagt.	
Stafliður B geymsla felld inn í viðbygginguna.	
Stærð viðbyggingar: Ml 9.8 m.mbr. 10.5 m. h. 3.66 m. kj. 2.6 m.	
" 2 hæðar : " 5.8 m " 6.5 m. h. 2.94 m. ris 2.7 m.	
Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á	500.300.00
Samtals krónur	845.500.00

Brunabótamat 1976:
A: kr. 45.888.000.-
B: " 16.317.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2138

Gata og númer: Sólvallagata 13.

Mót framkvæmd: 1/5/1942.	Metið kr.
Íbúðarhús, einlyft, með porti, kanap, kvisti og risi, úr steinsteypu, með járnbaki á borðasúð með pappa á milli. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, fastur skápur, anddyri og gangur. Gólf, loft og skilveggir eru úr steinsteypu, allt sementssléttað. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og biljum innan á, lögðum striga og vélapappír. Allt ýmist veggfóðrað eða málað. I baklyfti eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s. og 2 gangar. Skilveggir eru allir hér úr bindingi, með tvöföldum biljum. Biljað er hér einnig neð á loftbita og innan á sperrur, sömuleiðis á útveggi. Allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Á skammbitum er gólf, þar uppi er þurrkloft. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, með samskonar frágangi eins og er á hinum öðrum herbergjum hússins. Ennfremur eru í kjallaranum 3 geymsluherbergi, v.s. og gangur.	
Stærð: L. 9.2 m. br. 8.2 m. h. 4.1 m. ris 4.1 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	78.150.-

Virt: 26/3 1973.

Frá síðasta mati hefur húsið verið endurbætt.
Eldhúsinnrétting hefur verið endurnýjuð og hreinlætistæki einnig.
2.gluggum hefur verið breytt. Einnig hefur verið byggðar svalir út frá stofu.
Húsið er óbreytt að stærðum frá síðasta mati.
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr. 4.219.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2524

Gata og númer: Sólvallagata 14.

Mót framkvæmd: 1/4/1942.	Metið kr.
Ibúðarhús, tvílyft, með útskoti, 2 kvistum, risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. I húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir úr venjulegri steinsteypu, allt sementssléttað. I hvorri hæðinni fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s., eldhús og anddyri og gangur. I þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi, straustofa, þurrkloft, þvottaherbergi, geymsluherbergi og 2 gangar. Skilveggir eru ýmist úr sementssléttaðri steinsteypu, eða binding með tvöföldum þiljum. Panelbiljur eru neðan á öllum skammbitum og innan á öllum þaksperrum. Ibúðarherbergin, anddyri og gangur er veggfóðrað og málað og þvottaherbergi múrsléttað innan. Innan á útveggjum hússins eru múrplötur með ástrengdu vírneti og báðar aðalhæðirnar eru sementssléttaðar innan, veggfóðraðar og málaðar. Innan á veggjum baðherbergja, v.s. og eldhúsa eru glerplötur í venjulegri hæð og gólf þessara herbergja, sem og anddyra eru lögð terrasso-yfirsteypa/eða jafngildi hennar. I kjallaranum eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhæðum hússins. Ennfremur er þar geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi og gangur. Kolageymsla, öll úr steinsteypu er gerð utan við kjallaravegginn við miðstöðvarklefann. Tvennar veggsvalir eru á húsinu. Stigar eru úr timbri. Húsið er allt sementssléttað utan. Stærð: L. 13.7 m. meðalbr. 10.5 m. h. 5.9 m. ris 4.1 m. kjh. 2.5 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	162.950.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2088

Gata og númer: Sólvallagata 15.

Mót framkvæmd: (1/9/1942.) 30/10 1956.	Metið kr.
Íbúðarhús, tvílyft, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. I neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og gangur. Loft, gólf og skilveggir allir eru úr steinsteypu, sementssléttaðir. Innan á útveggjum er borðagrind, með pappa á, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð innan. I efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s., fastur skápur og gangur. Allt með sama frágangi eins og er í neðri hæðinni. Veggsvalir eru á suðurhlið efri hæðarinnar. Húsið er allt sementssléttað utan. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi og skilveggjum. Þar eru 2 íbúðarherbergi, miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi, geymsluherbergi, v.s. og 2 gangar. Íbúðarherbergi eru með samskonar frágangi eins og er á hæðum hússins, en hin herbergin eru kalkdregin og hvíttuð. Þrennar steinsteyputröppur eru við húsið og undir eldhúströppunum er gangur inn í kjallarann.	
Stærð: L. 9.6 m. br. 8.9 m. h. 5.7 m. ris 1.5 m. kjh. 2.3 m.	
Útskot er við suðurhlið hússins, byggt eins og það. Ofan á því eru þaksvalir.	
Stærð: L. 3.0 m. br. 1.9 m. h. 3.3 m. skáþak. Kjallari 23 m.	
Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....	100730.-
Virt 30/10 1956.	
Nýr bílskúr, steinsteyptur, ýmist vikur- eða korkklæddur að innan, múrhúðaður að utan, með þaki úr timbri bárujárnsklæddu. Upphitun; hitaveita. Hann er ósundurhólfaður.	
Stærð bílskúrsins : L. 4.2 m. Br. 8.0 m. H. 2.5 m. = 84.00 m^3	
Bílskúrinn, með tilheyrandi, er metinn á . . . . . kr.	33.600.00

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2087

Gata og númer: Sólvallagata 16.

Mót framkvæmd: 1/2/1942.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, einlyft, með porti, 2 stórum kvistum, 2 gluggakvistum, risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, pappa og listum á milli. I aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og 2 gangar. Gólf, loft og skilveggir eru úr steinsteypu, sementssléttaðri. Innan á útveggjum er plankagrind með pappa í, listum og plægðum biljum þar innan á. Allar biljur eru lagðar striga og vélapappír og húsið er allt ýmist veggfóðrað eða málað innan. Á kvistum og baklyfti eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s., 3 fastir skápar og gangur. Skilveggir eru hér allir úr bindingi, með tvöföldum biljum. Biljur eru einnig neðan á loftbitum. Innan á portveggjum og rissperrur. Allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Veggpallur er á suðurhlið baklyftis. Á skammbitum er gólf. Þar uppi er þurrkloft. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi, 3 geymsluherbergi og gangur. Allt sementsstrokið. Húsið er allt sementssléttað og málað utan.	
Stærð: L. 8.8 m. br. 8.1 m. h. 4.1 m. ris 4.8 m. kjh. 2.3 m.	
Inngönguskúr er við vesturgafl hússins, byggður eins og það.	
Stærð: L. 2.3 m. br. 3.7 m. h. 3.3 m. þaksvalir, kjh. 2.3 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	63.150.-
b. Hesthús er við norðurhlið hússins, byggt eins og það, úr steinsteypu, bæði veggir og gólf, en þak úr járni á borðasúð.	
Stærð: L. 5.0 m. br. 3.5 m. h. 2.7 m. skáþak.	
Húsið er virt á.....	1.880.-
c. Girðingar eru umhverfis lóðina.	
Stærð: L. 100.0 m. h. 1.6 m.	
Þær eru virtar á.....	2.800.-
Samtals	67.830.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2204

Gata og númer: Sólvallagata 17.

Mót framkvæmd: 21/1/1942.	Metið kr.
Ibúðarhús, tvílyfti með kvisti og risi, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og gangur. Gólf og loft eru úr járnbentri steinsteypu og skilveggir allir eru úr sementssléttaðri steinsteypu. Innan á útveggjum er plankagrind með tvöföldum pappalögum í, listum á milli og plægðum þiljum þar innan á, sem lagðar eru striga og veggpappír og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð innan. I efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur eins og hér að ofan segir, að sé í þeirri neðri. I þaklyfti eru 4 íbuðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s. og gangur. Skilveggir eru hér úr timbri og þiljur eru neðan á loftbitum og innan á baksperrum. Allt veggfóðrað og málað. Stigatröppur eru allar úr timbri. Kjallari er undir öllu húsinu, með gólfi og skilveggjum úr steinsteypu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Allt með sama frágangi eins og er í aðalhæðum hússins. Ennfremur eru í kjallaranum þvottaherbergi og 2 geymsluherbergi. Á suðurhlið hússins eru veggsvalir með járnhandriði umhverfis. Steinsteyputröppur eru við húsið, undir þeim er inngangur í kjallarann og geymsluklefi. Húsið er allt sementssléttað utan.	
Stærð: L. 9.2 m. br. 8.8 m. h. 5.7 m. ris 3.8 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á.....	86.220.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2489

Gata og númer: Sólvallagata 18.

Mót framkvæmd: 21/6/1929.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, tvílyft, með útskoti, risi, kvisti á suðurhlið og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa og járni. I því eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en skilveggir allir og kjallaragólf eru úr venjulegri steinsteypu. Allt vandlega múrsléttað. Á báðum hæðum hússins er herbergjaskipun hin sama, 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., 2 fastir skápar, gangur og anddyri í hvorri hæð. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og hæðirnar eru báðar ýmist veggfóðraðar eða málaðar. Á veggjum baðherbergjanna eru postulínsflísar í venjulegri hæð, sömuleiðis eru postulínsflísar á eldhúsveggjum umhverfis eldavélar, borð og vatnsskálar. Stigi til efri hæðarinnar er úr steinsteypu og stig hans öll lögð gúmmí. Á gólfum anddyra, eldhúsa og baðherbergja beggja hæðanna er einnig lagt gúmmí. I þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi, línstrokuherbergi, v.s. og gangur. Þar er einnig eldhús.Skilveggir eru úr timbri og allt þiljað og ýmist veggfóðrað eða málað. Ennfremur er þar uppi geymsluherbergi og þurrkloft. Útskot er við austurgafl hússins og yfir því þaksvalir. I kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, búr, v.s., anddyri og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhæðum hússins. I kjallaranum eru ennfremur þvottaherbergi, 2 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi og kolaklefi. Við vesturgafl hússins eru steinsteyputröppur og undir þeim er gangur inn í kjallarann og geymsluklefi. Húsið er allt sementssléttað utan.	
Stærð: Meðall. 11.2 m. br. 8.6 m. h. 5.7 m. ris 3.3 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	50.744.-
b. Bifreiðaskúr er byggður á sömu lóð, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Allur er skúrinn múrsléttaður utan og innan.	
Stærð: L. 6.0 m. br. 4.0 m. h. 2.6 m. skáþak.	
Skúrinn er virtur á.....	1.550.-
Samtals	52.294.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2337

Gata og númer: Sólvallagata 19.

Mót framkvæmd: 21/11/1927.	Metið kr.
Ibúðarhús, tvílyft, með risi, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð	
með pappa á milli. I neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri	
og gangur. I húsinu eru 3 gólf úr járnbentri steinsteypu og skilveggir kjallara	
og beggja hæðanna eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind	
með pappa í, listum og þiljum þar innan á og allt er ýmist veggfóðrað eða	
málað. I efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og í	
þeirri neðri. I þaklyfti er baðherbergi, v.s., þiljað og veggfóðrað og	
málað og þurrkherbergi. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi.	
Þar eru 2 íbúðarherbergi, v.s., eldhús og anddyri. Allt með frágangi eins og	
er í aðalhæðum hússins. Ennfremur er í kjallaranum þvottaherbergi, miðstöðvar-	
klefi og 2 geymsluherbergi. Á veggjum umhverfis eldavélar og vatnsskálar í eld-	
húsum eru veggir klæddir postulínsflísum og á gólfum undir eldavélum er terra-	
soyfirsteypa. Stigar eru allir úr timbri. Við vesturenda hússins eru stein-	
steyputröppur og undir þeim er inngangur í kjallarann og geymsluklefi.	
Húsið er allt sementssléttað utan.	
Stærð: L. 8.9 m. br. 8.4 m. h. 5.7 m. ris 2.5 m. kjh. 2.6 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	35.759.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 3045

Gata og númer: Sólvallagata 20.

Mót framkvæmd: (1/10/1942.) 22/5/1947.	Metið kr.
Ibúðarhús, tvílyft, með topprisi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og steinhellum. I húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og allir skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Innan á útveggum hússins er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar, múrsléttuðum og vírlögðum og allar íbúðir hússins eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, búr, eldhús, fataskápur, anddyri og gangur. I efri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s., 4 fastir skápar og gangur. I þaklyfti er þurrkloft, ósundurhólfað. I kjallaranum er þvottahús, þurkherbergi, miðstöðvarherbergi, kolaklefi, 3 geymsluherbergi, v.s. og 2 gangar. Steinsteyputröppur eru við húsið. Undir þeim er gangur inn í kjallarann og geymsluklefi. Á efri hæð hússins yfir útidyratröppum eru veggsvalir. Stigar eru úr timbri. Húsið er múrsléttað utan.	
Stærð: L. 9.1 m. br. 9.5 m. h. 5.8 m. ris 2.8 m. kjh. 2.1 m.	
Húsiðþ ásamt tilheyrandi, er virt á.....	132.450.-
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. okt. 1942.	
Ibúðarhús : L 9.1 m., br. 9.5 m., h. 5.8 m., ris 2.8 m., kj. 2.1 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á.....	241.200.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2454

Gata og númer: Sólvallagata 21.

Mót framkvæmd: 21/2/1942.	Metið kr.
Íbúðarhús, tvílyft, með gluggakvisti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnbaki á borðasúð, með pappa á milli. Í því eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Í neðri hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s., anddyri og gangur. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun. Innan á útveggjum hæðanna eru lagðar korkplötur og allir veggir þeirra eru múrsléttuð og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í baklyfti eru 3 íbúðarherbergi, v.s., anddyri, gangur, 2 fastir skápar, súðarskápar, geymsluherbergi og þurrkherbergi. Hér uppi eru skilveggir allir úr bindingi, með tvöföldum biljum og að því er snertir íbúðinar er hún öll biljuð neðan á loftbita innan á baksperrur og risstafna, lögð striga og vélapappír og öll ýmist veggfóðruð eða máluð. Gólfborð eru á skammbitum og þar uppi er geymslu- og þurrpláss. Í kjallaranum er 1 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og anddyri. Allt með sama frágangi eins og er í aðalhæðunum, nema hér eru biljur innan á útveggjunum. Ennfremur eru í kjallaranum 4 geymsluherbergi, þvottaherbergi, kolageymsla og 2 gangar. Steinsteyputröppur eru við vesturgafl hússins og undir þeim er inngangur í aðalkjallarann og geymsluklefi. Stigar eru úr steinsteypu og húsið er múrsléttað utan.	
Stærð: L. 9.7 m. br. 9.0 m. h. 5.8 m. ris 4.0 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	85.285.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2402

Gata og númer: Sólvallagata 22.

Mót framkvæmd: 21/12/1927.	Metið kr.
Íbúðarhús, einlyftþ með kvisti, gluggakvisti og risi, úr tvöfaldri steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa og járni. 2 gólf eru úr járnbentri steinsteypu og skilveggir á hæðinni og í kjallaranum eru úr venjulegri steinsteypu. I aðalhæðinni eru 2 íbúðarherbergi, fastur skápur, anddyri og 2 gangar. Innan á útveggjum eru cellotexþiljur, lagðar striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. I þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s., 2 geymsluherbergi og gangur. Skilveggir eru allir úr binding með tvöföldum biljum, þiljur eru einnig innan á rissperrum, steinsteypustöfnum og neðan á loftbitum. Allt lagt striga og vélapappír, sumt veggfóðrað og sumt málað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhæðinni. Ennfremur eru þar þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi og 2 geymsluherbergi. Við vesturgafl hússins eru steinsteyputröppur og undir þeim er gangur inn í kjallarann og geymsluklefi. Timburstigi er í húsinu.	
Stærð: L. 8.8 m. br. 7.8 m. h. 3.1 m. ris 4.1 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	28.534.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 1101

Gata og númer: Sólvallagata 23.

Mót framkvæmd: 1/11/1942.	Metið kr.
a. Ibúðarhús, einlyft, með porti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og járni þar yfir á veggjum og þaki. Innan á bindingi er pappi og milligólf er í báðum bitalögum. I aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr, gangur og fastur skápur, sem allt er þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. I rishæðinni eru 5 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., gangur og 2 fastir skápar. Allt með sama frágangi eins og er í aðalhæðinni. Á skammbitum er borðagólf. Þar er geymsla og þurrkloft, með einum þverskilvegg. Kjallari með steinsteypugólfi er undir nokkrum hluta hússins. Þar er miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi og geymslur.	
Stærð: L. 9.4 m. br. 8.2 m. h. 4.4 m. ris 3.6 m.	
Kj.st: L. 3.8 m. br. 4.4 m. h. 1.9 m.	
Inngönguskúr er við austurgafl hússins, byggður eins og það, bæði að ytri og innri frágangi.	
Stærð: L. 1.9 m. br. 2.5 m. h. 2.8 m. ris 1.0 m.	
Kjallaraskúr er byggður við húsið, úr bindingi, klæddur utan borðum pappa og járni á veggjum og þaki.	
Stærð: L. 1.9 m. br. 1.6 m. h. 2.2 m. skáþak.	
Húsið, ásamt inngönguskúr, kjallaraskúr og tilheyrandi, er virt á.....	73.120.-
b. Girðingar úr járni á langböndum og stólpum.	
Stærð: L. 31.6 m. h. 1.4 m.	
Girðingar úr rimlum.	
Stærð: L. 30.0 m. h. 1.0 m.	
Þær eru virtar á.....	1.500.-
Samtals	74.620.-

Virt 30/1/1951.

Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. nóvember 1942 að öðru en ýmsum umbótum innanhúss. Innréttað hefir verið baðherbergi m/keri og v.s. nýtt og nýtt v.s. m/handlaug og nýr gangur, eldhúsið minnkað, en aukið að föstum skápum, 2 nýir fastir skápar byggðir í gangi, ný útidyrahurð úr eik sett fyrir útidyr, gluggar og allt tréverk í húsinu málað utan og innan. Annað óbreytt.

A. Íbúðarhús	: L 9.4 m. br. 8.2 m. h. 4.4 m. ris 3.6 m.	
Kjallari	: L 3.8 m. br. 4.4 m. h. 1.9 m.	
Inngönguskúr	: L 1.9 m. br. 2.5 m. h. 2.8 m. ris 1.0 m.	
Kjallaraskúr	: L 1.9 m. br. 1.6 m. h. 2.2 m. skáþak.	
Húsið, ásamt skúrum og tilheyrandi er virt á.....		255.400.00

H. 4. 6500944

snú við

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 1101

Gata og númer:

Mót framkvæmd: frh. 25 / 7 / 1959.	Metið kr.
Fluttar krónur	255.400.00
B. Girðing úr járni: L 31.6 m. h. 1.4 m. er virt á.....	4.700.00
C. Do " timbri: L 30.0 m. h. 1.0 m. er virt á.....	2.400.00
Samtals krónur	262.500.00

Virt 25/7/1959.

Frá síðasta mati, 30/1. 1951, hefur húsið verið stækkað. Er húsið nú 1 hæð, ris og kjallari undir 1/4 hluta hússins.

Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og handlaug, þvottahús m/kerlaug, anddyri og forstofa.

Í þakhæð eru 7 íbúðarherbergi, baðherbergi m/steypu, v.s. og handlaug og stigahús. Svalir. - Í skammbitarisi er geymsla, hólfuð í tvennt.

Í kjallara er geymsla.

Stærð hússins:

A: L. 9.4 m., br. 8.2 m., h. 4.4 m., ris 3.6 m.
kj. " 3.8 " " 4.4 " " 1.9 "
Inng. " 1.9 " " 2.5 " " 2.8 " ris 1.0 m.
Kj.sk. "1.9 " " 1.6 " " 2.2 " skábak.
Viðb: "4.25 " " 3.46 " " 4.8 " ris 2.0 m. = 617.30 m^3 ..... Kr. 648.200.-
B: Girðing úr járni: L. 31.6 m., h. 1.4 m.
C: " " tré: " 30.0 " " 1.0 " ..... Kr. 16.300.-

Húsið með tilheyrandi er metið á ..... Alls kr. 664.500.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 3331

Gata og númer: Sólvallagata 24.

Mót framkvæmd: 1/3/1942.	Metið kr.
Ibúðarhús, tvílyft með risi og kjallara, úr járnbentri steinsteypu, bæði út- og innveggir, loft og gólf og með járnþaki á pappa og borðasúð. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, vírlögðum. Allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar innan og ýmist veggfóðraðar eða málaðar. I neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, fataklefi, stigagangur, anddyri og gangur. I efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., 3 fastir skápar og gangur. Veggpallur er út frá hæðinni. I kjallaranum er íbúðarherbergi, þvottahús, miðstöðvarherbergi, kolastía, v.s., geymsluherbergi og gangur. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er gangur inn í kjallarann og geymsluklefi. Dúkar eru ekki límdir á gólfin. Stigar eru úr steinsteypu, gúmmílagðir. Húsið er múrhúðað utan.	
Stærð: L. 7.0 m. br. 9.0 m. h. 5.5 m. ris 1.6 m. kjh. 2.1 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	57 .275.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 1084

Gata og númer: Sólvallagata 25.

Mót framkvæmd: (21/2/1936.) 10/2 1957.	Metið kr.
a. Ibúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Innan á binding er pappi og milligólf í báðum bitalögum. I aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og 2 gangar. Allt biljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi, gangur og geymsluklefi. Allt biljað og málað og herbergin og gangurinn með striga og pappir á veggjum og loftum. Á skammbitum er gólf úr plægðum borðum. Kjallari er undir öllu húsinu. Skilveggir og gólf eru úr steinsteypu.	
Stærð: L. 8.8 m. br. 7.6 m. h. 4.4 m. ~~skáþak~~, kjh. 2.0 m. Ris 3.3 m.	
Inngönguskúr er við vesturgafl hússins, með þaksvölum og kjallara. Hann er byggður eins og húsið.	
Stærð: L. 1.9 m. br. 2.5 m. h. 3.2 m. skáþak, kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	17.426.-
b. Girðingar úr járni á langböndum og stólpum, eru virtar á.....	445.-
Samtals	17.871.-

Virt 10/2 1957.

Frá síðasta mati 21/2 1936, hefur húsið tekið þeirri breytingu, að byggt hefur verið við það að norðan - og sunnanverðu. Viðbyggingin er úr timbri, einangruð með gosull, bárujárnsklædd að utan. Þak er úr timbri, pappa og bárujárni og með tveimur gluggakvistum. Húsið er ein hæð, ris og kjallari.

Á 1. hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og handlaug, anddyri og innri forstofa. Allt ýmist málað eða veggfóðrað og dúklagt.

Á 2. hæð eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug, stigahús og gangur. Allt málað og dúklagt.

Þakhæðin er notuð sem geymsla. Kjallarinn er óbreyttur frá síðasta mati. Stærð hússins:

L. 8.9 m. Br. 7.6 m. H. 4.4 m. Ris 4.0 m. Kj. 2.4 m.
L. 4.5 m. Br. 4.5m. H. 4.6 m. Ris 2.4 m. Kj. 2.4 m.
L. 1.5 m. Br. 3.4 m. H. 3.2 m. Ris flatt þak Alls 777.60 m^3

Húsið, með tilheyrandi . . . . . kr. 583.200.oo

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 1655

Gata og númer: Sólvallagata 26.

Mót framkvæmd: 1/3/1942.	Metið kr.
a. Ibúðarhús, tvílyft með risi og kjallara, úr járnbentri steinsteypu, bæði útveggir og innveggir, loft og gólf og með járnþaki á pappa og borðasúð. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og biljum þar innan á, vírlögðum Allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar innan og ýmist veggfóðraðar eða málaðar. I neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, fataklefi, stigagangur, anddyri og gangur. I efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., 3 fastir skápar og gangur. Veggpallur er út frá hæðinni. I kjallaranum er íbúðarherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, kolastía, v.s., geymsluherbergi og gangur. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er gangur inn í kjallarann og geymsluklefi. Dúkar eru ekki límdir á gólfin. Stigar eru úr steinsteypu, gúmmílagðir. Húsið er múrhúðað utan.	
Stærð: L. 7.0 m. br. 9.0 m. h. 5.5 m. ris 1.6 m. kjh. 2.1 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	56.925.-
b. Bifreiðskúr, úr steinsteypu, bæði veggir, gólf og þak. Vikurplötur eru innan á.	
Stærð: L. 6.5 m. br. 3.9 m. h. 2.5 m. skáþak.	
Skúrinn er virtur á.....	3.200.-
Samtals	60.125.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2469

Gata og númer: S ó l v a l l a g a t a 27.

Mót framkvæmd: 21/10/1928.	Metið kr.
Ibúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. 2 loft hússins eru úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir allir eru úr venjulegri steinsteypu. I aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind, með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír Skilveggir og loft eru sementssléttuð og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð. I baklyfti er 1 íbúðarherbergi, geymsluklefi og þurrkloft. I kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og gangur, allt með samskonar frágangi eins og er í íbúð aðalhæðarinnar. Auk þessa er þvottaherbergi og geymsluherbergi í kjallaranum.	
Stærð: L. 9.0 m. br. 9.1 m. h. 3.0 m. ris 3.5 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	24.811.-

Virt: 3/3 1980.

Frá síðasta mati hafa verið gerðar breytingar á húsinu.
Íbúð sem er merkt 01-03 og er eign Einars Aðalsteinssonar, hefur algjörlega verið endurnýjuð. Skipt hefur verið um glugga, allar innréttingar endurnýjaðar og fleirri smá breytingar hafa verið gerðar.
Stærð hússins er óbreytt frá síðasta mati eða 2.173 m^3
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr. 156.456.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 3468

Gata og númer: Sólvallagata 28.

Mót framkvæmd: 1/12/1941.	Metið kr.
Íbúðarhús, tvílyft með risi og kjallara, úr járnbentri steinsteypu, bæði út- og innveggir, loft og gólf. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og eternitskífu. Innan á útveggjum er borðagrind, pappi, listar og vírlagðar biljur. Allt múrsléttað og íbúðirnar eru allar ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. I neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, 2 fataskápar, v.s., anddyri, forstofa og gangur. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, v.s., þvottaherbergi, þurrkherbergi, miðstöðvarherbergi og gangur. I efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s., 4 fastir skápar og gangur. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er gangur inn í kjallarann. Veggpallur er á húsinu. Allt er það múrhúðað utan. Stigar eru úr steinsteypu. Á gólfum baðherbergis og anddyris og á stigum er gúmmídúkur.	
Stærð: L. 9.2 m. br. 8.7 m. h. 5.5 m. ris 1.4 m. kjh. 2.4 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	61.590.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2361

Gata og númer: Sólvallagata 29.

Mót framkvæmd: (21/9/1934.) 10/8/1961.	Metið kr.
Íbúðarhús, einlyft, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. I húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað innan. Húsið er með risi og kjallara. I aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s., 3 skápar, 2 gangar og anddyri. I kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., þvottahús, miðstöðvarherbergi, kolaklefi, 2 geymsluherbergi og 3 gangar. I rishæðinni er innréttað 1 íbúðarherbergi, að öðru leyti er það ekki hólfað í sundur. Stigar eru úr tré. Húsið er múrsléttað utan.	
Stærð: L. 12.5 m. br. 9,1 m. h. 3. 1 m. ris 3.3 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	33.006.-

Virt 10/8. 1961.

Frá síðasta mati 21/9 1934, hefur húsið verið hækkað úr steinsteypu, einangrað með plasti, múrhúðað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Húsið er nú 3 hæðir, ris og kjallari. Hitaveituupphitun.

1. hæð er óbreytt frá síðasta mati.

2. hæð er ný hæð, þar eru 4 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug, stigahús og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og teak í hurðum .1 svalir.

3. hæð er eins og 2. hæð, en er ekki fullgerð.

Í þakhæð er 1 íbúðarherbergi, v.s. og handlaug, stigi. Málað í hólf og gólf. Harðviður í hurðum.

Kjallari er óbreyttur frá síðasta mati.

Stærð hússins:

A: L. 12.5 m., br. 9.1 m., h. 8.3 m., ris 2.5 m. , kj. 2.5 m. = 1.376.4o m^3.

Húsið ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr. 1.582.900.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótamat nr. 1208

Gata og númer: Sólvallagata 35.

Mat framkvæmd: (1/10/1943.) 22/5/1947.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. I aðalhæðinni eru 2 íbúðarherbergi, þiljuð, veggfóðruð og máluð. I baklyfti er 1 íbúðarherbergi með samskonar frágangi eins og er í aðalhæðinni. Þurrkloft er einnig þar uppi. Kjallari með steinsteypugólfi og skilveggjum er undir öllu húsinu. Þar er miðstöðvarklefi og geymsluherbergi.	
Stærð: L. 5.8 m. br. 4.4 m. h. 3.1 m.(h. 3.1 m.)ris 2.0 m. kjh. 1.9 m.	
Viðbygging er við suðurhlið litra a, einnig byggð úr binding, klætt utan borðum, pappa og járni á veggjum og þaki. Þar er eldhús og anddyri, hvortveggja þiljað og veggfóðrað og málað. Kjallari er undir útbyggingunni með steinsteypugólfi, en timburskilveggjum. Þar er v.s. og geymsla.	
Stærð: L. 5.5 m. br. 2.5 m. h. 2.4 m. skáþak, kjh. 1.9 m.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	30.030.-
b. Íbúðarhús, hefur verið byggt við gaflinn á húsinu litra a, úr steinsteypu á 3 vegu og með járnbaki á borðasúð, með pappa á milli. Þar eru 2 íbúðarherbergi. Gólf og loft er úr járnbentri steinsteypu og skilveggur úr venjulegri steinsteypu, þiljaður beggja megin. Innan á útveggjum er borðagrind, með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Allar þiljur eru lagðar striga og vélapappír og íbúðin öll ýmist veggfóðruð eða máluð. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi og skilvegg. Þar er þvottaherbergi og geymsluherbergi.	
Stærð: L. 4.0 m. br. 9.0 m. h. 3.2 m. skáþak, kjh. 1.9 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	21.440.-
Samtals	51.470.-

Húsið er í aðalatriðum óbreytt frá síðasta mati 1. okt. 1943, en allmikið endurbætt.

A. Íbúðarhús: L 5.8 m., br. 4.4 m., h. 3.1 m., ris 2.0 m., kj. 1.9 m.	
Viðbygging: L 5.5 m., br. 2.5 m., h. 2.4 m., skáþak, kj. 1.9 m.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	53.000.-
B. Íbúðarhús: L 4.0 m., br. 9.0 m., h. 3.2 m., skáþak, kj 1.9 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	47.600.-
Samtals....	100.600.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. .....

Gata og númer: .....

Mót framkvæmd: 27/4 1981.	Metið kr.
Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið.	
Skúrinn er byggður úr timbri.	
Stærð skúrsins: 39 m^3	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....kr.	19.500.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 3387

Gata og númer: Sólvallagata 36.

Mót framkvæmd: 21/4/1943.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr venjulegri steinsteypu, kjallarahæðin, en þar fyrir ofan eru allir veggir þess og loft úr járnbentri steinsteypu. Þak er úr borðasúð, pappa og bárujárni. Innan a útveggjum er borðagrind með 2 pappalögum, með listum á milli og þar innan á, vírlögðum biljum og allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar innan og málaðar. I neðri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, 2 fastir skápar, anddyri og gangur. I efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., 5 fastir skápar, anddyri og gangur. I kjallaranum eru 1 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., þvottahús, miðstöðvarherbergi, 2 geymsluklefar, anddyri og gangur. Á húsinu eru veggsvalir. Aðalstigi þess er úr steinsteypu, með gúmmídúk, en aðrir stigar eru úr tré. Að utan er húsið einangrað með hrafntinnu- og kvarzhúð.	
Stærð: L. 6.6 m. br. 9.7 m. h. 5.5 m. ris 1.6 m. kjh. 2.3 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	79.450.-
b. Bifreiðaskúr er byggður allur úr steinsteypu, múrhúðaður utan.	
Stærð: L. 5.5 m. br. 3.2 m. h. 2.3 m.	
Skúrinn er virtur á.....	2.870.-
Samtals	82.320.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 3558

Gata og númer: Sólvallagata 37.

Mót framkvæmd: 26/4/1945.	Metið kr.
Ibúðarhús, tvílyft, sú hliðin, er snýr að götunni, en bakhlið þrílyft með risi og kjallara, úr venjulegri steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og járni. Innan á útveggjum húsgaflanna eru vikurp-lötur, en hliðarveggir eru klæddir innan með virlögðum biljum og er 2 pappalög á milli steinsteypunnar og biljjanna. I húsinu eru 3½ loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar og oliumálaðar innan. Á öllum hæðum er sama herbergjaskipun: 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., 3 fastir skápar, anddyri og gangur á hverri hæð. I kjallaranum er 1 íbuðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi, 4 geymsluklefar, þvotta- og þurrkherbergi, miðstöðvarherbergi og 2 gangar. 3 veggpallar eru á húsinu. Stigar eru úr steinsteypu, gúmmílagðir. Húsið er allt múrhúðað utan á götuhlið með kvarz og tinnu.	
Stærð: L. 8.5 m. br. 10.0 m. meðalh. 6.7 m. meðalris 2.0 m. kjh. 2.4 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	197.700.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 3388

Gata og númer: Sólvallagata 38.

Mót framkvæmd: 21/1/1943.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, með risi og kjallara, sem er byggður úr venjulegri steinsteypu, en þar fyrir ofan eru allir veggir þess og loft úr járnbentri steinsteypu. Þak er úr borðasúð, pappa og bárujárni. Innan á útveggjum er borðagrind, með 2 pappalögum, listum og biljum þar innan á, vírlögðum og allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar innan og málaðar. I hvorri hæð fyrir sig eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri, gangur og 2 skápar í neðri hæðinni, en í efri hæðinni er einnig baðherbergi með v.s. og 5 fastir skápar. I kjallaranum er 1 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., þvottahús, miðstöðvarherbergi, 2 geymsluklefar, anddyri og gangur. Á húsinu eru veggsvalir og aðalstigi þess er úr steinsteypu, með gúmmídúk á framstigum. Aðrir stigar eru úr tré. Að utan er húsið varið með hrafntinnu og kvartshúð.	
Stærð: L. 6.6 m. br. 9.7 m. h. 5.5 m. ris 1.6 m. kjh. 2.3 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	81.880.-
b. Bifreiðaskúr er á sömu lóð, allur byggður úr steinsteypu.	
Stærð: L. 5.5 m. br. 3.2 m. h. 2.3 m. skáþak.	
Skúrinn er virtur á.....	3.280.-
Samtals	85.160.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótamat nr. 697

Gata og númer: Sólvallagata 39

Möt framkvæmd: 19/7 1977	Metið kr.
Byggt hefur verið nýtt hús á lóðinni Nr. 39 við Sólvallagötu.	
Húsið er steinsteypt, einangrað með plasti, múrað að utan og er	
bárujárn á þaki. Húsið er 2.hæðir, ris og kjallari.	
1.hæð: Þar eru 5.íbúðarherbergi, eldhús og borðkrókur.	
Þvottaherbergi og baðherbergi með kerlaug, steypu, v.s. og handlaug.	
Veggir eru málaðir og dúkur er á gólfum. Innbyggðir skápar, svalir.	
Einnig er á gólfum harðviður. Tvöfalt gler er í gluggum.	
2.hæð: Húnner eins og 1.hæð.	
Þakhæð: Þar eru 4.íbúðarherbergi, eldhús, geymsla og þvottaherbergi,	
svalir. Baðherbergi með kerlaug, steypu, v.s. og handlaug.	
Innbyggðir skápar og hurðir.	
Jarðhæð: Þar eru 3.íbúðarherbergi, eldhús, 3.geymslur og sorp.	
Baðherbergi með kerlaug, v.s. og handlaug. Veggir eru málaðir og	
viðarklæddir. Tvöfalt gler er í gluggum.	
Stærð hússins:	
L. 12.40 m., Br. 10.00 m., H. 6.60 m., Kj. 2.65 m. = 1.147 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.	27.528.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 697

Gata og númer: S ó l v a l l a g a t a 39.

Mót framkvæmd: 15/10/1943.	Metið kr.
Íbúðarhús, einlyft, með porti og risi, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og listum á veggjum og þaki. Í hvorri hæðinni fyrir sig eru 3 íbúðarherbergi og eldhús. Í útveggjabinding er pappi og sagspónatróð. Skilveggir eru allir úr bindingi, með tvöföldum þiljum og þiljað er einnig neðan á loftbita og allt er húsið ýmist veggfóðrað eða málað innan. Milligólf er í báðum bitalögum með pappa og tróði í milli. I kjallaranum, semer undir rúmlega ½ húsinu er geymsla.	
Stærð: L. 7.0 m. br. 5.1 m. h. 4.1 m. ris 2.3 m. kjh. 1.7 m.	
Inngönguskúr er við húsið, byggður eins og það, að ytri, sem innri frágangi. Þar er stigagangur og v.s. Kjallari er undir skúrnum.	
Stærð: L. 4.2 m. br. 2.3 m. h. 5.0 m. ris 1.1 m. kjh. 1.4 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	42.080.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 3477

Gata og númer: Sólvallagata 40.

Mót framkvæmd: 21/3/1937.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr venjulegri steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. I húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, múrsléttaðri. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, múrsléttuðum og allar íbúðir hússins eru olíumálaðar innan. I hvorri hæð fyrir sig eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., anddyri og gangur. I kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., steypibaðklefi, þvottahús, miðstöðvarherbergi, 2 geymsluherbergi, stigaskápur og gangur. Kolaklefi úr steinsteypu er við bakhlið hússins. Steinsteyputröppur eru við það og undir þeim er anddyri fyrir kjallarann og geymsluklefi. Stigar eru úr tré. Húsið múrhúað utan.	
Stærð: L. 9.1 m. br. 8.7 m. h. 5.6 m. ris 1.6 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	37 .238.-
b. Fjós, úr steinsteypu , með járnþaki á pappa og borðasúð og er allt þiljað innan á grind, með pappa í, vírlagt og múrsléttað, bæði veggir og loft. Steinsteypugólf er í fjósinu og timburbásar fyrir 4 gripi.	
Stærð: L. 6.4 m. br. 4.5 m. h. 3.0 m. skáþak.	
Fjósið er virt á.....	2.250.-
c. Heyhlaða er byggð eins og fjósið, einnig úr steinsteypu, með járnþaki á súð.	
Stærð: L. 7.7 m. br. 3.0 m. h. 3.0 m. skáþak.	
Hlaðan er virt á.....	1.035.-
Aths. Litra b og c tilheyrði áður húseigninni nr. 37 Samtals	40.523.-
við Bræðraborgarstíg, brnr. 653.	

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4505

Gata og númer: S ó l v a l l a g a t a 41.

Mót framkvæmd: 16/12/1944.	Metið kr.
Íbúðarhús, úr steinsteypu, með þaki úr borðum, pappa og asbesti. 3 loft eru úr járnbentri steinsteypu, en skilrúm og kjallaragólf eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum og loftum er trétexklæðning og múrhúðað yfir Allar íbúðir hússins eru múrhúðaðar og málaðar og dúkar á gólfum og stigum. I hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél, baðherbergi m/kerlaug og v.s., anddyri, gangur og fastir skápar. I rishæð eru 2 íbúðarherbergi og gangur, súð og sklru'm klædd trétexi, herbergin veggfóðruð og dúkar á gólfum. Þar er framloft, ófrágengið, v.s. og vaskur á ganginum. I kjallaranum eru 3 íbúðarherbergi, eldhús með rafeldavél, steypibaðklefi m/ v.s., anddyri og gangur. Þar er ennfremur þvottaherbergi og geymsla. Miðstöðvarlögn er í húsinu í sambandi við hitaveitu. Húsið er múrhúðað með skeljasandi. I því eru tvennar veggsvalir úr steinsteypu.	
Stærð: L. 10.6 m. br. 10.0 m. h. 5.4 m. ris 3.0 m. kjh. 2.6 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	247.500.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 3467

Gata og númer: S ó l v a l l a g a t a 30.

Mót framkvæmd: 1/3/1942.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr venjulegri steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. I húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, múrsléttaðri. Innan á útveggjum eru plötur úr froðusteypu og allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar innan og olíumálaðar. I neðri hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi eldhús, anddyri og gangur. I efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., 2 fastir skápar, anddyri og gangur. I kjallaranum eru íbúðarherbergi, eldhús, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, þurrkstofa, kolaklefi, geymsluherbergi, v.s. og gangur. Veggpallur er á vesturhlið hússins. Annar stigi hússins er úr tré, en hinn er úr steinsteypu. Gúmmídúkar eru á þeim stiga og á baðherbergisgólfi. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er gangur inn í húsið og geymsluklefi. Húsið er allt múrhúað utan með kvarz og tinnuhúð.	
Stærð: L. 9.0 m. br. 8.5 m. h. 5.6 m . ris 1.6 m. kjh. 2.3 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	73.390.-
b.Bifreiðaskúr, byggður allur úr steinsteypu. Vikurplötur eru bæði innan á útveggjum og neðan á lofti skúrsins. Hann er múrsléttaður innan og húðaður utan með kvarzi og tinnu.	
Stærð: L. 6.0 m. br. 3.5 m. h. 2.5 m. skáþak.	
Skúrinn er virtur á.....	2.915.-
Samtals	76.305.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2817

Gata og númer: Sólvallagata 31.

Möt framkvæmd: 21/2/1931.	Metið kr.
Íbúðarhús, tvílyft, með kvisti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og járni. Í húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír. Allir skilveggir rishæðarinnar eru úr bindúngi, með tvöföldum þiljum, þiljað er einnig neðan á skammbita og innan á þaksperrur, allt strigalagt og allar íbúðir hússins eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. I hvorri aðalhæðanna fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s. og handlaug, þurrkloft og 2 gangar. Í kjallaranum eru miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi, 2 kolaklefar, 2 geymsluherbergi, trésmíðavinnustofa og 2 gangar. I þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., þurrkloft og 2 gangar. Stigar eru úr timbri .	
Stærð: L. 9.9 m. br. 9.0 m. h. 5.7 m. ris 2.8 m. lkj. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	39.164.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 3514

Gata og númer: Sólvallagata 32.

Möt framkvæmd: 1/10/1941.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, tvílyft með risi og kjallara, úr venjulegri steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. I húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og allir skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu . Innan á útveggjum eru froðusteypuplötur. I neðri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, 2 fastir skápar, anddyri og gangur. I efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., 5 fastir skápar og gangur. Þar er veggpallur. I kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, kolaklefi, geymsluherbergi, anddyri og gangur. I rishæðinni er geymsla, Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er gangur og geymsla. Aðalstigi er úr steinsteypu, gúmmílagður. Kjallarastigi er úr tré. Húsið er múrhúðað utan með kvarz og tinnu.	
Stærð: L. 6.6 m. br. 9.7 m. h. 5.5 m. ris 1.2 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	50.475.-
b. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, bæði veggir, þak og gólf, með sama frágangi og húsið sjálft.	
Stærð: L. 6.0m. br. 2.9 m. h. 2.5 m. skáþak.	
Skúrinn er virtur á.....	1.760.-
Samtals	52.235.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 3515

Gata og númer: Sólvallagata 32 a.

Mót framkvæmd: 6/12/1944.

Metið kr.

Ibúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr venjulegri steinsteypu, með járnbaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og allir skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum eru plötur úr froðusteypu. Allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar og málaðar innan. Í neðri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, 2 fastir skápar, anddyri og gangur. Í efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., 5 fastir skápar og gangur. Þar uppi er veggpallur. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., þvottahús, miðstöðvarherbergi, kolaklefi, geymsluklefi, anddyri og gangur. Í rishæðinni er geymslupláss. Steinsteyputröppur eru við húsið. Undir þeim er gangur inn í kjallarann og geymsluklefi. Annar hússtigiinn er úr steinsteypu, en hinn úr tré. Húsið er kvarz og tinnuhúðað.

Stærð: L. 6.6 m. br. 9.7 m. h. 5.5 m. ris 1.2 m. kjh. 2.5 m. = 550.57 m³

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 123.300.-

Núgildandi brunabótavirð 297.300-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2518

Gata og númer: S ó l v a l l a g a t a 33.

Mót framkvæmd: (1/3 1942) 8/11/1951.	Metið kr.
Íbúðarhús, tvílyft, með kvisti, 2 gluggakvistum, risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr bárujárni, pappa og borðasúð. Í húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu , en kjallaragólf og skilveggir allir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. I hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s. og handlaugaskál, anddyri og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind, með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. I þaklyfti eru 3 íbúðarherbergi, v.s. m/þvottaskál, anddyri og gangur. Hér eru allir skilveggir úr bindingi, með tvöföldum þiljum og þiljað er einnig neðan á þaksperrur og skammbita, allt strigalagt, veggfóðrað og málað. Ennfremur er í þakhæðinni þurrkloft. I kjallaranum eru 2 geymsluherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi og gangur, allt sementsstrokið. Stigar hússins eru úr timbri og allt er það sementssléttað utan.	
Stærð: L. 10.0 m. br. 9.0 m. h. 5.9 m. ris 3.0 m. kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	86.090.-
Virt 8/11/1951.	
Húsið, hefir frá síðasta mati 1. marz 1942 tekið þeirri breytingu, að á götuhlið hefir verið byggður kvistur og 3 kvistir sameinaðir í eitt á bakhlið hússins, að öllu leyti úr samskonar efni og húsið er úr byggt; bárujárn er á þaki. Neðri og efri hæð eru óbreyttar, en á þakhæð eru nú 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s. og handlaug, stigaforstofa, gangur, allt veggfóðrað, málað og dúklagt. Þiljað er neðan á skammbita, en ónothæft uppi. Kjallarinn er óbreyttur.	
Íbúðarhús: L 10.0 br. 9.0 h. 5.9 ris 3.0 kj. 2.0 = 846.00 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	423.000.00

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 3589

Gata og númer: Sólvallagata 34.

Mót framkvæmd: 21/4/1938.	Metið kr.
Ibúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa og steinskífu. I húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og vírlögðum þiljum þar innan á. Allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar og oliumálaðar innan. I hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., anddyri og gangur. I kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s., þvottahús, miðstöðvarherbergi, 3 geymsluherbergi og 2 gangar. 2 steinsteypukolaklefar eru utan við kjallaravegginn. Steinsteyputröppur eru við húsið. Undir þeim er gangur inn í kjallarann og geymsluklefi. 2 veggpallar eru á húsinu. Stigar eru úr steinsteypu, gúmmílagðir. Húsið er húðað utan með kvarz og tinnu.	
Stærð hússins: L. 10.0 m. br. 9.6 m. h. 5.4 m. ris 1.5 m. kjh. 2.6 m.	
" útskots: L. 1.3 m. br. 3.9 m. h. 4.5 m. ris 0.7 m. kjh. 2.6 m.	
Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....	47.776.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4601

Gata og númer: Sólvallagata 43.

Mót framkvæmd: 12/7/1945. 23/10/1965	Metið kr.
Íbúðarhús, 2 hæðir, suðvesturhlið þrílyft, byggt úr steinsteypu með þaki úr borðum, pappa og asbesti. Í húsinu eru 3 loft og stigar úr járnþentri steinsteypu, en skilrúm að mestu úr venjulegri steinsteypu og að nokkru leyti múrhúðuð. Innan á útveggjum er pappi í listum og múrhúðað á vírnet og allar eru íbúðirnar málaðar og gólf dúklögð. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., gangur og stigagangur. Í 2. hæð er sama herbergjaskipun og frágangur, sem áður er lýst. Í rishæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., gangur og stigagangur. Þar er þiljað með trétexi neðan á loftbita og allt múrhúðað og málað. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., anddyri og gangur. Auk þess er þar þvottaherbergi, geymsla og stigagangur. Hitaveitulögn er í húsinu. Á því eru tvennar veggsvalir og einar yfir útskoti. Það er múrhúðað með skel.	
Stærð hússins: L. 8.4 m. br. 10.0 m. meðalh. 7.2 m. ris 1.6 m. kjh. 2.6 m.	
" útskots: L. 4.5 m. br. 1.0 m. meðalh. 6.0 m. slétt þak, kjh. 2.6 m.	
Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....	250.500.-
Virt 23/10/1965	
Frá síðasta mati, 12/7/1945, hefur sú breyting verið gerð á húsinu, að settur hefur verið kvistur á húsið að norðan. Þar er nú eldhús og geymsla.	
Stærð hússins:	
L. 8.4 m., br. 10.0 m., h. 7.2 m., ris 1.6 m., kj. 2.6 m.	
L. 4.5 m., br. 1.0 m., h. 6.0 m., ris sl. kj. 2.6 m. = 939.00 m^3.	
Húsið, ásamt kvisti og tilheyrandi, er virt á..... kr.	1.972.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 6792

Gata og númer: SÓLVALLAGATA 45

Möt framkvæmd: 30/6/1957.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, þrjár hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, húðað að utan með marmara, með þaki úr timbri, pappa og bárujárni og tveimur gluggakvistum.	
Á 1. hæð eru 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús m/borðkrókum, 2 baðherbergi m/kerlaugum, 2 v. s. og 2 handlaugar, anddyri og innri forstofur (2). Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir og karmar eru úr harðviði. - 1. hæð hússins skiptist í tvær þriggja herbergja íbúðir.	
2. og 3. hæð eru að öllu leyti eins og 1. hæð.	
Í þakhæð er geymsla.	
Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, baðherbergi m/kerlaug, 2 v. s. og 2 handlaugar, anddyri og innri forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. - Auk þess er í kjallaranum þvottahús, kyndiklefi m/hitaveituupphitun, sem er sér fyrir hverja íbúð, 7 geymslur og almenningur.	
Stærð hússins :	
L. 14.1 m. Br. 12.0 m. H. 7.2 m. Ris 3.0 m. Kj. 2.7 m. = 1.928.88 m^3	
Húsið, með tilheyrandi, er metið á . . . . . Kr.	1.543.100.-

H. 10-'57-300

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 976

Gata og númer: Sólvallagata 47.

Mót framkvæmd: 21/9/1933.	Metið kr.
Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. I útveggjabinding er pappalag, þá listar og panelbiljur þar innan á. Þar eru 3 íbúðarherbergi og eldhús. Allt strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæð er 1 íbúðarherbergi með sama frágangi og geymsla. I kjallaranum er 1 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt með sama frágangi eins og er í aðalhæðinni. Þar er ennfremur þvottahús og 2 geymsluherbergi. I kjallaranum er þverskilveggur og gólf úr steinsteypu.	
Stærð: L. 6.3 m. br. 5.7 m. h. 3.1 m. ris 2.2 m. kjh. 2.2 m.	
Inngönguskúr er byggður eins og húsið.	
Stærð: L. 1.9 m. br. 2.5 m. h. 2.5 m. skáþak, kjh. 2.2 m.	
Viðbygging er við austurgafl eldra hússins, úr samskonar efni og með sama frágangi eins og það. I viðbyggingunni eru engin sérstæð herbergi, heldur er hún aðeins stækkun á 2 íbúðarherbergju m eldra hússins.	
Stærð: L. 1.9 m. br. 5.7 m. h. 3.1 m. ris 0.9 m. kjh. 2.2 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr, viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	10.040.-

Virt: 31/5 1979.

Frá síðasta mati hafa verið gerðar endurbætur á húsinu.
Klæning utan á húsinu hefur verið endurnýjuð, nýtt þak, skipt um glugga og tvöfalt gler sett í. Skipt um rafmagns- og miðstöðvarlagnir.
Veggir málaðir.
Kjallari: Þar hefur verið settur stigi upp. Flísalagt, allt málað.
Stærðir eru óbreyttar frá síðasta mati eða 319 m^3
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr. 14.355.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótafélag Íslands nr. 4319

Gata og númer: Sólvallagata 48.

Mót framkvæmd: 2/1/1944. 9/11/1965	Metið kr.
Ibúðar- og trésmíðahús, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. I húsinu eru stigi og 1 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, efra loft er úr borðum neðan á loftbitum. Innan á útveggjum íbúðarinnar eru trétexplötur og öll er hún múrsléttuð og máluð innan. Efri hæðin er einnig klædd innan á útveggi með trétexi og sléttum asbestplötu m. Gangar eru múrsléttaðir og málaðir innan. Í aðalhæð er vélasalur, trésmíðaherbergi, skrifstofa, gangur, steypibaðklefi, v.s., miðstöðvarherbergi, geymsluklefi og gangur. Húsið er ~~ekki~~ múrhúðað utan.	
Stærð aðalhússins: Meðall. 10.5 m. meðalbr. 7.7 m. h. 4.0 m. skáþak, kjh. 2.4m.	
" viðbyggingar: Meðall. 11.1 m. meðalbr. 6.8 m. h. 4.0 m. skáþak, kjh. 2.4m.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	94.850.-

Virt: 9/11/1965

Frá síðasta mati, 2/1/1944 hefur verið byggð ný viðbygging. Byggt úr steinsteypu, einangrað með vetil, slétthúðað og málað að utan og þakið er timbur, pappi og bárujárn. Húsið er 4 hæðir og upphitað með ~~g~~ hitaveitu.

1. hæð: Þar er vörugeymsal.
2. hæð: Þar er trésmíðavinnusalur (húsgögn) Allt málað
3. hæð: Þar er vörugeymsla. Allt pússað
4. hæð: Þar eru 5 íbúðarherbergi, 1 eldhús, bað með keri, v. s. og handlaug. 1 gangur. Allt málað og dúklagt, skápar eru inbyggðir, gluggar með tvöföldu gleri, harðviður í hurðum, svalir. Í sumum herbergjum eru viðarklædd loft.

Stærð hússins: L.

L. 11.74 m., br. 14.8 m., h. 9.35 m., = 1.625.00 m^3.

Þak: L. 11.74 m., br. 13.0 m., h. 2.75 m. = 420.00 m^3

= 2.045.00 m^3

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr. 3.579.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 1032

Gata og númer: Sólvallagata 50.

Mót framkvæmd: (1/1/1944) 12/4 1955.	Metið kr.
Íbúðarhús, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og járni þar yfir á veggjum og þaki. Innan á bindingi er pappi og milligólf er í báðum bitalögum. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, gangur og 3 fastir skápar. Allt biljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. I rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, gangur og fastur skápur. Allt með sama frágangi eins og er í aðalhæðinni. Kjallari með steinsteypu - gólfi er undir öllu húsinu, hólfaður í sundur í geymslur.	
Stærð: L. 6.9 m. br. 6.9 m. h. 2.7 m. ris 3.5 m. kjh. 2.1 m.	
Inngönguskúr er við norðurhlið hússins, byggður eins og það.	
Stærð: L. 2.4 m. br. 1.9 m. h. 2.7 m. skáþak, kjh. 2.1 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	44.240.-
Virt 12/4 1955.	
Hefir breyzt mikið frá síðasta mati 1 jan. 1944. Á innganginn í kjallaranum hefir verið byggt við húsið úr timbri. Eldhúsið á hæðinni stækkað og forstofan endurbætt. Á suðurhlið risins hefir verið byggður stór kvistur með 2 risum og eru nú á þakhæðinni 3 íbúðarherbergi í stað tveggja áður og þau lagfærð. Allir útveggir endurbættir ásamt innréttingu. Ennfr. hefir verið standsett úti: -	
Íbúðarhús: L. 7.0 m. Br. 6.9 m. H. 3.2 m. ris 3.5 m. kj. 2.2 m.	
Útskot : L. 4.3 m. Br. 1.9 m. H. 3.0 m. skáþak kj. 2.2 m. Alls 390.24 m^3	
Húsið með útskoti og tilheyrandi er metið á . . . . . kr.	253.700.oo

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 102

Gata og númer: S ó l v a l l a g a t a 51.

Möt framkvæmd: 10/4/1945.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, tvílyft, með sléttu þaki og kjallara, úr járnbentri steinsteypu. Þakið er einnig úr járnbentri steinsteypu, með vönduðum frágangi. I húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir allir eru úr venjulegri steinsteypu, múrsléttaðri. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og biljum þar innan á, vírlögðum og múrsléttuðum. Báðar aðalhæðir hússins eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Tvennir gluggar eru á þessum hæðum. I neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, fastur skápur, anddyri og gangur. I efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, v.s., 4 fastir skápar, anddyri og gangur og lítið eldhús. I kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, múrhúðuð og máluð og geymsluherbergi , ~~1 baðherbergi~~, v.s., gangur og þvottahús m/þvottavél og baðker. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er gangur inn í kjallarann. Stigar eru úr tré. Húsið er múrhúðað utan.	
Stærð: L. 7.5 m. br. 9.0 m. h. 5.5 m. sl. þak, kjh. 2.2 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	117.500.-
b. Bílskúr er á sömu lóð, úr steinsteypu. Þak er úr járni á borðasúð. Raflögn til ljósa og hitunnar.	
Stærp: L. 5.7 m. br. 3.3 m. h. 2.3 m.	
Skúrinn er virtur á.....	6.500.-
Samtals	124.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2254

Gata og númer: S ó l v a l l a g a t a 52.

Mót framkvæmd: (a 21/12/1926, b 21/9/1934.) 28/8/1947.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, einlyft, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. I aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Langskilveggur og 1 þverveggur eru úr steinsteypu, sementssléttaðir. Aðrir skilveggir eru úr bindingi, klæddir tvöföldum þiljum. Þiljur eru einnig neðan á loftbitum. Allar þiljur eru lagðar striga og vélapappír og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð. Milligólf er í 2 bitalögum, með pappa og sagspónastoppi á milli gólfanna. I þaklyfti er geymsla og þurrkloft. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi og timburgólfi þar yfir. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., geymsluklefi og 2 gangar. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhæðinni. Steinsteyputröppur eru við austurhlið hússins og undir þeim er geymsluklefi og gangur inn í kjallarann.	
Stærð: L. 9.1 m. br. 8.2 m. h. 2.8 m. ris 2.5 m. kjh. 2.8 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	25.505.-
b. Geymsluskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. I skúrnum er geymsluherbergi og þvottahús. Steinsteypugólf og skilveggir úr tré er í skúrnum.	
Stærð: L. 5.3 m. br. 2.5 m. h. 2.5 m. skáþak.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	940.-
Samtals	26.445.-

Húsið hefir frá síðustu mötum 21. des. 1926 og 21 sept. 1934 verið hækkað um eina hæð úr steinsteypu, svo að nú er það 3 hæðir, byggt á sama hátt og eldra húsið. Á þessari nýju hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. I risi eru 2 íbúðarherbergi, baðherbergi og geymsla. Inngönguskúrinn hefir verið hækkaður. Útihús óbreytt.

Stærð hússins : L 9.0 m., br. 8.0 m., h. 8.7 m., ris 2.3 m., kj. 2.8 m.	
" inng.skúrs : L 3.6 m., br. 3.0 m., h.10.6 m., skáþak.	
A Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	247.800.-
B. Geymsluskúr: L 5.3 m., br. 2.5 m., h. 2.5 m., skáþak.	
Geymsluskúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	4.900.-
Samtals,.....	252.700.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 317

Gata og númer: Sólvallagata 53.

Mót framkvæmd: 1/4/1942.	Metið kr.
Íbúðarhús, tvílyft, með lágu geirarisi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Millibiljur eru í útveggjabindingi. Masonite-þiljur eru innan á útveggjum, beggja megin á skilveggjabinding og neðan á loftbitum. Milligólf er í báðum bitalögum. Tvöfaldir gluggar eru á aðalhæðum hússins og þær eru báðar ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Kjallarinn er múrhúðaður innan. Þar er loft, gólf og skilveggir úr steinsteypu. Milligólf er í báðum bitalögum og sagspónastopp er á milli gólfanna. I neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, anddyri og gangur. I efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., 3 fastir skápar og anddyri. I kjallaranum er þvottahús, þurrkstofa, miðstöðvarherbergi, geymsluherbergi og gangur. Steinsteyputröppur eru við húsið og niðurstig að útidyrum kjallarans.	
Stærð: L. 9.6 m. br. 7.8 m. h. 5.7 m. ris 0.8 m. kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	55.770.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2253

Gata og númer: Sólvallagata 54.

Mót framkvæmd: (21/5/1929.) 29/1/1945.	Metið kr.
Ibúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. I húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir allir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. I aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, v.s. og 2 anddyri Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í þaklyfti er geymsla og þurrkloft. I kjallaranum eru 3 íbúðarherbergi, 2 eldhús, fastur skápur, v.s. og 2 gangar. Allt þetta er með sama frágangi eins og í aðalhæð hússins, nema hvar í íbúðarherbergjunum er timburgólf yfir steinsteypugólfinu. Auk þess er þvottaherbergi í kjallaranum og opinn gangur í gegnum húsið. Steinsteyputröppur eru við austurhlið hússins og undir þeim er gangur inn í kjallarann, v.s. og geymsluklefi. Stigar hússins eru úr timbri og allt er húsið múrsléttað utan.	
Stærð: L. 13.8 m. br. 8.1 m. h. 2.9 m. ris 2.4 m. kjh. 2.6 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	33.120
Húsið hefir verið hækkað um eina lofthæð frá síðasta mati 21/5/1929, svo nú er það tvílyft með risi og kjallara úr steinsteypu með þaki úr borðum, pappa og járni. 3 loft eru úr járnbentri steinsteypu. Kjallari og aðalhæð er óbreytt frá síðustu lýsingu og vísast til hennar. Efri hæðin er einangruð með pappa í listum og klætt yfir með trétexi og málað yfir loft og veggir, sem ýmist eru steypt eða múrhúðuð timburskilrúm. Dúkar eru á öllum gólfum. Þar eru 5 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél, baðherbergi m/v.s., stigagangur og gangur. Timburstigar eru bæði upp á hæðinna og eins á rishæð. Þar eru 2 íbúðarherbergi og gangur. Skilrúm eru úr timbri og allt klætt með trétexi og málað, veggir og loft. Dúkar eru á gólfum íbúðarherbergjanna. Þar er einnig þvottahús og geymslur í öðrum enda rishæðar. Húsið er múrsléttað utan.	
Stærð: L. 13.9 m. br. 8.2 m. h. 8.4 m. ris 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	290.200.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 123

Gata og númer: S é l v a l l a g a t a 55.

Mót framkvæmd: (1/3/1942.) 18/10/1946. 30/4/1964.	Metið kr.
Íbúðarhús, tvílyft, með sléttu þaki og kjallara, úr járnbentri steinsteypu. Þakið er einnig úr járnbentri steinsteypu, með vönduðum frágangi. Í húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir allir eru úr venjulegri steinsteypu, múrsléttaðri. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, vírlögðum og múrsléttuðum. Báðar aðalhæðir hússins eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Tvennir gluggar eru á þessum hæðum. I neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, fastur skápur, anddyri og gangur. I efri hæðinni er 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., 4 fastir skápar, anddyri, gangur og svalir. I kjallaranum er þvottahús, miðstöðvarherbergi, 2 geymsluherbergi, v.s. og gangur. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er gangur inn í kjallarann. Stigar eru úr tré. Húsið er múrhúðað utan.	
Stærð neðri hæðar: L. 7.5 m. br. 9.0 m. h. 2.9 m. sl. þak, kjh. 2.2 m.	
" efri hæðar: Meðall. 6.5 m. br. 9.0 m. h. 2.6 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	50590.-
Hús þetta hefir verið breytt frá síðasta mati 1/3/1942, að því leyti að inngönguskúr hefir verið byggður við það úr steinsteypu, klæddur innan með vikurplötum, múrhúðað og málað. Þar er anddyri og fatageymsla. Herbergi hefir verið gert í kjallara hússins, sem áður var geymsla.	
Stærð neðri hæðar: L. 7.5 m. br. 9.0 m. h. 2.9 m. kjh. 2.2 m.	
" efri " L. 6.5 m. br. 9.0 m. h. 2.6 m. sl. þak.	
" útskots: L. 1.7 m. br. 3.4 m. h. 3.5 m. kjh. 2.2 m.	
Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....	142.500.-
Virt: 30/4/1964. 18/10/1946	
Frá síðasta mati,/ hefur verið byggt við húsið . Viðbyggingin er úr steinsteypu, einangruð með plasti og þakið er timbur, pappi og bárujárn. Stækkunin er vinnustofa í kjallara, stofa á hæðinni og 2 herbergi á II. hæð. Allt er þetta málað og dúklagt. Segja má, að gamla húsið sé óbreytt, nema að því leyti, sem er af nýbyggingunni leyfir.	
Stærð hússins:	
L. 13.58 m., br. 7.5 m., h. 5.4 m., ris 2.5 m., kj. 2.2 m.	
l. 1.50 " " 3.7 " " 2.8 " " fl. " 2.2 " = 934.2 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr.	1.495.000.-
Virt: 27/4 1981.	
Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið. Skúrinn er byggður úr holsteini. Stærð skúrsins: 88 m^3	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á..... kr.	46.640.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2828

Gata og númer: S ó l v a l l a g a t a 56.

Mót framkvæmd: 1/8/1942.	Metið kr.
Ibúðarhús, tvílyft, með 2 kvistum, porti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa og járni. Í húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og vírlögðum þiljum þar innan á og allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar og málaðar innan. I neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, v.s., 2 gangar, anddyri og opinn gangur í gegn um húsið. I efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, steypibaðklefi, v.s., anddyri og 3 gangar. I rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 geymsluherbergi, steypubaðklefi, v.s., baðherbergi og 2 gangar. I kjallaranum er 1 íbúðarherbergi, tresmíðavinnustofa, baðherbergi, v.s., 3 geymsluklefar, miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi, 2 gangar og undirgangur. Stigar eru úr steinsteypu. Húsið er múrhúðað utan.	
Stærð: L. 12.4 m. br. 8.2 m. h. 6.5 m. ris 3.0 m. kjh. 2.2 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	136.410.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 322

Gata og númer: Sólvallagata 57.

Mót framkvæmd: (1/2/1941.) (28/1/1946.) (26/11/1946.) (23/10/1965	Metið kr.
Ibúðarhús, tvílyft, með lágu geirarisi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Milliþiljur eru í útveggjabindingi. Masoniteþiljur eru innan á útveggjum beggja megin á skilveggjabinding og neðan á loftbitum. Milligólf er í báðum bitalögum. Tvöfaldir gluggar eru á aðalhæðum hússins og þær eru báðar ymist veggfóðraðar eða málaðar. Kjallari er múrhúaður innan. Þar er loft, gólf og skilveggir úr steinsteypu. Milligólf er í báðum bitalögum og sagspónastopp á milli gólfanna. I neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, anddyri og gangur. I efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., 3 fastir skápar og anddyri. I kjallaranum er þvottahús, þurrkstofa, miðstöðvarherbergi, geymsluherbergi og gangur. Steinsteyputröppur eru við húsið og niðurstig að útidyrum kjallarans.	
Stærð: L. 9.6 m. br. 7.8 m. h. 5.7 m. ris 0.8 m. kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	38.042.-
28/1/1946	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1/2/1941.	
Stærð: L. 9.6 m. br. 7.8 m. h. 5.7 m. ris 0.8 m. kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	139.200.-
26/11/1946	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 28/1/1946.	
Stærð: L. 9.6 m. br. 7.8 m. h. 5.7 m. ris 0.8 m. kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	157.300.-
Virt 23/10/1965.	
Húsið hefur verið endurbætt á ýmsan hátt frá síðasta mati 15/3/1954.	
Ný eldhúsinnrétting og nýjar hurðir og gluggar. Nýr bílskúr, hlaðinn með bárujárnsþaki.	
Stærð hússins:	
A: L. 9.6 m., br. 7.8 m., h. 5.7 m., ris 0.8 m., kj. 2.0 m. = 607.00 m³.	1.244.000.-
B: L. 8.0 m., br. 4.5 m., h. 2.5 m. = 90.00 m³.	63.000.-
Húsið, ásamt bílskúr og tilheyrandi, er virt á..... kr.	1.307.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2011

Gata og númer: Sólvallagata 58.

Mót framkvæmd: 25/10/1945.	Metið kr.
Ibúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi og 2 eldhús. Innan á útveggjum er borðagrind, pappi og panelþiljur. Panel er einnig neðan á loftbitum. Íbúðarherbergin eru lögð striga og pappír á veggjum og loftum. Allt málað. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, klædd með trétexi, veggfóðruð og máluð og v.s., dúkar á gólfum.	
Stærð: L. 7.7 m. br. 6.9 m. h. 3.8 m. skáþak, kjh. 2.0 m.	
Inngönguskúr er byggður úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð.	
Stærð: L. 2.5 m. br. 2.3 m. h. 3.2 m. skáþak, kjh, 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi og inngönguskúr, er virt á.....	82.900.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 132

Gata og númer: Sólvallagata 59.

Mót framkvæmd: 1/2/1941. | Metið kr.

Íbúðarhús, tvílyft, með sléttu þaki og kjallara úr járnbentri steinsteypu. Þakið er einnig úr járnbentri steinsteypu, með vönduðum frágangi. Í húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir allir eru úr venjulegri steinsteypu, múrsléttaðri. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, vírlögðum og múrsléttuðum. Báðar aðalhæðir hússins eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan, Tvennir gluggar eru á þessum hæðum. I neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, fastur skápur, anddyri og gangur. I efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s., 4 fastir skápar, anddyri, gangur og svalir. I kjallaranum er þvottahús, miðstöðvarherbergi, 2 geymsluherbergi, v.s. og gangur. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er gangur inn í kjallara. Stigar eru úr tré. Húsið er múrhúðað utan.

Stærð neðri hæðar: L. 7.5 m. br. 9.0 m. h. 2.9 m. sl. þak, kjh. 2.2 m.
" efri " Meðall. 6.5 m. br. 9.0 m. h. 2.6 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 37.140.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2345

Gata og númer: Sólvallagata 60.

Mót framkvæmd: (1/11/1943.) 15/4 1956.	Metið kr.
Íbúðarhús, tvílyft, með risi, úr steinsteypu og með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. I neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., fastur skápur, anddyri og opinn gangur. Gólf og skilveggir eru úr steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum, þiljum og striga og veggpappír þar innan á. 2 loft eru úr járnbentri steinsteypu. Í þaklyfti eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í neðri hæðinni. Báðar eru hæðirnar ýmist veggfóðraðar og málaðar innan. I þaklyfti er þvottaherbergi, geymsluherbergi og þurrkloft, þiljað í sundur með einföldum timburskilveggjum.	
Stærð: Meðall. 9.8 m. br. 7.5 m. h. 5.5 m. ris 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á,.....	79.340.-

Virt 15/4 1956.

Húsið hefir tekið þeirri breytingu, frá síðasta mati, 1.nóv. 1943, að ofan á það hefir verið byggð 3.hæð úr steinsteypu, slétthúðuð utan, korkklædd innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Þar eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri, v.s. og handlaug, stigahús og gagnur, allt málað og dúklagt. Hitaveita. Í risi er þvottaherbergi og þurkloft.

Íbúðarhús: L. 9.8 m. Br. 7.5 m. H. 8.2 m. ris 2.0 m.

Útskot : L. 4.9 m. Br. 4.2 m. H. 8.2 m. ris 1.0 m. Alls 855.24 m^3

Húsið, með útskoti og tilheyrandi, er metið á . . . . . kr. 598.700.oo

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 337

Gata og númer: Sólvallagata 61.

Möt framkvæmd: 1/2/1941.	Metið kr.
Íbúðarhús, einlyft, með lágu geirarisi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Milliþiljur eru í útveggjabindingi. Masonite-þiljur eru innan á útveggju-m beggja megin á skilveggjabinding og neðan á loftbitum. Milligólf er í báðum bitalögum. Tvöfaldir gluggar eru á aðalhæðum hússins og þær eru báðar ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Kjallarinn er múrhúðaður innan. Þar er loft, gólf og skilveggir úr steinsteypu. Milligólf er í báðum bitalögum og sagspónastopp á milli gólfanna. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, anddyri og gangur. I efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., 3 fastir skápar og anddyri. I kjallaranum er þvottahús, þurrkstofa, miðstöðvarherbergi, geymsluherbergi og gangur. Steinsteyputröppur eru við húsið og niðurstig að útidyrum kjallarans.	
Stærð: L. 9.6 m. br. 7.8 m. h. 5.7 m. ris 0.8 m. kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	38.592.-

Virt: 27/4 1981.

Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið.
Skúrinn er steinsteyptur.
Stærð skúrsins: 79 m^3
Skúrinn, ásamt tilheyrandi,er virtur á.....kr. 45.820.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 146

Gata og númer: Sólvallagata 63.

Möt framkvæmd: a. 1/2/1941, b. 1/3/1943.	Metið kr.
a. Ibúðarhús, tvilyft, með sléttu þaki og kjallara, úr járnbentri steinsteypu. Þakið er einnig úr járnbentri steinsteypu, með vönduðum frágangi. I húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og allir skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, múrsléttaðri. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa á, listum og þiljum þar innan á, vírlögðum og múrsléttuðum. Báðar aðalhæðir hússins eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Tvennir gluggar eru á þessum hæðum. I efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s., 4 fastir skápar, anddyri, gangur og svalir. I neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, fastur skápur, anddyri og gangur. I kjallaranum er þvottahús, miðstöðvarherbergi, 2 geymsluherbergi, v.s. og gangur. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er gangur í kjallara. Stigar eru úr tré. Húsið er múrhúðað utan.	
Stærð: L. 7.5 m. br. 9.0 m. h. 2.9 m. sl. þak, kjh. 2.2 m.	
" efri hæðar: Meðall. 6.5 m. br. 9.0 m. h. 2.6 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	37.690.-
b. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Innan á útveggjum og neðan á þakbita er pappalag og plægðar þiljur þar innan á. Gólf er úr steinsteypu og skúrinn er múrsléttaður utan.	
Stærð: L. 7.0 m. br. 4.0 m. h. 2.5 m. skáþak.	
Skúrinn er virtur á.....	4.900.-
Samtals	42.590.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 3574

Gata og númer: Sólvallagata 66.

Möt framkvæmd: 1/6/1942. 30/9/1964	Metið kr.
Íbúðarhús, tvílyft, með skábaki og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. I húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum eru plötur úr mosasteypu og allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar og ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Í hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s., 2 fastir skápar, anddyri og gangur. I kjallaranum er 1 íbúðarherbergi, v.s., 5 geymsluherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi og 3 gangar. Kolageymsla úr steinsteypu er utan við kjallaravegginn. Veggpallur er á efri hæð hússins. Allt er það múrhúðað utan og götuhlið með kvarz og tinnu. Steinsteyputröppur eru við húsið. Undir þeim er geymsluklefi. Stigar eru úr steinsteypu, gúmmílagðir. Stærð hússins: L. 11.3 m. br. 9.9 m. h. 6.0 m. skáþak, kjh. 2.5 m. " útskots: L. 3.5 m. br. 1.0 m. h. 3.0 m. skáþak. Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....	110.750.-
Virt 30/9/1964 Frá síðasta mati, 1/6/1942, hefur verið sett tvöfalt gler í allt húsið, og másaik sett á 2 ~~baðherbergi~~ baðherbergi, veggina og ný tæki sett upp. Að öðru leyti er húsið óbreytt og því er vel við haldið. Stærð hússins: L. 11.3 m., br. 9.9 m., h. 6.0 m., ris skáþ. kj. 2.5 m. L. 3.5 m., br. 1.0 m., h. 3.0 m. = 961.4 m^3. Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á..... kr.	1.682.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 3592

Gata og númer: S ó l v a l l a g a t a 68.

Mót framkvæmd: 1/6/1942.	Metið kr.
Íbúðarhús, tvílyft, með skáþaki og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. I húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og vírlögðum þiljum þar innan á, allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar innan og olíumálaðar. I neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s., fataskápur, anddyri og 2 gangar. I efri hæðinni eru 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús, baðherbergi, v.s. 3 skápar, anddyri og 2 gangar. I kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, ~~2~~ 4 geymsluherbergi, þvottahús, miðstöðvarherbergi, v.s. og 2 gangar. 2 veggpallar eru á húsinu. Stigar eru úr steinsteypu með gummídúk. Húsið er húðað utan með kvarz og tinnu.	
Stærð hússins: Meðall. 9.4 m. br. 9.9 m. h. 6.0 m. skáþak, kjh. 2.5 m.	
" kjallara: L. 3.0 m. br. 8.3 m. h. 2.5 m.	
" útskots: L. 6.8 m. br. 8.3 m. h. 6.3 m.	
" Do: L. 7.8 m. br. 1.0 m. h. 5.7 m. skáþak, kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á.....	146.150.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 258

Gata og númer: Sólvallagata. Ráðagerði

Mat framkvæmd: a-d 21/6/1927, e og f 21/6/1926.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og járni á 2 vegu, en steinveggir á 2 hliðum, önnur hlið hússins er byggð í fulla rishæð. Niðri eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt þiljað og með striga og pappír á loftum og veggjum, hvað íbúð snertir. Allt málað. I efri íbúð hússins er 3 íbúðarherbergi, þiljuð og með pappa á loftum og 2 geymsluherbergi, þiljuð. Allt málað. Kjallari er undir ½ húsinu.	
Stærð: L. 6.6 m. br. 6.9 m. h. 3.5 m. ris 3.0 m. kjh. 1.6 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	12.723.-
b. Inngönguskúr er við húsið, byggður eins og það.	
Stærð: L. 2.5 m. br. 1.3 m. h. 2.5 m. ris 1.9 m.	
Skúrinn er virtur á.....	288.-
c. Geymsluhús er norðan við húsið, úr bindingi, klætt utan borðum og járni á 3 vegu, en rimlum á 4 veg. Járnþak á langböndum. Niðri eru 5 geymsluklefar og hjallur. Uppi eru 2 geymsluherbergi.	
Stærð: L. 6.3 m. br. 5.4 m. h. 2.5 m. ris 1.9 m.	
Húsið er virt á.....	3.024.-
d. Íbúðarhús úr steinsteypu á 3 vegu, en 4. veggur er eldra húsið. Þak er úr borðum, pappa og járni. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og panelþiljum þar innan á. Allir útveggir eru múrhúðaðir utan. Skilveggir eru úr bindingi, klæddirtvöföldum borðum. Milligolf er í neðri bitalögu-m, með pappa og/sag-spónasteypu milli golfanna. I húsinu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, fataskápur og gangur. Allir veggir og loft er strigalagt og ýmist veggfóðrað eða málað.	
Stærð: L. 5.6 m. br. 6.6 m. h. 2.9 m. skáþak.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	5.778.-
e. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu á 3 vegu, en norðurhliðin er úr binding, klæddum utan borðum. Þak er úr borðasúð, pappa og bárujárni. I skúrnum er steinsteypugolf. Þar er geymsla fyrir 6 bifreiðar.	
Stærð: L. 15.0 m. br. 6.5 m. h. 3.0 m. skaþak.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	9.070.-
f. Bifreiðaviðgerðarskúr er byggður við vesturgafl litra e, úr steinsteypu með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Dyr eru á milli þessara skúra, með ójárnvarinni tréhurð. Steinsteypugólf er í skúr þessum.	
Stærð: L. 8.0 m. br. 11.2 m. h. 3.5 m. skáþak.	
(Stærð: L. 8.0 m. br. 11.2 m.)	
Skúrinn , ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	9.698.-
Samtals	40.581.-
	21.813.-

Rifjað í mars 1928.

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 1520

Gata og númer: Sólvallagata 70.

Möt framkvæmd: (21/11/1930.) (5/9/1953.) Bílskúr 31/5 1956.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, úr holsteini, með járnbaki á pappa, listum og borðasúð. Húsið er einlyft, með risi og kjallara, sementssléttað utan. I aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur. Skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Útveggir eru kalksléttaðir innan, allt veggfóðrað og málað. I kjallaranum er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og í aðalhæðinni. Stærð: L. 7.9 m. br. 7.2 m. h. 3.0 m. ris 2.0 m. kjh. 2.6 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	15.720.-
b. Íbúðarhús, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og járni. I húsinu eru 2 gólf úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir allir úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum aðalhæðarinnar er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð innan. I aðalhæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og gangur. I rishæðinni er þurrkloft. I kjallaranum er þvottahús, 2 geymsluherbergi, v.s., anddyri og gangur yfir þvert húsið. Stigi er úr timbri og húsið er sementssléttað utan. Stærð: Meðall. 6.1 m. br. 7.2 m. h. 3.0 m. ris 2.0 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	11.150.-
Samtals	26.870.-

Virt 5/9/1953.

Húsin eru óbreytt að stærðum frá síðasta mati 21. nóvember 1930, en mikið umbætt innanhúss og nokkuð breytt. Í stafl. A. hefir verið komið fyrir steypibaðklefa m/v.s. á hæðinni, allar hurðir endurnýjaðar úr spónlögðu mahogny eða birki, gerekti og gólflistar í forstofu en stofum eru nú úr mahogny, ennfremur er á hæðinni nýr innbyggður bókaskápur og rúm úr mahogny og þrísettur fastur fataskápur m/yfirskápum, eldhússinnrétting er ný og með stálvöskum; nýr timburstigi upp í risið. Loks hefir hitaveitulögn verið sett í húsið. Í risi er geymsla og þurrkloft. Í kjallara er ný eldhúsinnrétting og steypibaðklefi m/v.s.

A. Íbúðarhús: L 7.9 br. 7.2 h. 3.0 ris 2.0 kj. 2.6 = 375.41 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	225.200.00
B. Þar hefir verið þiljað af steypibaðklefi m/v.s. á hæðinni og eldhúsinnrétting endurnýjuð í nýtízku horf.	
Íbúðarhús: L 6.1 br. 7.2 h. 3.0 ris 2.0 kj. 2.5 = 285.48 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	157.000.00
Samtals krónur	382.200.00

H. 4. 6500944

SNÚ

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 1520

Gata og númer: SÓLVALLAGATA 70

Mót framkvæmd:	Metið kr.
Virt 31/5 1956.	
Nýr bílskúr og geymsla, 2 veggir steinsteyptir og 2 veggir hlaðnir úr vikurholsteini, óhúðaður utan, vikurklæddur innan steinsteyptir veggirnir, hinir múrhúðaðir, bárujárn á þaki stoppað tréspónum og asbestklætt innan. Hann er ósundurhólfaður, með raflögn og hitaveitu. Stóra hurðin er m/gluggum og járnslegin fyrir neðan.	
Stærð skúrsins : L. 7.90 m. Br. 7.5 m. H. 3.0 m. = 177.75 m^3	
Skúrinn, með tilheyranri, er metinn á . . . . . kr.	53.300.oo
Virt: 27/4 1981.	
Byggt á hefur við húsið sem er ótilgreint hjá Fasteignamati ríkisins.	
Byggingarár er 1956. Húsið er byggt úr holsteini.	
Stærð hússins: 350 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.	122.500.-

H. 4. 6500964

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 1705

Gata og númer: Sólvallagata 72.

Mót framkvæmd: 21/6/1926.	Metið kr.
Íbúðarhús, með porti og risi og 3 kvistum. Það er byggt úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. I aðalhæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og búr. Borðagrind er innan á útveggjum og þar innan á er pappi, listar og panelþiljur. Skilveggir eru allir úr binding, með tvöföldum þiljum og neðan á bitalögum er borðaklæðning. Allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. I baklyfti eru 3 íbúðarherbergi, geymsluklefi og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhæð hússins. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi. Þar eru 2 íbúðarherbergi og eldhús. Allt þiljað og málað. Sömuleiðis er þar geymsluherbergi, þvottaherbergi og gangur.	
Stærð: L. 7.5 m. br. 6.9 m. h. 3.2 m. ris 3.0 m. kjh. 2.3 m.	
Inngönguskúr er við norðurhlið hússins, byggður eins og það.	
Stærð: L. 3.3 m. br. 1.6 m. h. 2.7 m. skáþak, kjh. 2.3 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	18.435.-

Virt: 27/4 1981.

Frá síðasta mati hefur verið byggð geymsla við húsið.
Geymslan er byggð úr timbri.
Stærð geymslunar: 33 m^3
Geymslan, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr. 16.500.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4604

Gata og númer: S ó l v a l l a g a t a 74.

Möt framkvæmd: 12/7/1945.	Metið kr.
Íbúðar- og verzlunarhús, byggt úr steinsteypu, 3 hæðir, ris og kjallari. Þak er úr timbri, pappa og asbesti. Innan á útveggjum hæðanna eru vikurplötur. I húsinu eru 4 loft úr járnbentri steinsteypu, sem og stigar, en skilveggir að mestu leyti úr venjulegri steinsteypu, en að öðru leyti úr vikurplötur, allt múrhúðað og málað. I neðstu hæðinni eru 3 sölubúðir, sem enn er kki búið að ganga frá hvað búðargögn snertir að neinu leyti. Þar eru ennfremur skrifstofuherbergi, v.s., gangur og stigahús. I 2. og 3. hæð, hvorri fyrir sig, eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., gangur og stigagangur. I rishæð eru 6 íbúðarherbergi. Þar eru skilrúm úr trétexi klæddu á binding og veggfóðrað. Þar er ennfremur þvottahús, allt múrhúðað á bindingarborðaklæðningar. Þrennar veggsvalir eru á husinu. Það er hitað frá hitaveitu og húðað utan með skeljasandi.	
Stærð aðalhússins: Meðalh. 14.5 m. br. 5.2 m. h. 9.8 m. ris 1.8 m. kjh. 2.1 m.	
" viðbyggingar: " 4.0 m. br. 7.0 m. h. 9.8 m. ris 1.8 m. kjh. 2.1 m.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	389.400.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 3901

Gata og númer: S ó l v a l l a g a t a 78.

Mót framkvæmd: (2/12/1941.) 16/5/1951.	Metið kr.
a. Vörugeymsluhús, úr bindingi, klætt utan bárujárni, bæði á veggjum og þaki, sem neglt er á lagnbönd. Allt er húsið þiljað innan og stoppað með sagspónum á milli þilja og járns. Gólf er úr steinsteypuog sömuleiðis grunnur hússins, undir fótstykkjum þess.	
Stærð: L. 7.0 m. br. 7.0 m. h. 3.1 m. skáþak.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	6.880.-
b. Geymsluskýli er byggt úr timburgrind, klætt utan með bárujárni á langböndum.	
Stærð: L. 10.0 m. br. 7.0 m. h. 2.5 m. skáþak.	
Skúrinn er virtur á.....	4.375.-
c. Girðingar úr bárujárni á stólpum og bárujárni, eru virtar á.....	680.-
Samtals	11.935.-
Virt 16/5/1951.	
Húsin eru óbreytt frá síðasta mati 2. desember 1941, en mæld nú í einu lagi.	
Trésmíðastofa: L 10.0 m. br. 20.0 m. h. 3.0 m. skáþak. Girðingin fallin.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	108.000.00

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 3393

Gata og númer: Sólvallagata 79.

Mót framkvæmd: 1/6/1942.	Metið kr.
a. Bifreiðastöð til viðgerða, einlyft, með risi og kjallara undir nokkrum hluta hússins. Það er byggt úr járnbentri steinsteypu á pappa og borðasúð. Húsið er ekki hólfað í sundur aðeins lítill afgreiðsluklefi í einu horni þess. Auk trésperra undir bakinu hvílir það einnig á járnsperrum með járnbitum og bitum yfir þvert húsið. Steinsteypugólf er í húsinu og það er múrhúðað bæði utan og innan. I kjallara eru miðstöðvarherbergi, kolaklefi, vörugeymsluherbergi, v.s. og steypibaðklefi.	
Stærð: L. 31.0 m. br. 20.0 m. h. 4.1 m. ris 2.9 m.	
Kj.st:L. 9.8 m, br. 6.4 m. h. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	165.080.-
b. Bifreiðageymsla, byggð áföst við eldra húsið, úr járnbentri steinsteypu. Þak er úr járni, pappa og borðasúð, er hvílir á trésperrum, sem styrktar eru með tré og járnbindingi. Steinsteypugólf er í húsinu og ekki er það hólfað í sundur að öðru leyti ne því, að þar eru 2 v.s. Húsið er múrhúðað utan.	
Stærð: Meðall. 40.0 m. br. 20.0 m. h. 4.1 m. ris 2.9 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	160.500.-
Samtals	325.580.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 3584

Gata og númer: Sólvallagata 80.

Möt framkvæmd: a 2/1/1943, b 21/1/1940.	Metið kr.
a. Verksmiðjuhús fyrir lýsisbræðslu, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð á járnsperrum og pappa og bárujárni þar yfir. Gólf og öflugir fótstallar fyrir væntanlegar vélar og lýsisgeyma eru úr járnbentri steinsteypu. Kjallarinn er úr sterkri steypubröndu, múrsléttaðri með sterku þéttiefni. I húsinu er véla- og geymslusalur, skrifstofa, matstofa, steypibaðklefi, v.s. og anddyri. Skilveggir eru úr tré. Allir bitar og þakbinding hússins er úr járni.	
Stærð: Meðall. 31.0 m. br. 15.0 m. h. 5.2 m. ris 3.7 m.	
Kj.st: L. 24.2 m. br. 3.2 m. h. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	206.350.-
b. Lýsisgeymsluhús, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og bárujárni. I þeim hluta hússins, sem er með risi er allur þakbindingur úr járni. Steinsteypugólf er í húsinu og þar eru 4 lýsisþrær úr járnbentri steinsteypu. Húsið er allt múrhúðað utan og innan.	
Stærð: L. 15.3 m. br. 15.3 m. h. 5.2 m. ris 3.5 m.	
" L. 15.3 m. meðalbr. 18.3 m. h. 4.8 m. skáþak.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	311.650.-
c. Viðbygging er við eldri lýsisstöð, 2 lyft með risi úr járnbentri steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Loft og skilveggir eru úr járnbentri, en gólf neðri hæðarinnar eru úr venjulegri steinsteypu. Í neðri hæðinni er geymslusalur og pressusalur, skrifstofa og gangur. Húsið er allt múrhúðað utan og innan.	
Stærð: L. 22.5 m. br. 15.0 m. h. 6.0 m. ris 3.6 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	321.470.-
Samtals	839.470.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2008

Gata og númer: Spítalastíg 1.

Mót framkvæmd: 11/7/1924.	Metið kr.
Ibúðarhús, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa og járnþaki þar yfir. I neðri hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr baðherbergi og gangur. Skilveggir, gólf, loft og stigatröppur eru úr steinsteypu, allt kalksléttað. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, þiljum, striga og pappír þar innan á. Allt ýmist veggfóðrað eða málað. I efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins er í þeirri neðri. I baklyfti eru 4 íbúðarherbergi, þurrkloft og gangur. Allir eru skilveggir þar úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Þiljað er þar og neðan á loftbita. Allt lagt striga og pappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Á framhlið hússins eru 2 kvistir, en á norðurhlið þess eru 3 gluggakvistir. Kjallari er undir öllu húsinu . Þar er 1 íbúðar herbergi, eldhús og gangur, með samskonar frágangi, sem er á aðalhæðum hússins. Ennfremur er þar þvottaherbergi, v.s. og 5 geymsluklefar. Leirflísar eru á stigatröppum öllum, göngum, baðherbergisgólfum og undir eldavélum í öllum eldhúsum. Postulínsflísar eru á 1.3 m. h. á veggjum í bað- og snyrtiherbergjum. Linoleumdúkar eru á gólfum íbúðarherbergja allra og eldhúsa.	
Stærð: L. 9.1 m. br. 8.8 m. h. 6.7 m. ris 2.5 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	44.999.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 1789

Gata og númer: Spítalastígur 1a.

Möt framkvæmd: a. 23/9/1922, b. 21/7/1926.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. I aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og panelþiljum innan á. Skilveggir eru úr bindingi, þiljuðum. Neðan á loftbitu-m er panel. Allt lagt striga og pappír og málað. Kjallari er undir öllu húsinu með golfi og skilveggjum úr steinsteypu, þeir eru sementssléttaðir með álímdum veggjapappír. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, fastur skápur, v.s., gangur. Innan á loftbitum og útveggjum eru þiljur lagðar striga og pappír, allt málað.	
Stærð: L. 7.5 m. br. 7.5 m. h. 2.8 m. ris 1.0 m. kjh. 2.7 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	15.690.-
b. Geymsluhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð með pappa á milli. Skilveggir og gólf eru úr steinsteypu,(með járnþaki á borðasúð með pappa á milli.)	
Stærð: L. 6.8 m. br. 3.0 m. h. 2.5 m. skáþak.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	2.178.-
Samtals	17.868.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 270

Gata og númer: Spítalastígur 2 og 2b

Mót framkvæmd: 11/9/1925.	Metið kr.
a. Íbúðar- og verzlunarhús, úr steinsteypu, með járnbaki á pappa, listum og borðasúð. I neðri hæðinni er sölubúð, með borðum, skúffum, skápum og hillum. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum innan. Allt lagt striga og vélapappir. Gólf og loft er úr steinsteypu. Veggir og loft er ýmist veggfóðrað eða málað innan. I þessari hæð er einnig stigagangur og opinn gangur í gegnum húsið. Báðir sementssléttaðir innan og stigagangurinn allur málaður. I efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, v.s. og gangur. Skilveggir er hér uppi allir úr bindingi og þiljað innan á alla útveggi. Tvöfaldar þiljur eru á skilveggjum og þiljað er neðan á loftbita. Allt strigalagt og ýmist veggfóðrað eða málað. I rishæðinni er hornkvistur og 3 gluggakvistir. Þar uppi eru 4 íbúðarherbergi og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í efri hæðinni. Húsið er allt sementssléttað utan og málað.	
Stærð: L. 10.7 m. br. 4.7 m. h. 6.4 m. ris 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	21.476.-
b. Íbúðarhús, (áður brnr. 1306) einlyft, með risi, úr steinsteypu, með steinsteypuskilrúmum. Veggir eru sementssléttaðir að utan, en asfalteraðir að innan. Það er með járnbaki á plægðri 1" borðasúð, með pappa á milli. Milligólf er í neðra bitalagi. Niðri eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og 1 fastur skápur, allt þiljað og herbergin með striga og pappír á veggjum og loftum, sumt veggfóðrað, en sumt málað. Þar eru 2 ofnar og 1 eldavél. Kjallari er undir öllu húsinu og timburgólf í 2/3 hluta hans. Hann er hólfaður í 2 íbúðarherbergi, eldhús, þvottahús, 2 geymsluklefar og 1 skápur. Herbergin eru með striga og pappír á veggjum og loftum. Þar er 1 ofn og 1 eldavél.	
Stærð: L. 7.5 m. br. 6.9 m. h. 2.8 m. ris 0.7 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	15.518.-
c. Við suðurhlið hússins er inngönguskúr, með kjallara, byggður eins og húsið. I honum eru 2 gangar og 2 fastir skápar.	
Stærð: L. 2.5 m. br. 1.9 m. h. 2.5 m. skábak, kjh. 2.5 m.	
Skúrinn er virtur á.....	1.280.-
d. Íbúðarhús, (áður brnr. 1306) byggt úr steinsteypu, með pappabaki á borðasúð. I neðri hæð eru 1 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Borðagrind er innan á útveggjum með tjörupappa í og þiljað innan á með panel. Veggir og loft lagt striga og pappir og allt málað. I efri hæð eru 2 íbúðarherbergi og gangur með samskonar frágangi eins og er niðri.	
Stærð: L. 4.1 m. br. 6.9 m. h. 5.6 m. ris 1.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	10.400.-
Samtals	48.674.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 1324

Gata og númer: Spítalastígur 3.

Mót framkvæmd: 1/12/1942. 27/7/ 1970.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Innan á binding er pappi og milligólf er í báðum bitalögum. Í aðalhæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, búr, gangur og 2 fastir skápar. Allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. I rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhæðinni. Á skammbitum er gólf, úr plægðum borðum. Þar uppi er þurrkloft. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu, hólfaður í sundur í 4 herbergi, v.s. og gang.	
Stærð: L. 6.9 m. br. 6.9 m. h. 4.4 m. ris 3.3 m. kjh. 2.1 m.	
Inngönguskúr er við norðurhlið hússins, með kjallara, byggður eins og það.	
Stærð: L. 2.4 m. br. 1.7 m. h. 2.7 m. skáþak. Kj. 2.1 m	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	49030.-
b. Viðbygging er við vesturgafl hússins, litra a, , úr steinsteypu, á 3 vegu, en úr binding á samskeytum húsanna. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og járni. I húsinu eru 2 íbúðarherbergi, innan á útveggjum er borðagrind, pappi og þiljur og þiljur eru einnig neðan á loftbitum. Allt strigalagt, veggfóðrað og málað. Kjallari er undir viðbyggingunni, með steinsteypugólfi. Þar eru 2 geymsluherbergi.	
Stærð: L. 3.3 m. br. 9.8 m. h. 3.5 m. skáþak, kjh. 2.0 m.	
Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	19,100.-
Samtals	68.130.-

Virt: 27/7/ 1970.

Lækkuð til fjárs vegna verðrýrnunar.

A: L.6.9 m., br. 6.9 m., h. 4.4 m., ris. 3.3 m., kj. 2.1 m.,
" L. 2.4 m., br. 1.7 m,. h. 2.7 m., ris. skáþak. kj. 2.1 m., } =405 m³..Kr. 1.134.000.-
B: L.3.3 m., br. 9.8 m., h. 3.5 m., Kj. 2.0 m.,) = 178 m³.Kr. 549.000.-

Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á .....Kr. 1.683.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 828

Gata og númer: Spítalastígur 4a, 4a.

Mót framkvæmd: (2/12/1941.) (15/5/1946.) 18/3/1947.	Metið kr.
a. Ibúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni þar yfir á hliðum og þaki, en gaflar eru úr steinsteypu. I aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 1 eldhús, gangur og 3 fastir skápar. Allt þiljað og herbergin með pappa á veggjum, en striga og pappír á loftum, allt ýmist veggfóðrað eða málað. I rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, fastur skápur og 6 hliðarkompur, allt þiljað, veggfóðrað og málað. Milligólf er í báðum bitalögum. Kjallari er undir öllu húsinu. I honum eru 3 íbúðarherbergi, 1 eldhús, 1 gangur og 3 fastir skápar. Allt þiljað, veggfóðrað og málað.	
Stærð: L. 9.4 m. br. 6.9 m. h. 3.0 m. ris 3.1 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	40.790.-
b. Geymsluhús er úr bindingi á 3 vegu, en önnur hlið þess er úr steinsteypu. Klætt er það utan með borðum, listum og járni á veggjum og baki. I húsinu eru 7 geymsluklefar með timburgólfi.	
Stærð: L. 10.0 m. br. 2.8 m. h. 2.4 m. skáþak.	
Húsið, er virt á.....	1.725.-
c. Geymsluskúr, úr bindingi, klæddur utan járni á langböndum, á veggjum og baki. Þar er afþiljaður geymsluklefi.	
Stærð: L. 4.8 m. br. 2.4 m. h. 2.0 m. skáþak.	
Skúrinn er virtur á.....	360.-
d. Þvottahús, úr steinsteypu, með baki úr borðasúð, pappa, listum og járni. Gólf er úr steinsteypu.	
Stærð: L. 5.0 m. br. 2.8 m. h. 2.8 m. skáþak.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	2.610.-
e. Ibúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni þar yfir á 2 vegu og baki. I aðalhæðinni er 1 íbúðarherbergi og eldhús, þiljað og málað. I baklyfti eru 2 íbúðarherbergi, geymsluherbergi og gangur. Allt með sama frágangi eins og er í aðalhæðinni.	
Stærð: L. 5.7 m. br. 4.0 m. h. 2.5 m. ris 2.0 m.	
Inngöngu- og íbúðarskúr er við austurhlið hússins, byggður eins og það. Þar er 1 íbúðarherbergi og gangur. Allt þiljað.	
Stærð: L. 5.7 m. br. 2.2 m. h. 2.2 m. skáþak.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	6.060.-
Samtals	51.545.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 828

Gata og númer: Spítalastígur 4.

Mót framkvæmd: 31/10/1960.	Metið kr
Eldri húsin eru óbreytt frá síðasta mati 2/12/1941.	
e. Bifreiðaskúr úr timbri, klæddur járni á þaki, en múrhúðaður á veggjum.	
Neðan á loftbita er klætt borðum, en trétex á veggjum. Malargólf er í skúrnum.	
A. Ibúðarhús: L. 9.4 m. br. 6.9 m. h. 3.0 m. ris 3.1 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	104.200.-
B. Geymsluskúr: L. 10.0 m. br. 2.8 m. h. 2.4 m. skáþak. múrhúðaður.	
" do: L. 4.8 m. br. 2.4 m. h. 2.0 m. skáþak.	
Báðir skúrarnir, ásamt tilheyrandi, eru virtir á.....	5.800.-
C. Þvottahús: L. 5.0 m. br. 2.8 m. h. 2.8 m. skáþak.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	2.700.-
D. Ibúðarhús: L. 5.7 m. br. 4.0 m. h. 2.5 m. ris 2.0 m.	
" Inngönguskúr: L. 5.7 m. br. 2.2 m. h. 2.2 m. skáþak.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	7.600.-
E. Bifreiðaskúr: L. 7.6 m. br. 3.5 m. h. 2.5 m.	
Skúrinn er virtur á.....	3.400.-
Samtals	123.700.-

Húsið er breytt frá síðasta mati 15/5. 1946, aðalhúsið, á þann hátt, að gangur hefir verið gerður gegnum kjallarahæð hússins, 3 metra breiðar, settar nýjar dyr og gluggi stækkaður. Skúr á baklóð hússins, áður stafl b., lengdur á sama hátt og hinn hlutinn er gerður og tengdur við húsið áfast því sem framhaldsbygging við áðurnefndan gang, allt klætt trétexi. Timburgólf er í byggingunni, er á að notast sem saumastofa. Þessi nýi hluti er klæddur asbesti að utan.

Ibúðarhús: L 9.4 m., h. 3.0 m., ris 3.1 m., kj. 2.5 m,br. 6.9 m.

Viðbygging: L 13.0m., br. 2.4 m., skáþak, ~~br.~~ h. 2.8 m.

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi er virtá..... 130.800.-

Virt 31/10/1960.

Frá síðasta mati hússins, 25/2 1947, hafa eftirtaldar breytingar og endurbætur verið gerðar á húsinu:

1. hæð er að mestu óbreytt, nema í eldhús hefur verið bætt við innréttingum og gott viðhald er á hæðinni.

Í þakhæð eru nú 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug. Allt málað og dúklagt. Ný hitalögn. 2 kvistir, sem áður voru hafa nú verið sameinaðir í einn og svalir settar.

Flutt á næsta blað

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gata og númer: SPÍTALASTÍGUR 4 og 4 a.

Möt framkvæmd: (31/10/1960.) 24/10/1972	Metið kr.
Virt 31/10/1960. framhald, frá fyrra blaði.	
Kjallari hefur verið dýpkaður og steypt gólf. Þar er ný eldhúsinnrétting, 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug. Allt málað og dúklagt.	
Stærð hússins:	
A: L. 9.4 m., br. 6.9 m., h. 3.o m., ris 3.1 m., kjh. 2.5 m.	
" viðb.: " 13.o " " 2.4 " " 2.8 " skáþak. = 541.38 m³....	487.200.-
B: " 5.o " " 2.8 " " 2.8 " = 39.2o m³....	11.800.-
C: " 5.7 " " 4.o " " 2.5 " ris 2.o m.	
" " 5.7 " " 2.2 " " 2.2 " = 107.39 m³....	53.700.-
D: " 7.6 " " 3.5 " " 2.5 " = 66.55 m³....	13.300.-
Húsið með tilheyrandi er metið á ..... Alls kr.	566.000.-
Virt: 24/10/1972.	
Húsið er allt ný endurbætt, settar nýjar hurðir og gluggar endurnýjaðir og innréttingar auknar og klæðningar. Hitalögn endurnýjuð á jarðhæð. Alls eru 4 íbúðir í húsinu.	
Aths. Gamli bærinn er fluttur upp í Árbæ og skúrar, sem á lóðinni standa eru ónýtir og falla því úr tryggingu.	
Stærð hússins:	
A: L. 9.4 m., br. 6.9 m., h. 3.0 m., ris 3.1 m., kj. 2.5 m.	
" L.13.0 m., br. 2.4 m., h. 2.8 m., ris skáþak = 541.00 m³.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	2.543.000.-

Virt 26/9 1977.

Forstofa:

1. Smiðaður nýr vinkilstigi (neðri stigi)
2. Inngangi breytt. Tvennar dyr lágu inn í húsið, lágu aðrar inn í gang viðbyggingar, en hinar beint fyrir framan gamla stigann sem lág beint niður að annari útidyrahurðinni(svo varla var hægt að fóta sig fyrir innan dyrnar, er þær voru lokaðar.) Sjá fylgiskjal.
3. Fjarlægður var veggur, sem var á milli viðbyggingarinngangs og uppgangi upp í húsið.
4. Fjarlægð klósettkompa, sem var á annari hæð (forstofu) og gólf undir efri stiga einnig fjarlægt.
5. Rifið gamalt timburgólf, steypt nýtt með einangrun og tilheyrandi lögnum.
6. Ný raflögn sett í alla forstofuna með tilheyrandi rafmagnstöflu. Einnig dyrasími.
7. Lögð hitaveita í forstofu og nýr miðst.ofn.
8. Smiðaður harviðarskápur í neðri forstofu.
9. Forstofa öll harðviðarklædd og teppalögð.
10. Sett ný úridyrahurð í forstofu. Útidyraveggur einangraður og viðarklæðning sett utandyra.
11. Sett tvöfalt gler í forstofugluggann.

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 828

Gata og númer: Spítalastígur 4

Mót framkvæmd: 26/9 '77 frh.	Metið kr.
Viðbygging:	
1. Öll endurbyggð utan jafnt sem innan með nýjum steyptum gólfum ásamt tilheyrandi einangruðum lögnum.	
2. Allar skolp-vatns og hitalagnir nýjar. Settir nýir Danfosskranar.	
3. Járnklæðning öll ný.	
4. Veggir og loft allt vel einangrað.	
5. Öll hreinlætistækji ný. Baðherbergi allt klætt með mósaík.	
6. Tvöfalt gler sett í alla glugga. Dyrasími.	
Miðhæð:	
1. Öll endurnýjuð, öll klædd að innan með þykkum spónaplötum og loftklæðningu. Tvöfalt gler í öllum gluggum.	
2. Allar hurðir nýjar(harðviðar). Nýir Danfosskranar á alla ofna.	
3. Hreinlætistækji ný.	
4. Harðviðarskápur settur í svefnherbergi, Ný eldhúsinnrétting.	
5. Gólf öll forsköluð, Svalir endurnýjaðar, settar nýjar styrktarstoðir undir efri og neðri svalir. Settur dyrasími.	
Rishæð:	
1. Gólf endurnýjuð, klædd með spónarplötum og síðan parkett.	
2. Settir Danfosskranar á alla ofna og íbúðin að öðru leyti standsett.	
Jarðhæð:	
1. Steypt gólf. Fataskápar smíðaðair í svefnherbergi. Útbúinn sturtuklefi. Settar loftplötu í sum loftin.Ný eldhúsinnrétting. Hitalögn breytt og settir nýjir ofnar í alla íbúðina. Forstofa klædd. Settir Danfosskranar á alla ofna.	
Utandyra:	
Gert við járnklæðningu á þaki og veggjum. Gert við brunavegg. Vesturgafl hússins klæddur. Sett nýtt gólf í efri svalir.	
Stærðir:	
L. 9,4 m., br. 6,9 m., h. 3,0m., ris 3,1 m., kj. 2,5 m.,) 541	
L. 13.0m., br. 2,4 m., h. 2,8m., s.þak ")	
Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr.	14.607.000

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 649

Gata og númer: Spítalastígur 5.

Mót framkvæmd: 1/12/1943. 27/7/ 1970.	Metið kr.
Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni þar yfir á veggjum og þaki. I neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og búr. Allt biljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. I efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og er í neðri hæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu, hólfaður í sundur í 4 geymsluklefa.	
Stærð: L. 6.9 m. br. 6.9 m. h. 5.4 m. ris 1.0 m. kjh. 2.0 m.	
Inngönguskúr er byggður úr bindingi, klæddur utan borðum pappa, listum og járni á veggjum og þaki. I neðri hæð skúrsins er 1 íbúðarherbergi og 2 gangar, allt biljað og málað. I efri hæðinni er 1 íbúðarherbergi og gangur, með sama frágangi.	
Stærð: L. 3.1 m. br. 3.3 m. h. 5.4 m. skáþak, kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	64.590.-

Virt 27/7/ 1970.

Lækkað til fjárs ,,vegna verðrýrnunar.

A: L. 6.9 m., br. 6.9 m., h. 5.4 m., ris. 1.0 m., kj. 2.o m.,
" L. 3.1 m., br. 3.3 m., h. 5.4 m., skáþak. kj. 2.0.m., } = 452 m^3

Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á .....Kr. 1.13o.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 555

Gata og númer: Spítalastígur 6.

Mót framkvæmd: 1/4/1942.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. I neðri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur. Allt biljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. I efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í neðri hæðinni. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, biljuð og máluð, 6 geymsluklefar og 2 gangar.	
Stærð: L. 9.4 m. br. 6.3 m. h. 5.5 m. ris 1.7 m. kjh. 2.0 m.	
Viðbygging er við aðalhúsið, úr bindingi, klædd utan á 2 vegu og þaki með plægðum borðum, pappa, listum og járni þar yfir. Vesturgafl er úr steinsteypu. Innan á binding er pappi og milligólf í 2 bitalögum. I hvorri hæð fyrir sig eru 2 íbúðarherbergi, biljuð, veggfóðruð og máluð. Kjallari til geymslu er undir viðbyggingunni.	
Stærð: L. 3.3 m. br. 6.3 m. h. 4.9 m. ris 1.7 m. kjh. 2.0 m.	
Inngönguskúr er við suðurhlið hússins litra a, byggður eins og það.	
Stærð: L. 1.9 m. br. 1.9 m. h. 4.7 m. skábak.	
Inngönguskúr er við suðurhlið viðbyggingarinnar, byggður eins og það hús.	
Stærð: L. 1.9 m. br. 1.9 m. h. 4.4 m. skábak.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....	50.430.-
b. Geymsluskúr er byggður úr bindingi, klæddur utan með járni á langböndum á 3 vegu og þaki. Suðurhliðveggur er úr steinsteypu. I skúrnum er steinsteypugólf.	
Stærð: L. 8.2 m. br. 3.1 m. h. 2.5 m. skábak.	
Skúrinn er virtur á.....	2.345.-
c. Geymsluskúr, úr bindingi, pappalagður.	
Stærð: L. 5.8 m. br. 2.8 m. h. 2.2 m. ris 0.5 m.	
Skúrinn er virtur á.....	1.230.-
d. Girðingar umhverfis lóðina.	
Stærð: L. 32 m.	
Þær eru virtar á.....	400.-
Samtals	54.405.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. =555

Gata og númer:

Mót framkvæmd:	Metið kr
Virt 27/7/ 1970.	
Lækkað tilæfjárs vegna verðrýrnunar.	
A. L. 9.4 m,. br. 6.3 m., h. 5.5 m., ris. 1.7 m., kj. 2.0 m.,	
" L. 3.3 m., br. 6.3 m., h. 4.9 m., ris. 1.7 m., kj. 2.0 m., = 684 m^3	.Kr. 1.750.000:
" L. 1.9 m., br. 1.9 m., h. 4.7 m., skáþak.	
" L. 1.9 m., br. 1.9 m., h. 4.4 m.,	
B. L. 8.2 m., br. 3.1 m., h. 2.5 m., = 64 m^3	.Kr. 48.000.-
C. L. 5.8 m., br. 2.8 m., h. 2.2 m., ris. 0.5 m., = 39 m^3	.Kr. 29.000.-
D. L. 32.0 m., = 20m^3	.Kr. 15.000.-
Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á	.Kr 1842.000:

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 750

Gata og númer: Spítalastígur 7.

Mót framkvæmd: (1/4/1943.) 25/2/1947. (27/7/ 1970.) 7/2/1972	Metið kr.
Ibúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Húsið er tvílyft, með risi og kjallara. I hvorri hæð fyrir sig eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og fastur skápur. Allt þiljað og stoppað í binding með sagspónum. Veggir og loft eru lögð striga og ymist veggfóðrað eða málað. Kjallari er undir öllu húsinu. I honum eru 2 íbúðarherbergi, þiljuð og máluð, 2 geymsluherbergi og 3 geymsluklefar.	
Stærð: L. 6.3 m. br. 6.3 m. h. 5.6 m. ris 1.6 m. kjh. 1.9 m.	
Viðbygging er við austurgafl aðalhússins, úr steinsteypu á 3 vegu , en binding, borðum, pappa, listum og járni á þaki og þeirri hlið, sem veit að eldra húsinu, að svo miklu leyti, sem hið nýja er breiðara. Bitalög og gólf er úr timbri. I neðri hæðinni er 1 íbúðarherbergi og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum innan á. Allir veggir eru pappalagðir, en strigi og pappi neðan á loftum, allt málað. Útitröppur eru úr steinsteypu-yfirbyggðar. I efri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í neðri hæðinni. Kjallari er undir viðbyggingunni með steinsteypugólfi. I honum er þvottaherbergi og geymsluklefi, þiljaður og málaður og gangur í gegnum húsið.	
Stærð: L. 3.1 m. br. 8.8 m. h. 5.6 m. ris 1.3 m. kjh. 1.9 m.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	82.870.-
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. apríl 1943.	
Ibúðarhús: L 6.3 m., br. 6.3 m., h. 5.6 m., ris 1.6 m., kj. 1.9 m.	
Viðbygging: L 3.1 m., br. 8.8 m., h. 5.6 m., ris 1.3 m., kj. 1.9 m.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi er virt á.....	138.000.-
Virt 27/7/ 1970	
Lækkað til fjárs, vegna verðrýrnunar.	
A: L. 6.3 m., br. 6.3 m., h. 5.6 m., ris 1.6 m., kj. 1.9 m.,) = 550 m^3	
" 1. 3.1 m., br. 8.8 m., h. 5.6 m., ris. 1.3 m., kj. 1.9 m,.)	
Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á .....Kr.	1.485.000.-
Virt: 7/2/1972.	
Endurbætur hafa verið gerðar á innréttingum á 1. hæð, nýtt elhús, harðviðar skápar. Einnig hafa verið gerðar endurbætur á 2. hæð. 3. hæð er nú einstklings-íbúð.	
Stærð hússins:	
A: L. 6.3 m., br. 6.3 m., h. 5.6 m., ris 1.6 m., kj. 1.9 m.	
" L. 3.1 m., br. 8.8 m., h. 5.6 m., ris 1.3 m., kj. 1.9 m. = 550.00 m^3	
" L. 3.0 m., br. 4.0 m., h. 2.8 m. = 34.00 m^3.	
584.00 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	2.219.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 1054

Gata og númer: Spítalastígur 8.

Mót framkvæmd: (1/4/1942.) (18/3/1947.) 29/4/1952.	Metið kr.
a. Íbúðarhús, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni á 3 vegu og þaki, en eldvarnargafl er að vestanverðu. Í útveggi er fyllt með sagi og milligólf er í 2 bitalögum. I neðri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, 3 gangar og 3 fastir skápar. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. I efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 gangar og 4 fastir skápar. Allt með sama frágangi eins og er í neðri hæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 5 geymsluklefar og 2 gangar.	
Stærð: L. 11.6 m. br. 7.5 m. h. 5.4 m. ris 1.3 m. kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	54.480.-
b. Málaraskúr er við austurgafl hússins, úr bindingi, klæddur utan borðum og pappa á veggjum og með járnþaki á borðasúð. Þiljaður innan með trégólfi og hólfaður í tvennt.	
Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 1643

Gata og númer: S u ð u r g a t a. (Loftskeytastöðin)

Möt framkvæmd: 21/2/1942.	Metið kr.
Loftskeytastöð, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð og pappa þar yfir. Veggir eru sementssléttaðir og málaðir utan. Allir skilveggir, loft og gólf eru úr steinsteypu. Undir öllu húsinu er kjallari. Þar eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, þvottahús, geymsluklefi, miðstöðvarklefi, 4 gangar og v.s. Allt sementssléttað og málað. I aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, 2 skrifstofur, 2 vélaherbergi og 2 gangar. Allt með sama frágangi eins og er í kjallaranum. Á skammbitum eru gólfborð. Þar er geymsla. Stærð: L. 17.2 m. br. 10.2 m. h. 3.2 m. ris 2.5 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	107.070.-

H. 4. 6500944

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 4477

Gata og númer: Suðurgata Klöpp (Horn við Melaveg).
~~Suðurgata. - Fálkagata.~~

Mót framkvæmd: 3/10/1944. 4/12/1967	Metið kr.
Íbúðarskúr, úr timbri, með baki úr timbri, pappa og sléttu járni yfir. Neðan á loftbita er klætt asbest, límt yfir pappír og málað. Innan á útveggjum er borðagrind og pappi og málað yfir. Á útveggjum er tjörupappi. Húsið er bilað í tvennt. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús og inngangur. Viðbygging er við húsið, með sama frágangi nema á bakinu er pappi. Þar er 1 íbúðarherbergi og geymsla. 1 kolaofn er í húsinu og rafsuðuplata.	
Stærð skúrsins: L. 4.2 m. br. 2.8 m. h. 2.4 m. skáþak.	
" geymslusk: L. 4.2 m. br. 2.7 m. h. 2.0 m. "	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi er virtur á.....	5.600.-
Geymsluskúrinn er virtur á.....	3.300.-
Samtals	8.900.-

Virt: 4/12/1967

Byggt hefur verið við húsið frá síðasta mati 3/10/1944, úr timbri, járnklæddu þannig, að þar eru nú 2 herbergi og elshus, v. s. og handlaug. Allt málað og dúklagt.

Stærð hússins:

A: L. 8.5 m., br. 6.6 m., h. 2.3 m., ris 1.5 m.
L. 2.5 m., br. 1.7 m., h. 2.3 m.,
L. 4.7 m., br. 1.4 m., h. 2.3 m. = 185.00 m^3.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr. 380.000.-

H. 4. 6500944

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 5608

Gata og númer: S u ð u r g a t a (Þjóðminjasafnshús)

Möt framkvæmd: 6/3/1951. | Metið kr.

3 hæðir, ris og turnviðbygging, byggt úr steinsteypu, öll skilrúm ýmist steypt, vikurhlaðin eða hálfskilrúm úr texi, kvartshúðað utan, vikurklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og eirplötum. Á I. hæð eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og baðherbergi m/keri og v.s., anddyri og skáli, allt málað og dúk- eða korklagt; ennfremur þvottahús og 2 geymslur; allt tilheyrandi íbúðinni. Ennfremur anddyri, skáli, lyftuhús, smágeymsla, 4 vinnustofur, bogasalur fyrir safnmuni, skáli m/stigagangi upp húsið, 2 sýningarsalir og sýningarherbergi, náttúrugripasafnsgeymsla, inngangur frá Suðurgötu í miðja hlið, niðurgrafinn miðstöðvarsalur m/hitaveitulögn og olíukyndingarkatli, kompa fyrir rafmagnsinntak og töflur. Á II. hæð er forsalur þvert yfir húsið m/stiga upp og niður, bogasalur til samkomuhalda, 2 smákompur, fatakrókur, 2 skrifstofur, 7 fornminjasalir m/nokkrum hálfskilrúmum úr texi. Steintröppur miklar liggja upp að þessari hæð utanhúss. Á III. hæð er forsalur þvert yfir húsið, stigahús, (uppgangur í turn) skrifstofa, 2 geymslukompur og 3 stórir salir eftir endilöngu húsi m/nokkrum hálfskilrúmum úr texi. Turn aflangur í 3 hæðum með 2 herbergjum á neðstu og 3 herbergjum á hinum tveim hæðunum og 2 snyrtiherbergi, sitt á hvorri hæð, mitt á milli; ennfremur veggsvalir á 2. hæð út að Suðurgötu. Geymsla er undir þakinu, upp af miðsal III. hæðar. Allt er húsið múrhúðað að innan og málað, nema hálfskilrúm aðeins máluð. Öll gólf eru dúk- eða korklögð, nema forsalir og stigar eru með terrassó. Á neðstu hæð eru 5 v.s. og þvagherbergi fyrir karla m/handlaugum.

Stærð hússins:	Aðalbygging:	L	48.0 m.	br. 19.0 m.	mh. 8.5 m.	kj. 3.8 m.		
" " :	3. hæð :	L	48.0 m.	br. 8.2 m.	h. 3.4 m.	ris 2.0 m.		
" " :	Forstofa :	L	12.5 m.	br. 6.6 m.	h. 8.3 m.	ris 1.2 m. kj. 3.5 m.		
" " :	do :	L	11.6 m.	br. 13.7 m.	h. 4.2 m.	kj. 3.5 m.		
" " :	Do 2. hæð :	L	6.2 m.	br. 6.6 m.	h. 4.0 m.	ris 1.2 m.		
" " :	Turn :	L	14.2 m.	br. 6.5 m.	h. 16.7 m.	ris 2.6 m. kj. 3.5 m.		
" " :	Fundarsalur:	Ml	10.7 m.	br. 9.2 m.	h 4.7 m.	ris 2.0 m. kj. 3.5 m.		

Húsið, ásamt turni og tilheyrandi, er virt á..... 7.309.800.-

H. 4-8-50-1000

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 7842.

Gata og númer: SUÐURGATA /FÁLKAGATA (Ólöf Kristjánsdóttir).

Möt framkvæmd: 30/6/1961.		Metið kr.
Nýtt sölu - og biðskýli, ein hæð, byggt úr timbri á steinsteyptum sökkli, einangrað með timbri, múrhúðað og málað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Rafmagnsupphitun.		
Sölubúð , biðskýli, v. s. m/tilheyrandi. Málað og dúklagt.		
Stærð:		
L. 9.75 m., br. 3.25 m., h. 3.1o m. = 98.2o m^3.		
Skýlið ásamt tilheyrandi er virt á	kr.	147.300.oo

H 7 – 62 – 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 9833

Gata og númer: Suðurgata, lagadeild.

Möt framkvæmd: 10.marz 1972	Metið kr.
Nýtt kennsluhúsnæði. Húsið, sem er 4 hæðir og kjallari, er byggt úr steinsteypu, einangrað með gosull og plasti. Múrhúðað og málað utan. Pappaþak. Hitaveita.	
1.hæð: Þar eru kennslustofur, fyrirlestrarsalur, kaffiafgreiðsla. Fatageymsla, snyrting. Skilrúm úr steini eða hraunplötum. Allt málað og dúklagt. Gler er tvöfalt í gluggum.	
2.-4.hæð: Eins og 1.hæð. Þar eru lesstofur.	
Kjallari: Geymslur, hita- og blásaraklefi.	
Stærð hússins:	
L 39,66 m., Br. 12,7 m., H. 13,4 m., Ris 1,oom.)	
L 3,95 m., Br. 4,5 m., H. 13,4 m.) = 8.987 m^3	
L 6,50 m., Br. 4,75 m., H. 12,70 m.)	
Kj. L 39,66 m., Br. 12,70 m. Kj. 2,60 m.)	
L 6,50 m., Br. 3,50 m., H. 2,00 m.)	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	53.922.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótamat nr. 11096

Gata og númer: Suðurfell 4

Mót framkvæmd: 2.feb. 1977	Metið kr.
Ný benzinstöð. Húsið, sem er 1 hæð og kjallari, er byggt úr steinsteypu, einangruð með plasti. Hitaveita.	
1.hæð: Þar er afgreiðsla. Tvöfalt gler er í gluggum. Flísalögð gólf.	
Kjallari: Þar er geymsla, aðstaða fyrir starfsfólk. Málaðir veggir og máluð gólf.	
Stærð hússins:	
L 10,2 m., Br. 5,98 m., Kj. 2,6 m. } = 404 m^3	
L 10,2 m., Br. 6,67 m., H. 3,6 m. }	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	12.120.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 6380

Gata og númer: SÚÐAVOGUR 1

Mót framkvæmd: (31/7 1955.) 15/3 1957. 22/1/1966	Metið kr.
Nýtt fiskverkunarhús, 1 hæð og ris, byggt úr steinsteypu og timbri, í vinkil, 2 veggir úr steini og 2 úr timbri, rafhitun. Þar er á hæðinni skrifstofa, kaffistofa, v.s. og fiskgeymslusalur. Stærð hússins: L. 33.4 m. Br. 8.0 m. H. 3.0 m. ris 1.4 m. = 988.64 m^3 " " : L. 8,0 m. Br. 15.25m. H. 3.0 m. Ris 1.4 m. = 451.40 m^3 Alls 1.440.04 m^3 Húsið allt með tilheyrandi, er metið á . . . . . kr.	432.000.oo
Virt 15/3 1957. Frá síðasta mati, 31/7/1955, hefur sú breyting verið gerð á suðurálmu hússins, að þar eru nú 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v.s. og handlaug, gangur. Miðstöðvarklefi. Timburskilrúm. Allt málað og dúklagt. - Að öðru leyti er húsið óbreytt. Stærð hússins: L. 33.40 m. Br. 8.00 m. H. 3.0 m. Ris 1.4 m. = 988.64 m^3 L. 8.00 m. Br. 15.25 m. H. 3.0 m. Ris 1.4 m. = 451.40 m^3 Samtals 1.440.04 m^3 Húsið, með tilheyrandi, er metið á . . . . . Kr.	734.400.oo
Virt 22/1/1966 Frá síðasta mati, 15/3/1957, hafa verið gerðar ýmsar breytingar. Þar er nú frystihús. Kaffistofa, frystigeymslur, vinnusalur og fiskmóttaka. Stærð hússins: L. 33.40 m., br. 8.00 m., h. 3.0 m., ris 1.4 m. L. 8.00 m., br. 15.25 m., h. 3.0 m., ris 1.4 m. = 1.440 00 m^3. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	2.016.000.-
Virt 3/2 1972 Íbúð og fisverkun hefur verið endurbætt og inréttingum breytt. Stærðir eru óbreyttar frá síðasta mati. Íbúð og fiskverkun ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr	5.472.000
Virt: 26/3 1980. Frá síðasta mati hafa verið gerðar breytingar á húsinu. Stærð hússins: A.liður: L. 33.40 m., Br. 8.00 m., H. 3.0 m., Ris. 1.4 m. L. 8.00 m., Br.15.25 m., H. 3.0 m., Ris. 1.4 m. = 1.440 m^3	36.000.000.-
B.liður: L. 20.00 m., Br. 6.00 m., H. 3.0 m. L. 6.00 m., Br.11.50 m., H. 3.0 m. = 567 m^3	14.000.000.-
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.	50.000.000.-

H.4 10-'51-1000

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 2396

Gata og númer: GLERSTEYPAN V/SÚÐAVOG 4

Mat framkvæmd: 31/10 1955. 29/2/1964.	Metið kr.
Ný glerverksmiðja 2 hæðir, ris kjallari og turn, gólf og sökklar steinsteypt, hitt bárujárn á stálgrind, 3 bogaþök úr bárujárni á stálgrind. Byggingunni er skipt í tvennt með vikurskilrúmi. Í öðrum endanum er bræðsluofninn neðan frá kjallara upp í ris og vélasalur, 2 v.s. m/handlaug og steypibaðklefi. Í hinum endanum eru 3 skrifstofur, borðsalur, fataklefi, slétthúðað, viðgerðarverkstæði fyrir járn, salur og ofn til framleiðslu á eldföstum steini, lager og skurðsalur. - Í turninum er afskurður frá rúðuglervél. - Í kjallara er hráefnageymsla, 4 hólfum, blöndun hráefna í öðrum sal. Undir ofni er einnig hráefna geymsla.	
Stærð hússins : L. 56.66 m. Br. 22.65 m. H. 3.2 m. ris 2.2 m. = 5762.00 m^3	
" II. hæðar : L. 13.5 m. Br. 12.3 m. H. 2.5 m. = 365.31 m^3	
" turns : L. 6.7 m. Br. 12.3 m. H. 9.0 m. = 741.69 m^3	
" kjallara : L. 10.2 m. Br. 23.65 m. H. 3.1 m. = 747.81 m^3	
" - - : L. 20.5 m. Br. 12.6 m. H. 3.1 m. = 800.73 m^3	
8.417.54 m^3	
Húsið, með turni og tilheyrandi, er metið á . . . . . kr.	1.851.900.00
Bræðsluofnar . . . . . kr.	4.500.000.00
Kr.	6.351.900.00

Virt 29/2/1964.

Frá síðasta mati, 31/10/1955, er húsið orðið 3 hæðir. 1. hæð er 1 vinnusalur, ullarverksmiðja og teppaverksmiðja, 1 snyrtiherbergi m/v.s. og handlaug, yfir hæðinni er nýtt timburloft, sem haldið er uppi með stálgrind. Málað í hólf og gólf. Einfalt gler er í gluggum.

2. hæð þar er stigahús, 1 vinnusalur fyrir teppasamsetningu. Málað í hólf og gólf, og í gluggum er tvöfalt gler.

3. hæð þar er stigahús, og á að koma 1 matsalur, eldhús, 2 snyrtiherbergi m/ tilheyrandi. Málað í hólf og gólf.

Í kjallara er kyndiklefi m/gufukatli til upphitunar á húsinu. 1 vinnusalur fyrir litun og ullartætingu. Málað í hólf og gólf. Yfir kjallara er nýtt loft úr járnbentri steinsteypu.

Stærð hússins:

L. 56.66 m., br. 22.65 m., h. 3.2 m., ris 2.2 m.
2. hæð L. 13.5 m., br. 12.30 m., h. 2.5 m.,
turn. L. 6.7 m., br. 12.3 m., h. 9.0 m.
kj. L. 10.2 m., br. 23.65 m., h. 3.1 m.
" L. 20.5 m., br. 12.60 m., h. 3.1 m. = 8.417.54 m^3.

B - liður, 3 ofnar o.fl., fellur hérmeð úr tryggingu. (tilheyrði Glerverksm.).

Húsið, ásamt turni og tilheyrandi, er virt á . . . . . kr.	6.892.000.-

H.4 10-'51-1000

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. .....

Gata og númer: .....

Mót framkvæmd:	Metið kr.
Virt: 28/11 1979.	
Frá síðasta mati hefur verið byggt við húsið. Stálgrindarhús og er bárujárn á þaki. Hitaveita.	
Innbygging: 2.skrifstofur, teiknistofa, fundarsalur, verkstjórn, geymsla, gas og súr, gufubað, salerni með tilheyrnadi, matsalur.	
3.falt gler er í innbyggingu. - 2.vinnusalir, hlaupaköttur.	
7.innihurðir og er hér tvöfalt gler í gluggum.	
Stærð hússins:	
L. 56.66 m., Br. 28.00 m., H. 8.2 m., Ris. 1.20 m. = 13.961 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.	279.220.000.-

H.4 10-'51-1000

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 6381

Gata og númer: SÚÐAVOGUR 1

Möt framkvæmd: 31/7 1955. 22/1/1966	Metið kr.
Nýtt hús til fiskþurkunar o.fl. bráðabirgðahús, byggt úr timbri, á steingrunn, járnvarið á 3 vegu, en önnur hliðin klædd utan vatnsklæðningu. Þurkklefi með tilheyrandi er í húsinu, og er hann innifalinn í matinu, annars er húsið ósundurhólfað.	
Stærð hússins : L. 20.0 m. Br. 6.0 m. mH. 3.0 m. = 360.0 m^3	
" viðb. : L. 6.0 m. Br. 4.0 m. mH. 3.0 m. = 72.0 m^3 Alls 432.0 m^3	
Húsið með viðbyggingu og tilheyrandi er metið á . . . . . kr.	168.000.oo
Virt 22/1/1966	
Frá síðasta mati 31/7/1955, hefur farið fram stækkun.	
Stærð hússins:	
L. 20.00 m., br. 6.00 m., h. 3.0 m.	
viðb. L. 6.00 m., br. 11.50 m., h. 3.0 m. = 567.00 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	624.000.-
Virt 3/2 1972	
Aðeins eldri hlutinn metinn nýja viðb. ekki samþykkt.	
Stærð hússins:	
L. 20.0 m., br. 6.00., h.3.00	
L. 6.0 m., br.11.50., h.3.00 = 467 m^3	
Saltfiskverkunin og tilheyrandi, er virt á .....kr.	1.350.000

H.4 10-'51-1000

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8438

Gata og númer: Súðarvogur 3

Möt framkvæmd: 28/8/1963.	*Metið kr.*
Virt 28/8/1963.	
Nýtt hús trésmiðja, 1 hæð og ris, byggt úr stálgrin hluti af húsinu einangrað með plasti, skarsúð að utan, (vatnsklæðning). Þak er úr timbri, pappa og bárujárnsklætt. Upphitun er olíukynding (loftblástur).	
Á hæðinni eru 2 vinnusalir, 1 afgreiðsluherbergi, 1 kaffistofa 1 snyrtiherbergi m/tilheyrandi. Skilrúm eru flest úr timbri, en önnur úr asbesti. Gólf eru steypt, og í gluggum er tvöfalt gler.	
Þakhæð er ónotuð.	
Stærð hússins:	
L. 32.16., br. 20.16., h. 4.7., ris 4.5. = 4.538.4 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	1.452.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8505

Gata og númer: Súðarvogur 5

Möt framkvæmd: 21/12/1963	Metið kr.
Nýtt verksmiðjuhús 1 hæð hlaðið úr sandsteini á steiptum grunni með steiptu þaki, óeinangrað og óupphitað.	
1. hæð: Þar er einn salur með verkstjóraherbergi og kaffi kompu.	
Stærð hússins,	
L. 73.80 m., br. 10.20 m. h. 5.10 m.	
L. 24.50 m., br. 10.00 m. h. 5.10.m. = 5.088.53 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	1.780.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gata og númer: SÚÐARVOGUR 6.

Möt framkvæmd: 30/6/1961. og 29/6/1963. 23/11/1964	Metið kr.
A: Nýtt fiskverkunarhús, ein hæð og ris, byggt úr steinsteypu, óeinangrað, óhúðað utan, þakgerð er bárujárn á súð. Olíukynding.	
Á 1. hæð er fiskverkunarsalur, verkstjóraherbergi, v.s. m/handlaug, múrhúðað og hvíttað.	
Í risi er kaffistofa, máluð og dúklögð.	
Stærð hússins:	
L. 30.o m., br. 16.o m., h. 4.7 m., ris 3.o m. = 2.976.oo m^3.	
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr.	892.800.-
Virt 29/6/1963.	
Ný viðbygging, 1 hæð og ris, byggð úr steinsteypu, óeinangrað, múrhúðað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.	
Viðbyggingin er ósundurhólfaður salur.	
Stærð viðbyggingar:	
B: L. 37.oo m., br. 16.oo m., h. 4.8 m., ris 2.8 m. = 3.670.oo. m^3.	
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr.	1.395.000.-
Virt:23/11/1964.	
Húsið hefur verið endurbyggt eftir bruna. Sett var nýtt þak á norðurhluta hússins með stál sperrum. Kaffistofa stækkuð.	
Stærð hússins:	
A: L. 30.0 m., br. 16.0 m., h. 4.7 m., ris 3.0 m. = 2.976.00 m^3.	1.502.000.-
B: L. 37.0 m., br. 16.0 m., h. 4.8 m., ris 2.8 m., = 3.670.00 m^3.	1.910.000.-
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	3.412.000.-
Virt 15/2 1974.	
C-álma. Frá síðasta mati hefur verið byggðir 2 vinnusalir,	
þiljaðir í sundur með tréveggjum, allt málað og gólf með terró.	
(Engar vélar eru í tryggingu)	
Stærðir: L. 43,00 m., br. 13,00 m., h. 4,40 2460 m^3	
Aðrar stærðir hússins eru óbreyttar.	
Húsið,ásamt tilheyrandi er virt á . . . . . kr.	24.600.000

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8064.

Gata og númer: SÚÐARVOGUR 7.

Möt framkvæmd: 31/1/1962. 23/4/1971 B: 13/5/1971	Metið kr.
Nýtt iðnaðarhús, tvær hæðir og kjallari undir hálfum hluta hússins, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, slétthúðað utan, og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Upphitun er með olíukyndingu.	
Á 1. hæð er vinnusalur fyrir efnalaug, 1 skrifstofuherbergi, 2 geymslur, 1 v. s. m/handlaug og anddyri. Allt málað í hólf og gólf. Tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru málaðar.	
Á 2. hæð er 1 vélasalur, 1 frágangsherbergi fyrir vefstofu, 1 kaffistofa, 1 v. s. m/handlaug og stigahús. Allt málað í hólf og gólf. Tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru málaðar.	
Í kjallara er 1 trésmíðavinnustofa, 1 kaffistofa, 1 v. s. m/handlaug. Málað að hluta. Ennfremur er viðbyggður kyndiklefi.	
Stærð hússins:	
L. 25.00 m., br. 12.00 m., h. 5.80 m. ris flatt = 1740.00 m^3.	
Húsið með tilheyrandi er virt á ..... kr.	1.218.000.-
Virt: A-23/3/1971,B-13/5/1971	
A: Húsið óskast endurmetið og stærðir athugaðar.	
B: Er kjallari að væntanlegri byggingu meðfram götu, steinsteiptur, einangraður, og hólfaður. Bráðarbirgaðaþak og súð úr bárujárni.	
Stærð hússins:	
A: L 25,00 m., Br. 12.00 m., H.6,30 m.	
Kj: L 12.50 m., Br. 12.00 m., H.2.45 m. = 2.258 m^3	
Ketilh: 4.00 m., Br. 9.00 m., H.3.00 m. = 108 m^3	5.205.000.-
B: L 31.00 m., Br. 14.35 m., H 3.35 m., Ris 3.0 m^3 =	
L 4.45 m., Br. 1.15 m., H.3.35 m., Ris 3.0 m^3 = 2.256.0 m^3.	3.000.000.-
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	8.205.000.-

H 11 - 60 - 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8479

Gata og númer: Súðarvogur 9

Mót framkvæmd: 30/9/1963.	Metið kr.
Virt 30/9/1963.	

Nýtt hús vélsmiðja og bifreiðaverkstæði, 1 hæð kjallari að hluta og ris. Byggt úr steinsteypu, einangrað með vikri, óhúðað að utan, timbur þak með bárujárni að hluta en annars steypt.

Í framhúsi er vinnusalur, skriftofuherbergi og snyrtiherbergi m/tilheyrandi. og í bakhúsi er vinnusalur, kaffistofa, skrifstofuherbergi, verkstjóraherbergi, snyrtiherbergi m/tilheyrandi, bifreiðaverkstæði, 14 skápar fyrir starfsmanna föt.

Í kjallara er kyndiklefi og geymsla.

Stærð hússin:

A: framhl.	L. 25.00 br. 16.00, h. 3.3, ris 1.0.		
kj.	L. 25.00 " 8.00, kj. 2.3.	= 1.980.00 m^3	1.386.000.-
B: bakhús	L. 25.00 " 12.50, " 5.9, " 1.10.	= 2.015.60 m^3	1.512.000.-
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á		kr.	2.898.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 167

Gata og númer: Súðarvogur 14

Möt framkvæmd: 28/6/67	Metið kr.
Ný vélsmiðja. Húsið, sem er 1 hæð og kjallari að hluta, er byggt úr steinsteypu. Einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er timburþak bárujárns - klætt. Olíukynding.	
1. hæð: Þar eru 3 vinnusalir, skrifstofur, 2 snyrtiherbergi með tilheyrandi, kaffistofa og eldhúskompa, gangur, ræstiklefi, kyndiklefi. Allt málað í hólf og gólf. Einfalt gler. Húsið er ekki fullbúið, annað snyrtiherbergið er ekki fullbúið og tvöfalt gler verður sett seinna.	
Stærð hússins:	
L 38,00m., Br. 20,00m., H. 5,3m. = 4182 m^3	
L 9,6m., Br. 10,00m., Kj. 1,6m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	5.165.000.oo

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 9867

Gata og númer: Súðarvogur 16

Möt framkvæmd: 5.maí 1972	Metið kr.
Nýtt iðnaðarhúsnæði. Húsið, sem er 2 hæðir, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Olíukynding.	
1.hæð: Þar er 1 vinnusalur, 1 V.S., 1 handlaug. Steypt gólf og loft.	
2.hæð: Eins og 1.hæð.	
Stærð hússins:	
L 10,00 m., Br. 10,00 m., H. 7,10 m., Ris. 2.5 m. = 835 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	1.837.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 9098

Gata og númer: Súðarvogur 18

Möt framkvæmd: 29/6/68	Metið kr.
Nýtt bílaverkstæði, trésmiðja o.fl. Húsið, sem eru 3 hæðir, er byggt úr steinsteypu. Einangrað með plasti. Slétthúðað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Olíukynding.	
1. hæð: Þar er vinnusalur fyrir bílaviðgerðir, kynding, allt málað. V.S., einfalt gler.	
2. hæð: Þar er trésmíðaverkstæði, allt málað. V.S., einfalt gler í gluggum.	
3. hæð: Þar er sælgætisgerð, allt málað. Einfalt gler í gluggum.	
Stærð hússins:	
L 10.0m., Br. 10,0m., H. 10,5m., Ris 1,5m. = 1.125 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	1.463.000.oo

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 7766

Gata og númer: SÚÐARVOGUR 20.

Möt framkvæmd: 28/2/1961 18/5/ 1970.	Metið kr.
Nýtt steinsmíða og málmhúðunar hús, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki og plasti, óhúðað og með bárujárns þaki.	
Á 1. hæð er vinnusalur fyrir steinsmíði, v.s. m/handlaug, kyndiklefi, geymslur, Skilrúm hlaðin úr vikri.	
Á 2. hæð er vinnusalir 2, annar ómúrhúðaður og er hann notaður fyrir sandblástur.	
Þakhæð er óinnréttuð og notuð sem geymsla.	
Stærð hússins:	
L. 20.00 , br. 10.00 , h. 6.9 , ris 2.5 = 1.640 rúmm.....kr.	820.000.-
Virt 18/5/ 1970 .	
1. hæð. Stækkun ca.100m^2 úr steinsteypu, einangrað með plasti. Eldri hluti óbreyttur, þar er 1. stór salur, og 4. herbergi málað.	
2. hæð. Stækkun ca. 80 m^2 eldri hluti óbreyttur einangrað, og útveggir múrhúðaðir, vinnusalur hólfaður. Málað að hluta.	
3. hæð. Nýbygging úr steinsteypu,tilbúið undir tréverk.	
L. 20.00 m., br. 10.0 m., h. 6.8 m., ris 3.5 m., L. 7.40 m., br.5.85 m., h. 3.1 m., L. 10.0 m., br. 4.10 m., h. 3.7 m., = 1969 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr	3.700.000.-
Virt 3/2 1972.	
Húsið er óbreytt að stærðum en hefur veið innréttað þannig, að allar hæðirnar eru fullinnréttaðar. Skilrúm úr timbri,málað og veggfóðrað. Hreinlætistækin aukin og húsið múrhúðað og málað að utan.	
L. 20.0 m., br. 10,0 m., h. 6,8., ris 3,5) L. 7,4 m., br., 5,85 m, h.,3,1) = 1996 L. 10.0 m., br., 4.10 m, h.,3,7)	
Húsið ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr	6.786.000

H 7 – 62 – 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 7884.

Gata og númer: SÚÐARVOGUR 24.

Möt framkvæmd: 10/8/1961.	Metið kr.
Nýtt iðnaðarhús, 2 hæðir og ris, byggt úr steinsteypu, einangrun í lofti 1. hæðar, óhúðað utan, og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni, upphitað að hluta með olíu.	
Á 1. hæð er er einn geymur trésmíðavinnusalur, og v.s. með handlaug.	
Á 2. hæð er einn geymur vörugeymsla.	
Þakhæð er einn geymur.	
Stærð hússins:	
L. 12.o m., br. 10.o m., h. 7.o m., ris 2.5 m. = 996.oo m^3	
Bakb.: " 18.o " " 10.o " " 3.5 " = 630.oo m^3	
Alls 1.626.oo m^3.	
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr.	650.400.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 7767

Gata og númer: SÚÐARVOGUR 26.

Möt framkvæmd: 28/2/1961.	Metið kr.
Nýtt iðnaðarhús, 2 hæðir m/steyptri plötu, en þak vantar , byggt úr steinsteypu, óhúðað.	
Á 1. hæð er einn salur, vélsmiðja, 1 kyndiklefi, kaffistofa, 1 v.s. m/handlaug. Hvíttað innan. Gólf eru pússuð. Einfalt gler er í gluggum.	
Á 2. hæð er stigahús, 1 skrifstofuherb. og 2 salir vélsmiðja. Hvíttað innan. Gólf pússuð og máluð. Einfalt gler er í gluggum.	
Ath: Þak vantar, aðeins steypt plata yfir 2. hæð.	
Stærð hússins:	
L. 10.00 , br. 12.00 , h. 6.7 , ris 2.5 ; 960.00 rúmm.....kr.	480.000.-
Virt: 17/2 1975.	
Frá síðasta mati hefur verið byggt við 1.hæðina og ein hæð byggð ofaná framhúsið.	
Stærð hússins:	
L. 10.0 m., Br. 12.0 m., H. 9.6 m., Ris. 1.50 m. = 1.890 m^3	
L. 10.0 m., Br. 18.0 m., H. 3.6 m.,	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.	11.340.000.-

H 7 – 62 – 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 7283.

Gata og númer: SÚÐARVOGUR 28 - 30.

Mat framkvæmd: 20/8/1959. 6/2/ 1970.	Metið kr.
Er nýtt hús, notað fyrir bílaverkstæði og leikfangagerð, ein hæð, byggt úr steinsteypu, óhúðað utan og með þaki úr timbri og pappa.	
Hæðin er ósundurhólfuð, engin upphitun er í húsinu.	
Stærð hússins:	
L. 30.0 m., br. 20.0 m., h. 4.2 m. = 2.520.oo m^3.	
Húsið með tilheyrandi er metið á ..... Kr.	378.000.-
Virt 6/2/ 1970.	
1. hæð. málningargerð, vörugeymsla, v.s. handlaug, kaffistofa allt málað.	
2. hæð. Vélsmiðja, stíkað í tvennt málað v.s. handlaug.	
3. hæð. trésmiðja, hólfað í sundur.	
L. 20.00 m., br. 30.00 m., h. 4.00 m.,	
L. 20.00 m., br. 12:00 m., h. 6.00 m., ris 1.45 m., = 4o13 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....Kr	6.621.000.-

H 5 - 58 - 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 7885.

Gata og númer: SÚÐARVOGUR 32.

Möt framkvæmd: 10/8/1961. 6/2/1969	Metið kr.
Nýtt hús, notað fyrir bílaviðgerðir, 2 hæðir, byggt úr steinsteypu, óeinangrað, óhúðað utan og með steyptu þaki. Óupphitað. Á 1. hæð er vinnusalur og v.s. Á 2. hæð er vinnusalur. Þak er steinloft 2. hæðar. Stærð hússins: L. 12.oo m., br. 10.o m., h. 6.9 m., ris 2.4 m. = 972.oo m^3. Húsið ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr.	418.000.-
Virt:6/2/1969. Frá síðasta mati, 10/8/1961, hefur verið byggð ein hæð ofan á úr steinsteypu, einangrað með plasti, óhúðað að utan og þakið er timbur, þappi og bárujárn. Húsið er nú 3 hæðir. Upphitun er olíukynding. 1. hæð er óbreytt 2. hæð er óbreytt 3. hæð: Ný hæð, sem er einn salur ætlaður fyrir bólstrun. Allt málað í hólf og gólf. Stærð hússins: L. 12.oo m., br. 10.oo m., h. 9.5 m., ris 1.5 m. = 1.230.oo m^3. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	1.845.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 9807

Gata og númer: Súðarvogur 34

Möt framkvæmd: 8.feb. 1972	Metið kr.
Ný vélsmiðja og bílaverkstæði. Húsið, sem er 2 hæðir og kjallari, er byggt úr steinsteypu, engin einangrun. Múrhúðað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Olíukynding.	
1.hæð: Þar er bílaverkstæði, V.S., allt málað.	
2.hæð: Blikksmíði, V.S., allt málað.	
Kjallari: Þar er bílaverkstæði, V.S., allt málað.	
Stærð hússins:	
L 14,50 m., Br. 9,86 m., H. 10,2 m., Ris 1,5 m. } = 2.106 m^3	
L 15,50 m., Br. 9,17 m., Kj. 3,8 m. }	
Húsið, ásamt tilheyrandi,er virt á .....kr.	4.844.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8416.

Gata og númer: SÚÐARVOGUR 36.

Möt framkvæmd: 29/6/1963.	Metið kr.
Nýtt iðnaðarhús, 3 hæðir, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti og þilplötum, óhúðað utan, og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Olíukynding.	
Á 1. hæð er 1 salur trésmíðaverkstæði, 1 v.s. m/handlaug, og kyndiklefi. Veggir og loft hvíttað, málud gólf. Einfalt gler er í gluggum.	
Á 2. hæð er 1 salur trésmíðaverkstæði, kaffistofa, 1 skrifstofuherbergi, 1 v.s. m/handlaug. Málað í hólf og gólf. Einfalt gler er í gluggum. (3 menn)	
Á 3. hæð er 1 salur trésmíðaverkstæði, 1 skrifstofuherbergi, 1 v.s. með handlaug. Veggir og loft hvíttað, en gólf málud. Einfalt gler er í gluggum.	
Stærð hússins:	
L. 13.o m., br. 14.66 m., h. 10.oo m., ris 1.5 m., = 2.058.26 m^3.	
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr.	1.440.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótamat nr. 11201

Gata og númer: Súðarvogur 38

Mót framkvæmd: 26.sept. 1977	Metið kr.
Nýtt bifreiðaverkstæði. Húsið, sem er 3 hæðir er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Cementmálað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.	
1.hæð: Þar er verkstæði, skrifstofa, geymsla, vs. með tilheyrandi. Einfalt gler. Veggir málaðir. Máluð gólf. Flísalagt gólf í vinnuherbergi.	
2.hæð: Þar er verkstæði. Frágangur sami og á 1.hæð.	
3.hæð: Kaffistofa, lager og skrifstofa.	
Stærð hússins:	
L 9,80 m., Br. 14,60 m., H. 6,40 m., Ris 1,50 m., Kj. 4,00 m.	
L 8,50 m., Br. 15,30 m., H. 3,40 m.	
Samtals=2.037 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	36.666.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8480

Gata og númer: Súðarvogur 40

Möt framkvæmd: 30/9/1963.	Metið kr.
Virt 30/9/1963.	
Nýtt iðnaðarhús (járnsmiðja, iðnaður og vefnaður), 2 hæðir, kjallari og ris. Byggt úsr steinsteypu, einangrað með plasti, slétthúðað og málað að utan, timburþak klætt bárujárni. Upphitun er olíukynding.	
Á 1. hæð er vinnusalur fyrir járnsmíði, kaffistofa, skrifstofuherbergi, snyrtiherbergi m/tilheyrandi, allt málað í hólf og gólf. Skilrúm eru hlaðin.	
Á 2. hæð er vinnusalur, snyrtiherbergi m/tilheyrandi, kaffistofa, og skrifstofuherbergi, allt málað. Skilrúm eru einnig hlaðin á 2. hæð.	
Í kjallara eru vinnusalir, skrifstofuherbergi, snyrtiherbergi m/tilheyrandi, þetta er hvíttað. Ennfremur er kyndiklefi í kjallara.	
Stærð hússins:	
L. 14.58., br. 9.6., h. 9.8., ris 1.5. ≐ 1.483.6 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	1.113.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótamat nr. 11091

Gata og númer: Súðarvogur 42

Möt framkvæmd: 14.jan. 1977	*Metið kr.*
Nýtt trésmíðaverkstæði ofl.	
Um lýsingu hússins vísast til no. 40 við Súðarvog.	
Stærð hússins:	
L 14,58 m., Br. 9,6 m., H. 9,8 m., Ris 1,5 m. = 1.484 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	15.631.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8481

Gata og númer: Súðarvogur 44 - 46 - 48.

Möt framkvæmd: 30/9/1963.	Metið kr.
Virt 30/9/1963.	
Nýtt verksmiðjuhús, 3 hæðir og ris. Byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, slétthúðað og málað að utan, með timburþaki klæddu bárujárni. Geislahitun með olíu.	
Á 1. hæð eru 2 vinnusalir 1 í nr. 44 og 46, og annar í nr. 48. 1 kaffistofa 2 snyrtiherbergi m/tilheyrandi, verkstjórakompa, útveggir eru málaðir.	
Á 2. hæð nr. 44 og 46 eru skilrúm úr plötum á timburgrind, notað fyrir plastiðnað, kaffistofa, snyrtiherbergi m/tilheyrandi. Rafmagnsiðja, svo ekki er neitt rafmagn, þegar ekki er unnið. Útveggir eru málaðir. Nr. 48 er 1 salur, kaffistofa o. fl., snyrtiherbergi m/tilheyrandi. Útveggir eru málaðir.	
3. hæð er eins og 2. hæð. Olíukynding er sér steinsteyptur klefi fyrir öll húsin. Handslökkvitæki er á staðnum.	
Stærð hússins.	
L. 28.7., br. 14.6., h. 10.3., ris 1.5 = 4.651.2 m^3.	
Húsin, ásamt olíukyndingaklefa ~~skúrum~~ og tilheyrandi, eru virt á ..... kr.	2.790.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 9509

Gata og númer: Súðarvogur 50

Möt framkvæmd: 2.júní 1970	Metið kr.
Nýtt iðnaðarhús. Húsið, sem er 3 hæðir, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Olíukynding.	
1.hæð: Þar er vélasalur, fatahengi, snyrtiherbergi með tilheyrandi, hitaklefi ómálaður en múrhúðaður, tvöfalt gler, 1 geymsla undir stiga, tilheyrir 2.hæð.	
2.hæð: Stigi, 1 veitingasalur, 1 eldhús, snyrtiherbergi fyrir starfsfólk, kaffistofa fyrir starfsfólk, búr, 2 geymslur, 2 snyrtiherbergi með tilheyrandi, afgreiðsluherbergi. Öll skilrúm úr harðviði og veggir klæddir viði. Á gólfum er terrasso en loft máluð, í gluggum tvöfalt gler.	
3.hæð: trésmíðaverkstæði, vinnusalur, 1 lakkherbergi, 1 skrifstofuherbergi og snyrtiherbergi með tilheyrandi.	
Stærð hússins:	
L 14,60 m., Br. 9,60 m., H. 10,1 m., Ris 1,50 m. = 1.521,17 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	3.840.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 7786

Gata og númer: SÚÐARVOGUR 52.

Mót framkvæmd: 30/3/1961.	Metið kr.
Nýtt iðnaðarhús, ein og tvær hæðir, með bráðabirgðaþaki, byggt úr steinsteypu, óeinangrað, óhúðað utan. Geislahitun.	
Á 1. hæð er 1 vinnusalur, 1 kaffistofa, 1 v.s. og kyndiklefi, þar er járnsmiðja. Í bakbyggingu er óinnréttuð geymsla.	
Á 2. hæð er 1 vinnusalur fyrir bifreiðaviðgerðir, 1 v.s. og stigahús.	
Stærð hússins:	
L. 9.5 m., br. 12.o m., h. 7.2 m.	
" 4.o " " 8.o " " 3.6 " = 936.oo m^3.	
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á ..... kr.	468.000.-

H 7 – 62 – 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 10125

Gata og númer: Súðarvogur 54.

Mót framkvæmd: 26.júlí 1973	Metið kr.
Nýtt verkstæðis- og lagerhúsnæði. Húsið, sem er 2 hæðir, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Bráðabirgðaþak, sem er úr timbri og pappa.	
1.hæð: Þar er einn salur, 1 snyrting með tilheyrandi, hitaklefi. Allt málað í hólf og gólf. Einfalt gler í gluggum. Hurðir málaðar.	
2.hæð: Þar er lagerhúsnæði, stúkað niður. Skristofur og kæliklefi, snyrting með tilheyrandi, sami frágangur og á 1.hæð. Þetta eru 2 hæðir af 3 leyfilegum, þess vegna þakið bráðabirgðaþak.	
Stærð hússins:	
L 10,2 m., Br. 14,52 m., H. 3,70 m. } = 942 m³	
L 10,2 m., Br. 11,03 m., H. 3,50 m. }	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	3.014.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 10668

Gata og númer: Suðurhólar 2

Möt framkvæmd: 3.júlí 1975	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 4 hæðir, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.	
1.hæð: Þar er anddyri, skáli, 4 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók. 1 baðherbergi með kerlaug, steypa, 1 vs., 1 handlaug. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir og veggfóðraðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð og máluð. 7 geymslur, 1 sameiginleg og þvottahús.	
2.hæð: Þar er stigahús, 2 skálar, 8 íbúðarherbergi, eldhús eru 2 með borðkrók, 2 baðherbergi með kerlaug, 2 steypuböð, 2 vs., 2 handlaugar. 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð.	
3.hæð: Eins og 2.hæð.	
4.hæð: Eins og 2.hæð.	
Stærð hússins: L 16,00 m., Br. 13,50 m., H. 11,20 m., Ris 1,6 m.=2808m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	37.908.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 10556

Gata og númer: Suðurhólar 4

Mót framkvæmd: 10.feb. 1975	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 4 hæðir, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.	
1.hæð: Þar er anddyri, forstofa, skáli, 4 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók, 1 baðherbergi með kerlaug, 1 vs., 1 handlaug. Innbyggðir skápar.Veggir eru málaðir og veggfóðraðir. Gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð og máluð. Auk þess er þvottahús, 7 geymslur og 1 sameiginleg.	
2.hæð: Þar er stigahús, 8 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrók, 2 baðherbergi með kerlaug, 2 vs., 2 handlaugar. 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir og veggfóðraðir. Gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru lögð dúk eða parket, einnig máluð.	
3. og 4.hæð : eins og 2.hæð.	
Stærð hússins:	
L 15,96 m., Br. 13,50 m., H. 11,20 m., Ris 1,70 m. = 2596 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	35.046.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 10619

Gata og númer: Suðurhólar 6

Möt framkvæmd: 17.apríl 1975	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 4 hæðir, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.	
1.hæð: Þar er anddyri, forstofa, skáli, 4 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók, 1 baðherbergi með kerlaug, 1 vs., 1 handlaug. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir og veggfóðraðir. Gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð og máluð. Auk þess er þvottahús, 7 geymslur og 1 sameiginleg.	
2.hæð: Þar er stigahús, 8 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrók. 2 baðherbergi með kerlaug, 2 vs., 2 handlaugar. 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir og veggfóðraðir. Gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru lögð dúk eða parket, einnig máluð.	
3. og 4.hæð: eins og 2.hæð.	
Stærð hússins:	
L 15.96 m., Br. 13,50 m., H. 11,20 m., Ris 1,70 m. = 2596 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	35.046.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 10266

Gata og númer: Suðurhólar 8

Möt framkvæmd: 19.jan. 1974	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 4 hæðir, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.	
1.hæð: Þar er anddyri, skáli, 4 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók. 1 baðherbergi með kerlaug, steypa, 1 vs., 1 handlaug. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir og veggfóðraðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð og máluð. 7 geymslur, 1 sameiginleg og þvottahús.	
2.hæð: Þar er stigahús, 2 skálar, 8 íbúðarherbergi, eldhús eru 2 með borðkrók. 2 baðherbergi með kerlaug, 2 steypuböð, 2 vs., 2 handlaugar. 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð.	
3.hæð: Eins og 2.hæð.	
4.hæð: Eins og 2. hæð.	
Stærð hússins: L 16,00 m., Br. 13,50 m., H. 11,20 m., Ris 1,60 m.=2808m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	23.026.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 10488

Gata og númer: Suðurhólar 10, Hólabrekkuskóli, 1.áfangi.

Möt framkvæmd: 6.nóv. 1977	Metið kr.
Nýr barna- og unglingaskóli. Húsið, sem er ein hæð og kjallari, er byggt úr steinsteypu, timbri og gleri, klætt utan heraklit-plötum. Einangrað með gosull og plasti. Múrhúðað að hluta og óhúðað að hluta. Þakið er aluminium og pappi að hluta, asfaltborinn. Hitaveita.	
1.hæð: Þar eru brenndar leirflísar í snyrtingum, grásteinn í anddyri. Linoleumdúkur og teppi á öðrum gólfum. Útveggir einangraðir með gosull í grind klæddri með rakaheldum og eldvörðum spónaplötum, milliveggir ýmist múrhúðaðir, eða trégrindarveggir hljóðdeyfðir og klæddir með sams konar spónaplötum og útveggir, loft klædd Heraklitplötum, nema í miðhluta, þar eru áður nefndar spónaplötur, með áfestum furulistum og í turnum lakkborinn furupanell, veggir og loft máluð og veggir að hluta strigalagðir með eldvörðum striga. Hurðir og karmar eru lakkeruð eik, nema fyrir kennslustofur eru strigalagðar rennihurðir. Gluggav. litað Pitch-Pane með tvöföldu einangrunargleri. Innréttingar úr litaðri eik. Tengiálma borin uppi af stálsúlum og steyptum hlutum, útveggir gluggafrontar sams konar efni og í aðalhúsi, gólfefni sama. Þak: timburþak pappalagt innsta byrði gert af áðurnefndum spónapl., innrétting sams konar og í aðalhúsi.	
Kjallari: Sami frágangur og á 1.hæð, nema eftirfarandi atriði: Útveggir einangraðir með plastein. og múrhúðaðir, heraklittpl. í lofti miðhluta. Tengiálma í kjallara steypt og múrhúðuð, þar er og inntök hita, vatns, rafmagns og síma, sorpgeymsla ofl.	
Stærð hússins:	
L 33,50 m., Br. 24,50 m., H. 7,8 m. = 6402 m^3	
L 18,00 m., Br. 3,01m., H. 5,4 m. = 293 m^3	
L 6,00 m., Br. 4,00 m., H. 6,00 m. = 144 m^3	
6839 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á .....kr.	82.068.000.-

Virt: 26/9 1979.

2.áfangi:

Húsið er steinsteypt, múrhúðað og óhúðað að hluta og er alumin. á þaki. Húsið er 1.hæð og kjallari.

1.hæð: Brenndar leirflísar í snyrtingum, grásteinn í anddyri, linoleumdúkur og teppi á öðrum gólfum. Útveggir einangraðir með gosull í grind, klæddir með rakheldum og eldvörðum spónaplötum, milliveggir ýmist múhúðaðir, eða trégrindarveggir hljóðdeyfðir og klæddir með samskonar spónaplötum og útveggir, loft klætt Herakittpl. nema í miðhluta, þar eru áðurnefndar spónapl. með áfestum furulistum og í turnum lakkborinn furupanell.

Veggir og loft máluð og veggir að hluta strigalagðir með eldvörðum striga. Hurðir og karmar eru lakkeruð eyk, nema fyrir kennslustofur strigalagðar rennihurðir. Gluggav. litað Pitch-Pane með tvöföldu.....

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. .....

Gata og númer: .....

Möt framkvæmd:	Metið kr.
einangrunargleri. Innréttingar eru úr litaðri eyk.	
Tengiálma borin uppi af stálsúlum og steyptum hlutum, útveggir	
gluggafrontar samskonar efni og í aðalhúsi, gólfefni sama, þak	
úr timbri pappalagt innsta byrði gert af áðurnefndum spónapl.	
innrétting samskonar og í aðalhúsi.	
Kjallari: Sami frágangur og á 1.hæð nema eftirfarandi atriði:	
Útveggir einangraðir með plasttein og núrhúðaðir, heraklittpl.í	
lofti miðhluta. Tengiálma í kjallara steypt og múrhúðuð þar er og	
inntök hita, vatns, rafmagns, og síma, sorpgeymsla ofl.	
Stærð hússins: = 8.500 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.	530.579.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótamat nr. 11988

Gata og númer: SUÐURHÓLAR 14

Mót framkvæmd: 01.09.80.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, múrh. og óhúðað að utan og með bárujárnsþaki. Húsið er 3 hæðir.	
Á 1. hæð eru 4anddyri, 8 íbúðarherbergi, 4 eldhús með 2 borðkr., 4 baðherb. með 2 kerlaugum, 2 steypum, 4 v.s. og 4 handlaugum. Innb. skápar eru. Veggir eru málaðir og gólfin ýmist dúklögð eða máluð. Einangrunargler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið. Þvottah. & geymslur fylgja 1 herb. íb. 1/12 í öðru sameiginl. f. íb.	
Á 2. hæð eru 4 forstofur, 10 íbúðarherbergi, 4 eldhús með 4 borðkrókum, 4 baðherb. með 4 kerlaugum, 4 v.s. og 4 handlaugum. Fernar svalir eru. Innbyggðir skápar eru. Veggir eru málaðir og gólfin dúklögð. Einangrunargler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið.	
Á 3. hæð eru 4 forstofur, 10 íbúðarherbergi, 4 borðkrókar, 4 baðherb. með 4 kerl., 4 v.s. og 4 handlaugum. Fernar svalir eru. Innbyggðir skápar eru. Veggir eru málaðir og gólfin dúklögð. Einangrunargler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið.	
<u>Stærð hússins:</u>	
L. 14,12 m., br. 11,30 m., h. 8,50 m., ris 1,80 m.	
" 3,40 " " 1,50 " " 8,70 "	
" 4,50 " " 2,35 " " 8,00 " Samtals 1.552 m^3	
Húsið með tilheyrandi er metið á	110.875.000,00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótamat nr. 11989

Gata og númer: SUÐURHÓLAR 16

Mót framkvæmd: 01.09.80.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, múrhúðað og óhúðað að utan og með bárujárnsþaki. Húsið er 3 hæðir.	
Á 1. hæð eru 4 anddyri, 8 íbúðarherbergi, 4 eldhús með 2 borðkr., 4 baðherb. með 2 kerlaugum, 2 steypum, 4 v.s. og 4 handlaugum. Innb. skápar eru. Veggir eru málaðir og einangrunargler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið. Gólfin eru ýmist dúklögð eða máluð. Þvottah. & geymslur fylgja 1 hæb. íb. 1/12 í öðru sameiginl. f. íb.	
Á 2. hæð eru 4 forstofur, 10 íbúðarherbergi, 4 eldhús með 4 borðkr., 4 baðherb. með 4 kerlaugum, 4 v.s.og 4 handlaugum. Fernar svalir eru. Innb. skápar eru. Veggir eru málaðir og gólfin dúklögð. Einangrunargler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið.	
Á 3. hæð eru 4 forstofur, 10 íbúðarherbergi, 4 borðkrókar, 4 baðherb. með 4 kerl., 4 v.s. og 4 handlaugum. Fernar svalir eru. Innb. skápar eru. Einangrunargler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið. Veggir eru málaðir og gólfin dúklögð.	
<u>Stærð hússins:</u>	
L. 14,12 m., br. 11,30 m., h. 8,50 m., ris 1,80 m.	
" 3,40 " " 1,50 " " 8,70 "	
" 4,50 " " 2,35 " " 8,00 " Samtals 1.552 m^3	
Húsið með tilheyrandi er metið á	110.875.000,-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótamat nr. 11990

Gata og númer: SUÐURHÓLAR 18

Mót framkvæmd: 01.09.80.	Metið kr.
Nýtt íbúðarhús, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, múrh. og óhúðað að utan og með bárujárnsþaki. Húsið er 3 hæðir.	
Á 1. hæð eru 4 anddyri, 8 íbúðarherbergi, 4 eldhús með 2 borðkrókum, 4 baðherb. með 2 kerl., 2 steypum, 4 v.s. og 4 handlaugum. Innb. skápar eru. Veggir eru málaðir og gólfin ýmist dúklögð eða máluð. Einangrunargler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið.	
Þvottah. og geymslur fylgja 1 herb. íb. 1/12 í öðru sameiginl. f. íb.	
Á 2. hæð eru 4 forstofur, 10 íbúðarherbergi, 4 eldhús með 4 borðkr., 4 baðherb. með 4 kerl., 4 v.s. og 4 handlaugum. Fernar svalir eru. Innb. skápar eru. Veggir eru málaðir og gólfin dúklögð. Einangrunargler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið.	
Á 3. hæð eru 4 forstofur, 10 íbúðarherbergi, 4 borðkrókar, 4 baðherb. með 4 kerl., 4 v.s. og 4 handlaugum. Fernar svalir eru. Innb. skápar eru. Veggir eru málaðir og gólfin dúklögð. Einangrunargler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið.	
<u>Stærð hússins:</u>	
L. 14,12 m., br. 11,30 m., h. 8,50 m., ris 1,80 m.	
" 3,40 " " 1,50 " " 8,70 "	
" 4,50 " " 2,35 " " 8,00 " Samtals 1.552 m^3	
Húsið með tilheyrandi er metið á	110.875.000,00

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótamat nr. 11513

Gata og númer: SUÐURHÓLAR 19

Mót framkvæmd: 28.12.78.	Metið kr.
Nýtt dagheimili, byggt úr steinsteypu, einangrað með gosull og plasti, múrhúðað, óhúðað og málað að utan og með aluminíumþaki. Húsið er 2 hæðir.	
Á 1. hæð er gólfdúkur, brenndar leirflísar á gólfum í anddyrum, þurrkherbergjum, þvotta-, snyrti- og baðherbergjum. Útveggir múrhúðaðir (ekki fínhúðaðir), málaðir. Timburskilrúm úr vatns- og eldþolnum spónaplötum. Hurðir og karmar lakkmálaðir.	
Á 2. hæð eru gluggar með tvöföldu gleri, fura og dökk solignum. Loft eru klædd Heráklit plötum og máluð.	
Innrétting. Hurðir með plastklæðningu sama efni og í innveggjum.	
Stærð hússins:	
L. 40,34 m., br. 11,60 m., h. 2,90 m.	
" 40,34 " " 7,19 m., " 3,30 " Samtals 2.294 m^3	
Húsið með tilheyrandi er metið á	119.288.000,-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabóta nr. 8339.

Gata og númer: SUÐURLANDSBRAUT 2.

Möt framkvæmd: (17/11/1962.) 30/6/1971.	Metið kr.
Nýtt bifreiðaverkstæði, verzlunar - og skrifstofuhús, austurhluti hússins eru 2 hæðir og kjallari, en vestur hlutinn er 1 hæð og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með korki, og með þaki úr timbri, pappa og alumínium. Upphitun er lofthitun með olíukyndingu.	
A: Austurhlutinn. 1. hæð: 1 vinnusalur fyrir bifreiðaverkstæði, 1 verzlun og inngangur. 3 snyrtiherbergi með tilheyrandi. Allt málað. Í stigahúsi er terrassó á gólfum. Einfalt gler er í gluggum.	
2 hæð: Stigahús, 3 skrifstofuherbergi, 1 teiknistofa, gangur, 1 kaffistofa, 3 snyrtiherbergi m/tilheyrandi. Allt málað og dúklagt. Harðviður í hurðum og tvöfalt gler er í gluggum. Ennfremur er á hæðinni 1 varahlutageymsla. Bráðabirgðaþak er yfir þessum hluta hússins.	
Í kjallara er varahlutageymsla.	
B: Vesturhlutinn. Þar er 1 hæð og kjallari, og er aðeins fokhelt.	
Stærð hússins:	
A: L. 57.15 m., br. 21.4 m., h. 6.5 m. = 7.949.5 m^3 ..... kr.	5.167.000.-
B: " 51.15 " " 21.4 " " 4.6 " kjh. 2.7 m. = 7.990.6 m^3. ..... "	3.197.000.-
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á ..... samtals kr.	8.364.000.-
Virt: 30/6/1971. 937 m^2 - 4.212 m^3	
Varahlutaverzlun, lager, ~~XXXXXXXXXX~~ og bifreiðaverkstæði, á 1. hæð./ 2. hæð: Bráðabyrgðarishæð u.þ.b. 2.400.m^3. Þar eru skrifstofur, vörulager, kaffistofa og snyrting.	
Stærð hússins:	
A: L. 937 m^2 6.612.00 m^3	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á ..... kr.	14.530.000.-

Ath. B liður, Hótel Esja fær nýtt brunabótanúmer 9682.

H 7 – 62 – 500

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótamat nr. 9682

Gata og númer: SUÐURLANDSBRAUT 2 Hótel Esja

Mót framkvæmd: 30/6/1971 (flutt af brnr. 8339)	Metið kr.
Hótel Esja er var B liður á nr 8339, er nú komin með nýtt brnr. 9682.	
Sjá meðfylgjandi lýsingu frágangi og stærðum.	
Stærð: 7.707 m^2 25.722 m^3.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á :::::::::::::::::::::::::::::::::::	kr. 180.000.-

Virt: 19/11 1975.

Frá síðasta mati hefur verið byggð veitingabúð við húsið.
Húsið er byggt úr steinsteypu.
1.hæð: Þar er veitingasalur, snyrtingar með tilheyrandi og eldhús með tilheyrandi. Skrifstofa, afgreiðsla og loftræstikerfi.
Tvöfalt gler er í gluggum. Gólf eru dúklögð að hluta.
Viðarþiljur, steint gler á 7½ m^2. Veggir í eldhúsi eru flísalagðir einnig á veggjum í snyrtingum.
Stærð hússins: 25.722 m^3
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... kr. 604.467.000.-

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

HOTEL ESJA

SUDURLANDSBRAUT 2
PHONE: 82200
CABLES: HOTELESJA
REYKJAVIK · ICELAND

Húsatryggingar Reykjavíkur,
Skúlatúni 2,
Reykjavík.

8. júní, 1971.

LÝSING Á HÚSNÆÐI HÓTEL ESJU H.F.

1. Í kjallara eru birgðargeymslur, kælir, frystiklefi, forvinnsla á mat og aðstaða fyrir birgðarvörð.

2. Á 1. hæð er gestamóttaka, skrifstofur hótelsins, matsalur starfsfólks og bankaútibú. Að öðru leyti er sú hæð óinnréttuð.

3. Á 2. hæð eru fundarsalir hótelsins, vínstúka og snyrtiaðstaða. Hluti 2. hæðar eða 700 fermetrar er leigður út til Hótel- og veitingaskóla Íslands og Tækniskóla Íslands og er því húsnæði skipt niður í mismunandi stóra sali. Einnig fylgir því húsnæði snyrtiaðstaða.

4. Á 3. 4. 5. 6. 7. og 8. hæð eru samtals 134 gistiherbergi með 264 rúmum. Öllum gistiherbergjunum fylgir bað og snyrtiaðstaða, útvarps og sjónvarpskerfi auk síma. Aðstaða fyrir starfsfólk og língeymsla er á hverri hæð.

5. Á 9. hæð er eldhús, vínstúka og veitingasalur fyrir u.þ.b. 80 manns ásamt snyrtiaðstöðu.

6. a) Í hótelinu eru 2 gestalyftur, starfsmannalyfta og 1 matarlyfta.
   b) Ullargólfteppi eru á öllum gistiherbergjum, göngum, aðalstiga, matsal og vínstúku, á 9. hæð ásamt fundarsölum og vínstúku á 2. hæð.
   c) Gólfdúkur er á öllu kennsluhúsnæði á 2. hæð.
   d) Gólf í gestamóttöku er klætt nælon teppaflísum.
   e) Allir veggir gistiherbergja eru klæddir veggfóðri, matsalur, vínstúkur, fundarherbergi og hluti af gestamóttöku eru viðarklædd. Veggir kennsluhúsnæðis eru málaðir.
   f) Öll baðherbergi eru klædd postulínsflísum.
   g) Kallkerfi er í gestamóttöku, hjá birgðarverði, í eldhúsi og eitt á hverri gistihæð.
   h) Tvöfalt einangrunargler er í öllum gluggum.

